6. JÚLÍ 2018 / 26. TBL. 108. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

DV

ÚTSALA

30-60%
AF ÖLLUM VÖRUM

35%
af öllum stólum

Hirzlan
25 ára

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN - MEÐ ÞÉR Í 25 ÁR



50-60%
af völdum vörum og sýnishornum



40-60%
af allri Prima vörulínunni

HIRZLAN ÚTSALA

ERGOMEDIC 100-2
með 360° Dondola
Verð nú frá
110.435 kr.

HEADPOINT
Verð nú frá
46.735 kr.

30-60% af öllum vörum

ERT ÞÚ MEÐ VERKEFNI?
Leitaðu tilboða því
við viljum allt fyrir þig
gera á afmælisárinu

Hirzlan 25 ára
SKRIFSTOFUHÚSGÖGN - MEÐ ÞÉR Í 25 ÁR

Síðumúla 37,
108 Reykjavík
Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is
www.hirzlan.is

Björn glímdi við lotugræðgi og lystarstol

■ Ældi í kókflöskur og faldi ■ Á leiðinni í gröfina og var alveg sama

ÚTSALA

30-60%
AF ÖLLUM VÖRUM

Hirzlan 25 ára

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN - MEÐ ÞÉR Í 25 ÁR

Síðumúla 37

6. JÚLÍ 2018 / 26. TBL. 108. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

DV

Takk Jónas!

Hetjan Nói Stefán glímir við hvítblæði

„Mamma, ég vil ekki deyja“

Pabbi hélt að hann héldi á Eiði Smára en þess í stað fékk hann feitan samkynhneigðan leikara

Steini í Lottu opnar sig

DANÍEL FREYR ELSKAR AÐ LÁTA KVEIKJA Í SÉR

Margar gerðir af FARANGURSBOXUM

Dráttarbeisli
undir flestar tegundir bíla

VÍKURVAGNAR ehf.

Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090

RECARO
Barnabílstólar í úrvali

SEAT FIX | AIR CIRCULATION SYSTEM | LIGHT WEIGHT | ECE NORM R 44/04
HERO | ISO FIX | ADVANCED SIDE PROTECTION | 3 POINT BELT

BÍLASMIÐURINN HF
Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Lítt þekkt ættartengsl:

Ráðherrann og forstjórinn

Ljósmæðradeilan er eitt þeirra mála sem hafa verið í brennidepli undanfarna mánuði og um síðustu helgi hættu á annan tug ljósmæðra störfum og fleiri uppsagnir taka gildi í október næstkomandi. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra og Páll Matthíasson forstjóri LSH eru meðal þeirra sem sætt hafa mikilli gagnrýni vegna málsins.

Það vita það kannski ekki allir að Bjarni og Páll eru þremenningar. Afi Bjarna, Sveinn Benediktsson, og amma Páls, Ólöf Benediktsdóttir, voru systkini. Frændurnir eru því báðir af Engeyjarættinni, einni valdamestu ætt landsins um árabil sem lýsir sér kannski ágætlega í því að frændurnir eru í áhrifamiklum valdastöðum. Ætti þeim frændum að vera hæg heimatökin að leysa ljósmæðradeiluna í næsta afmæli eða fermingarveislu.

Á þessum degi, 6. júlí

1189 - Var Ríkharður ljónshjarta krýndur konungur Englands.

1946 Tóku Íslendingar yfir Reykjavíkurflugvöll af Bretum við hátíðlega athöfn.

1954 Urðu flóð og skriðuföll á Norðurlandi eftir stórrigningar. Í Norðurárdal urðu jarðirnar Ytrai-Kot og Fremra-Kot illa úti.

1958 Sundkappinn Eyjólfur Jónsson synti frá Reykjavík til Akranes. Var Eyjólfur 13 tíma að synda þessa 22 kílómetra leið.

Fædd þennan dag:

1907 – Frida Kahlo, listakona

1946 – George W. Bush, 43. forseti Bandaríkjanna.

1946 – Sylvester Stallone, leikari.

1951 – Magnús Kjartansson, tónlistarmaður.

1955 – Sigurður Sigurjónsson, leikari.

Kambódískur munkur sá björgun drengjanna fyrir

„Vissi eiginlega ekki í hvorn fótinn maður átti að stíga þegar þetta gekk eftir“

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is

Undanfarnar tvær vikur hefur heimsbyggðin öll fylgst með örlögum drengjanna tólf sem festust í víðfemu hellakerfi í Taílandi ásamt þjálfara sínum. Hellirinn, Tham Luang Nang Non, er afar vinsæll ferðamannastaður í Chiang Rai-héraði Taílands en hann nær marga kílómetra niður í jörðu. Þangað héldu drengirnir, sem eru á aldrinum 11-16 ára, ásamt þjálfara sínum sem er 25 ára gamall, eftir fótboltaæfingu. Þeir lokuðust inn í hellinum og ekkert spurðist til þeirra fyrr en níu dögum síðar. Þá fundu breskir hermenn drengina veikburða en heila húfi. Þegar þessi orð eru skrifuð eru umfangsmiklar björgunaraðgerðir í gangi en enginn veit enn hvort drengirnir þurfi að dvelja í hellinum í marga mánuði eða geti jafnvel gengið eða kafað út. Hermenn og læknar veita hópnum félagsskap á meðan og búið er að birgja hellinn upp af vistum.

Urðu afar hissa þegar spádómurinn gekk eftir

Erlendur Þór Gunnarsson er þessa dagana staddur í frí í Tælandi ásamt eiginkonu sinni og börnum. Málið vekur eðlilega mikla athygli ytra og fjölskyldan fer ekki varhluta af því. „Við höfum fylgst vel með þessu máli enda ekki annað hægt á þessum slóðum. Þetta er allsstaðar í fjölmiðlum og það er ekki rætt um neitt annað í þjóðfélaginu,“ segir Erlendur.

Þá hafi áhugi fjölskyldunnar á málinu orðið enn meiri eftir að búddatrúaður leiðsögumaður tjáði þeim nákvæmlega hvenær drengirnir myndu finnast og hver væri ástæðan fyrir þessum þrekraunum þeirra. „Í ljósi þess sem síðar varð þá var þetta eiginlega alveg ótrúleg reynsla. Við vorum stödd í bátsferð og þessi leiðsögumaður fer að rabba við okkur. Hann fór ítarlega yfir það með mér hvernig höfuðmunkur einn, sem búsettur er í Kambódíu, hafi séð þetta allt fyrir í draumi,“ segir Erlendur Þór. Hann segist hafa haft gaman að frásögn mannsins en var þó fullur efasemda enda hafði á þessum tímapunkti ekkert spurst til drengjanna í heila viku.

„Hann virtist ekkert vera stressaður yfir þessu máli. Hann sagði að munkurinn hefði séð að drengirnir væru á lífi og að þeir myndu finnast næsta mánudag. Við fylgdumst að sjálfsögðu vel með fréttum þann daginn og misstum eiginlega andlitið þegar drengirnir fundust heilir á húfi,“ segir Erlendur Þór.

> Hann sagðist hafa séð að drengirnir hefðu vanhelgað hellinn og andana sem þar dvelja með því að taka upp helga muni og setja skó og annað lauslegt á helga staði. Andarnir hefðu brugðist við því með því að loka hellinum.

Andarnir áttu að hafa lokað hellinum

Hann fór því að rifja upp meira úr samtali sínu við leiðsögumanninn. „Að sögn munksins var hellirinn heilagur. Hann sagðist hafa séð að drengirnir hefðu vanhelgað hellinn og andana sem þar dvelja með því að taka upp helga muni og setja skó og annað lauslegt á helga staði. Andarnir hefðu brugðist við því með því að loka hellinum,“ segir Erlendur Þór.

Erlendur Þór Gunnarsson.

Með þessa vitneskju að vopni hófu búddamunkar þegar að friða andana í hellinum með bænum og tilbeiðslu. „Það hafi gengið eftir og því hafi borist þau skilaboð frá öndunum að meðlimir hópsins myndu finnast á lífi þennan mánudag. Það var afar skrýtin en áhugaverð reynsla að sjá og heyra fullorðinn mann tala svona um einhverja yfirnáttúrulega hluti eins og ekkert væri eðlilegra. Hann var alveg 100% viss um að þetta myndi ganga eftir. Við vorum auðvitað mjög efins en maður vissi eiginlega ekki í hvorn fótinn maður átti að stíga þegar þetta gekk eftir,“ segir Erlendur Þór.

Hann segir að það hafi verið afar áberandi, á þeim slóðum sem fjölskyldan ferðast um, hvað væri að gerast þennan mánudag. „Það var mikil gleði og léttir hjá öllum sem við hittum. Við rákumst á einn eldri mann sem var auðvitað afar glaður yfir því að drengirnir væru fundnir á lífi en hann var ekki síður snortinn af því finna fyrir hlýju heimsbyggðarinnar og hversu margir væru tilbúnir að rétta hjálparhönd. Hann nefndi sérstaklega Bretland og Svíþjóð í því samhengi,“ segir Erlendur.

Hann segist hafa sagt gamla manninum frá hugmynd forseta Íslands um að drengirnir, ef þeim yrði bjargað í tæka tíð, myndu leiða liðin í úrslitaleik HM inn á völlinn. „Það gladdi þann gamla afar mikið,“ segir Erlendur Þór. ■

5 sem gætu tekið við af Heimi Hallgríms

Heimir Hallgrímsson landsliðsþjálfari liggur nú undir feldi og veltir fyrir sér framtíð sinni. Heimir er rétti maðurinn til að halda utan um strákana okkar og komast í lokakeppni næstu tveggja stórmóta. Ísland spilaði vel í Rússlandi ef seinni hálfleikurinn gegn Nígeríu er undanskilinn. Heimir gerði ein mistök og þau voru að láta fyrirsætuna í liðinu spila á kostnað Emils Hallfreðssonar sem var okkar besti maður. Við viljum að Heimir skrifi undir strax í dag, en ef ekki, þá eru hér fimm þjálfarar sem gætu tekið við af tannlæknum í Eyjum.

Guðjón Þórðarson

Guðjón Þórðarson með Loga Ólafsson sem aðstoðarmann. Guðjón spilaði 5-4-1 og náði frábærum árangri og hélt svo í víking til Englands þar sem hann stýrði Stoke upp um deild. Skapið hefur stundum hlaupið með Guðjón í gönur og því er Logi tilvalinn aðstoðarmaður sem mun létta lund leikmanna með bestu fimmaurabröndurum í heimi.

Erik Hamrén

Erik Hamrén er á lausu og Svíar hafa reynst okkur vel. Hann þjálfaði sænska landsliðið á árunum 2009 til 2016. Vinningshlutfall hans var 54 prósent. Hann stýrði Svíum í 83 leikjum og sigraði liðið í 45 þeirra.

Slaven Bilic

Slaven Bilic er fyrrverandi þjálfari Króatíu. Króatar eru um margt líkir Íslendingum. Baráttuglaðir leikmenn sem eru harðir í horn að taka og elska að spila fyrir þjóð sína. Bilic stýrði Króatíu í sex ár og var vinningshlutfallið 65 prósent.

Sófaþjálfarinn

Já, þessi sem er tíu kílóum of þungur. Hann veit uppá hár hvernig við hefðum getað unnið Nígeríu. Hann hefur aldrei keppt á fótboltamóti og óskrar á dómarann að fara til fjandans á öllum Pollamótum. Hann er samt sá reyndasti þegar kemur að því hvernig við áttum að vinna HM.

Claudio Ranieri

Claudio Ranieri er atvinnulaus og hann kann að gera það ómögulega. Hann gerði Leicester að Englandsmeisturum og er uppgangi landsliðsins oft líkt við ævintýri Ranieri og félaga. Fá hann inn sem fyrst ef Heimir fer!

Brandenburg | sía
39.900 KR.
ÁRSKORT Í LÍKAMSRÆKT & SUND
ENGIN BINDING
STINGDU ÞÉR TIL SUNDS Í KÓPAVOGI
Kortin fást í afgreiðslum sundlauga Kópavogs.
Salalaug · Kópavogslaug · reebokfitness.is
Reebok
FITNESS

Hver er hann?

- Hann er fæddur 26. júní árið 1968.
- Hann ólst upp í Garðabænum og á tvo bræður.
- Frændi hans JóiPé er einn vinsælasti tónlistarmaður landsins.
- Hann er skírður að kaþólskum sið en yfirgaf kaþólsku kirkjuna í kjölfar frétta af glæpum ýmissa kaþólskra presta og stendur í dag utan trúfélaga.
- Hann æfði handbolta á sínum yngri árum.
- Hann hefur viðurkennt að hafa lamið bróður sinn, handboltakempuna Patrek.
- Hann er sagnfræðingur að mennt sem myndi vilja banna ananas á pizzur.

SVAR: GUÐNI TH. JÓHANNESSON

Það er staðreynd að ...

Til að skapa óhugnanlegan andardrátt Svarthöfða í Stjörnustríði önduðu hljóð-

Blóðhundar geta fundið lykt af fjögurra daga slóð.

Það tekur nögl sex mánuði að vaxa.

Umferðarljós voru fundin upp á undan bílnum.

Kind, önd og hani voru fyrstu farþegarnir til að ferðast með loftbelg.

Hjartaáföll ríða oftast yfir á mánudögum á tímabilinu frá fjögur að morgni til klukkan tíu.

Arne ásamt fjölskyldu sinni í heimsókn á Íslandi.

HVAR ER ARNE AARHUS Í DAG?

Stjórnaði einu stærsta laxeldi Noregs ■ Stofnaði viðskiptaveldi

Óðinn Svan Óðinsson
odinn@dv.is

Norsk-íslenski ofurhuginn Arne Aarhus er eflaust mörgum ferskur í minni þótt nú séu tæplega tveir áratugir síðan þátturinn Adrenalín hóf göngu sína á Skjá Einum í umsjón Steingríms Dúa Mássonar. Þar mátti sjá Arne takast á við hin ýmsu jaðarsport en svokallað „base-jump“, þar sem kappinn stökk fram af húsþökum með fallhlíf á bakinu, var hans aðalsmerki. Eftir að Arne hvarf af skjánum hefur líf hans heldur betur tekið aðra stefnu en hann stýrði meðal annars einu stærsta laxútflutningsfyrirtæki heims. DV ræddi við Arne um lífið eftir sjónvarpið.

Árið 2002 kom út myndin Arne í Ameríku sem Steingrímur Dúi framleiddi ásamt Arndísi Bergsdóttur. Í miðlum þeim tíma kom fram að samningar hefðu náðst um dreifingu myndarinnar í Evrópu og að hún myndi heita „Base Stick“ á erlendri grundu. Fimm árum síðar voru svo sýndir þættir á Skjá Einum sem báru nafnið Póstkort frá Arne Aarhus. Það var fimm þátta sería þar sem hann heimsótti lönd á borð við Nýja-Sjáland, Malasíu, Kuala Lumpur og Taíland og endaði svo í Björgvin, heimabæ sínum.

Eins og áður segir tók líf Arne aðra stefnu eftir að hann hvarf af skjám landsmanna. Árið 2010 tók hann þátt í að stofna norska laxútflutningsfyrirtækið Ocean Quality. Fyrirtækið er í dag eitt af fimm stærstu fyrirtækjum sinnar tegundar í heiminum. Fyrirtækið sem selur lax til yfir 70 landa í hverri viku velti rúmlega níutíu milljörðum árið 2016.

> Ef þú eyðir nánast öllum þínum tíma í að safna peningum sem þú þarft ekki og fórnar þar með tíma með vinum og fjölskyldu ættirðu að hugsa þig tvisvar um.

Áttaði sig á mikilvægi þess að njóta lífsins

Á síðasta ári áttaði Arne sig á því að hann væri ekki að nýta lífið til fulls. Hann hætti hjá fyrirtækinu eftir sjö farsæl ár og ákvað breyta lífi sínu. „Ef þú eyðir nánast öllum þínum tíma í að safna peningum sem þú þarft ekki og fórnar þar með tíma með vinum og fjölskyldu ættirðu að hugsa þig tvisvar um. Ég veit að lífið getur stoppað á einu augnabliki og því mikilvægt að spyrja sig hvernig maður ver tímanum,“ segir Arne sem er giftur þriggja barna faðir.

Hann segir lykilinn að því að njóta lífsins til fulls felast í því að reyna að hafa jákvæð áhrif á fólkið í kringum sig og vera til staðar. „Jákvæð áhrif á aðra er það eina sem þú skilur eftir þig þegar þú fellur frá,“ segir Arne.

Eftir að hann hætti hjá Ocean Quality stofnaði hann sín eigin fyrirtæki. „Í dag á ég apótek, fasteignafélag, ráðgjafafyrirtæki og fyrirtæki sem flytur út fisk. Þetta hljómar örugglega eins og það sé brjálað að gera hjá mér en raunin er sú að núna vinn ég mun minna og ég get betur ráðið mínum vinnutíma.“

Alvarlegt slys í brúðkaupsferðinni

Þó að Arne hafi haft í nægu að snúast undanfarin ár er hann alls ekki hættur að stunda jaðarsport. Hann fer reglulega í svifflug, klifur og köfun. Þá hefur hann verið duglegur að stunda skíði. Kona Arne, Ingelill, hefur svipuð áhugamál og hann en í brúðkaupsferð þeirra hjóna árið 2008 lenti hún í alvarlegu slysi.

„Í brúðkaupsferðinni okkar árið 2008 ákváðum við að klifra upp á 600 metra háan klett. Ég ætlaði að fjúga niður með svifvæng en konan mín ákvað að klifra niður ásamt tveimur öðrum. Á miðri leið losnaði stór steinn sem lenti á henni. Hún braut 14 bein, missti tvo lítra af blóði og þurfti að gangast undir 6 klukkustunda langa aðgerð. Við áttum tvö börn á þessum tíma og hún var á milli heims og helju í nokkrar klukkustundir. Þarna sá ég hvað ég elskaði hana mikið,“ sagði Arne en til allrar hamingju náði hún sér eftir langa dvöl á spítala.

Langar að snúa aftur í sjónvarpið

Þó það séu tæplega tveir áratugir síðan Arne hætti í sjónvarpi langar hann mikið að snúa aftur. „Síðustu ár hef ég verið að skoða sögu Noregs og þeirra sem fóru til Íslands á landnámstímanum. Ég hef verið að reyna að sannfæra Rúv um að gera sjónvarpsþætti um þá sem voru neyddir frá Noregi til Íslands og settust þar að,“ segir Arne sem segir margar áhugaverðar sögur liggja ósagðar frá þessum tíma. ■

ÚTSALAN ER Í FULLUM GANGI

RÚMFÖT
ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR

LÖK
ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR

KÓSÝFATNAÐUR
ALLT AÐ
80%
AFSLÁTTUR

DÚKAR OG PÚÐAR
ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR

BLÓÐBERGSILMIR
25%
AFSLÁTTUR

GJAFAVARA
25%
AFSLÁTTUR

SVUNTUR
ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR

RÚMFÖT
FRÁ 4.796

BARNA RÚMFÖT
FRÁ 2.995

LÖK
270 ÞRÁÐA
FRÁ 2.544

Lin DESIGN

SMÁRATORGI | KRINGLAN | GLERÁRTORGI | LINDESIGN.IS

GRUNAÐUR UM ÁRÁS Á UNGMENNI Á BLÖNDUÓSI

■ Segir piltinn hafa brotið á dóttur hans ■ Ekki sendur í leyfi ■ „Ég lamdi ekki neinn“

Kristjón Kormákur Guðjónsson
kristjon@dv.is

Karlmaður á fimmtugsaldri hefur verið kærður til lögreglu fyrir að ráðast á ungmenni á Blönduósi. Samkvæmt heimildum DV er maðurinn grunaður um að hafa í tvígang sama dag ráðist á piltinn. Báðir vinna þeir fyrir Blönduósbæ. Hinn eldri er starfsmaður áhaldaleigu Blönduósbæjar en pilturinn sér um, ásamt öðrum vöskum ungmennum, að halda bænum hreinum. Meint árás var tilkynnt til lögreglu á þriðjudag.

Samkvæmt heimildum DV átti pilturinn erindi í áhaldaleigu bæjarins. Kveðst hann þar hafa orðið fyrir árás og að maðurinn hafi sparkað í hann. Þá segir heimildarmaður DV að síðar um daginn hafi maðurinn setið fyrir piltinum eftir vinnu og ráðist aftur á hann. Kærði pilturinn þá árás. Vegna vinnu sinnar er óhjákvæmilegt fyrir piltinn að fara í áhaldahúsið þegar hann vantar verkfæri.

Valgarður Hilmarsson sveitarstjóri segir málið til skoðunar.

Ágúst Þór Bragason er yfirmaður mannsins sem grunaður er um árás á ungmenni.

Voru par

Rekja má báðar þessar meintu árásir til þess að maðurinn telur piltinn hafa brotið á dóttur hans. Pilturinn og dóttir mannsins voru par fyrir rúmu ári og telur hún að fyrrverandi kærastinn hafa brotið á sér. Því neitar pilturinn. Þá hefur pilturinn ekki verið kærður fyrir neitt misjafnt. Samkvæmt heimildum DV hafa foreldrar hans rætt við manninn og tjáð honum að hann geti ekki farið þessa leið. Rétta leiðin sé að leggja fram kæru, telji hann að sonur þeirra hafi brotið af sér. Hann geti ekki beitt piltinn ofbeldi eða setið fyrir honum. Sagði einn heimildarmanna DV að maðurinn hefði verið að bíða eftir að hann næði 18 ára aldri svo ekki væri mögulegt að tilkynna hann til lögreglu fyrir að berja barn.

Pilturinn kærði manninn eins og áður segir á þriðjudag. Samkvæmt vottorði mátti sjá áverka á hálsi, bringu og baki. Pilturinn mun samkvæmt heimildum DV vera hræddur við manninn og óttast að fara um bæinn. Hann hélt sig heima fyrst eftir meinta árás en mætti til vinnu í gær. Pilturinn vildi ekki tjá sig þegar eftir því var leitað en staðfesti að hann hefði lagt fram kæru.

Hinn grunaði í málinu hafði þetta að segja þegar hann var spurður hvort hann vildi koma sinni hlið á framfæri: „Ætlið þið að fara að gera frétt um þetta?“ Þegar honum var tjáð að það væri fréttnæmt að maður á fimmtugsaldri væri grunaður um að hafa í tvígang gengið í skrokk á unglingi svaraði hann: „Ég lamdi ekki neinn“ og neitaði að tjá sig frekar um málið.

Áminntur en ekki í leyfi

Samkvæmt heimildum DV var maðurinn áminntur en ekki sendur í leyfi. DV ræddi við yfirmann hins grunaða en sá heitir Ágúst Þór Bragason, kallaður Gústi græni. Í samtali við DV sagði Gústi græni: „Við erum að sinna málinu þannig að við séum að uppfylla allar kröfur og skyldur sem er hjá vinnuveitanda í svona máli. Þetta er í eðlilegri málsmeðferð að því leytinu til.“

Bætti Gústi græni við að nauðsynlegt væri að hlusta á sjónarmið beggja og skoða hvað sneri að þeim sem atvinnurekanda

„Það þarf að hlusta og ræða og fá fram sjónarmið beggja aðila áður en við tökum einhverjar ákvarðanir í svona máli. Það er það sem ég kalla eðlilega málsmeðferð.“

Aðspurður hvort hinn grunaði hefði verið sendur í leyfi eða væri enn við störf, svaraði Gústi græni því til að maðurinn hefði ekki verið sendur í leyfi á meðan málið er til skoðunar.

> Ofbeldi er aldrei ásættanlegt á neinn hátt...

En finnst þér það ekki alvarlegt ef starfsmaður hjá þér hefur barið annan starfsmann, 18 ára gamlan?

„Ofbeldi er aldrei ásættanlegt á neinn hátt, ekki undir neinum kringumstæðum. Það er hin almenna regla. Eins og ég segi, ég get ekki tjáð mig um þetta atvik eða annað fyrr en ég hef skoðað málið og skoðað það sem að okkur snýr.“

Reyna að átta sig á deilunni

Þá ræddi blaðamaður einnig við Valgarð Hilmarsson sveitarstjóra. „Mér skilst að það hafi verið kært til lögreglunnar. Við erum að reyna að átta okkur á málinu, það er ekki komið lengra en það,“ sagði Valgarður.

Er þér kunnugt um af hverju hann réðist á hann, þessi maður?

„Ég hef ekki yfirsýn yfir það. Þetta eru einhverjar persónulegar deilur bara,“ bætti Valgarður við. Aðspurður hvort maðurinn yrði sendur í leyfi á meðan rannsókn stendur yfir svaraði hann að sú ákvörðun hefði ekki enn verið tekin. ■

WYCHWOOD RS

Sigurvegari Flugubúllunar 2017, og besta flugustöng sem Wychwood hefur framleitt frá upphafi.
RS stangirnar eru afburða medium-fast action flugustangir sem eru engum líkar.

Wychwood RS var valin önnur besta flugustöngin í Evrópu á EFTTEX vörusýningunni þar sem hún keppti á móti SAGE X.
Var lofsömuð af Trout & Salmon sem ráðlögðu hana fyrir árið 2017, og hreppti titilinn Tackle Testers Choice í Trout Fisherman.

THE VOICE OF GAME-FISHING TROUT & SALMON RECOMMENDS 2017 ESTABLISHED 1955

BEST NEW EFTTEX 2016 Awards season 2016-17 RUNNER UP FLY ROD

Tackle Tester's Choice trout FISHERMAN

KR 32.280,-

PAKKATILBOÐ KR 49.990,-

- Fluguhjól að vali
- Flugulína að vali
- Undirlína
- Taumaefni að vali
- Derhúfa / andlitsklútur

FLUGUBARINN

er stútfullur af ljúffengum flugum fyrir alla veiði
VERÐ FRÁ 200 KR STK!

ÚRVAL AF VÖÐLUPÖKKUM

Guideline & Wychwood
VERÐ FRÁ 24.950,-

COASTAL FYRIR VEIÐIVÖTN

& Wychwood línurnar vinsælu
VERÐ FRÁ 7.800,-

KORKERS VÖÐLUSKÓR

Fyrir þá sem vilja bara það besta!
VERÐ FRÁ 27.290,-

ALFA + & INFINITY FLUGUHJÓLIN

Hágæða Finnsk hönnun & framleiðsla
VERÐ FRÁ 28.950,-

VÖNDUÐU FLUGUVEIÐIVÖRURNAR - MÖGULEGA BESTA VERÐIÐ Í BÆNUM

GUIDELINE It's all about the experience · FULLINGMILL RAISING THE GAME · Wychwood · Korkers · UMPQUA · ALFA

HLÍÐASMÁRI 13
201 KÓPAVOGUR
SÍMAR: 833 6440 / 833 6441
Opið virka daga frá 16:00 til 20:00
Laugardaga opið frá 11:00 til 16:00

info@flugubullan.is
http://www.flugubullan.is
facebook.com/flugubullan/

FLUGU Búllan

„Á leiðinni í gröfina og var alveg sama“

Björn Hlynur glímdi við lotugræðgi og lystarstol ■ Greindist með ofvirkni, þunglyndi og kvíða

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is

Björn Hlynur Pétursson er fyrsti karlmaðurinn á Íslandi sem var lagður inn á göngudeild Landspítalans fyrir átröskunarsjúklinga. Frá unga aldri átti hann í erfiðleikum með sjálfsmynd sína og tók það sinn toll á andlegri og líkamlegri heilsu hans í áraraðir. Hann skammaðist sín fyrir að vera í yfirþyngd og glímdi við lotugræðgi og lystarstol.

Blaðamaður settist niður með Birni þar sem hann fór yfir reynslusögu sína, sem að hans sögn er hlaðin sorg en í senn ákveðinni gleði. Segir hann að það sé algengur misskilningur að halda því fram að sjúkdómar af þessu tagi snúist um að þola ekki mat. Í hans tilfelli var það þveröfugt.

„Ég elska mat, en ég kunni mér ekki hóf vegna lotugræðginnar,“ segir Björn og fullyrðir að oft hafi komið fyrir á þessum tíma að hann hafi keypt sér sextán tommu pitsu og tvo lítra af ís, sem var hvort tveggja borðað á skömmum tíma. Þá segir hann að búlimían hafi komið inn í myndina og var matarreikningurinn farinn að slaga upp í verulega háa tölu. Svo ældi ég þessu öllu strax eftir að ég borðaði.

Kennarinn hlustaði ekki

„Mín hlið á þessu átröskunardæmi er að þetta er mynstur sem allir með svona geðröskun upplifa,“ segir Björn og að þetta skiptist í nokkra flokka. „Þetta er lotugræðgi, þetta er anorexía og þetta er búlimía og oftar en ekki helst þetta allt í hendur. Þú tekur kannski eitt ár í einu, eitt ár í öðru, nokkra mánuði í þessu en mynstrið er alltaf eins.“

> Ég leysti það með því að ég æla ofan í stútinn á kókflöskum. Svo faldi ég flöskuna á bakvið rúmið eða einhvers staðar.

Um tólf ára aldurinn var Björn greindur með ofvirkni, þunglyndi og kvíða. Þá var hann í kringum 110 kíló að þyngd. Líf hans átti eftir að versna til muna og hófst það allt með lyfjunum sem læknar skrifuðu á hann.

„Þessi lyf breyttu mér og ég fann fyrir miklum aukaverkunum,“ segir hann. „Ég var í skólanum einn daginn og sagði við kennarann að mér væri flökurt og ég þyrfti að æla. Kennarinn hlustaði ekki á það þannig að ég ældi á gólfið og borðið fyrir framan alla í bekknum.“



Björn Hlynur á yngri árum.

Í framhaldi af þessu var Björn alltaf spurður hvort ekki væri allt í lagi ef hann setti upp einhver svipbrigði. Honum fannst það óþægilegt og það leiddi til þess að hann vildi ekki fara í skólann. Hann fór á slæman stað á þessum tíma en hann tekur fram að síðar hafi hann sæst við kennarann.

Sífellt „dröggaður“ og nálægt gröfinni

„Með tímanum fór mér að finnast ég laða að mér geðraskanir. Ég var með bullandi ADHD og kvíðaröskun og fer í úrræðismeðferð tengda þessu þegar ég var í kringum tvítugt,“ segir hann. „Ég fór að vilja flottan og heilbrigðan líkama og vildi gera eitthvað í málunum. Ég setti mér fyrst það markmið að vera 90 kíló og svo 80 kíló, en ég var aldrei sáttur,“ segir hann. „Ég byggði upp vöðvamassa og náði góðum árangri, svo fór ég í öfgana, fór að kötta út fæðutegundir og mæta í ræktina í allt að fimm klukkutíma í senn, sem er auðvitað ekki eðlilegt. Ég bara stoppaði ekki.“

Samkvæmt Birni stýrðist ýmislegt í lífi hans af ótta, þá sérstaklega ótta við höfnun. Hann reyndi að hylja ástand sitt fyrir öðrum, sérstaklega fyrir foreldrum sínum. Hann skammaðist sín mikið fyrir allt sem hann lét ofan í sig og hélt að hann myndi þyngjast við það eitt að drekka vatn.

Borðaði ekki mat í heila viku

Jafnframt tekur hann fram að komið hafi fyrir að heil vika hafi liðið án þess að hann borðaði nokkurn mat. „Foreldrar mínir voru farnir að fylgjast vel með mér þegar ég fór á klósettið, á því tímabili þegar geðröskunin var sem verst. Ég leysti það með því að æla ofan í stútinn á kókflöskum. Svo faldi ég flöskuna á bakvið rúmið eða einhvers staðar. Þetta var ekki einsdæmi bara hjá mér. Þetta er líkt og fíkill sem setur birgðir af draslinu sínu til hliðar og finnur það síðar,“ segir hann.

„Ég var alltaf tilbúinn til þess að segja við sjálfan mig: „Ég býst við því versta en ég vona það besta.“ Ég átti rosalega erfitt með að treysta fólki. Það var bara eins og óttinn stjórnaði öllu hjá mér. Það fór mjög illa í mig að sjá hvernig fjölskyldu minni leið, ég var uppfullur af ranghugmyndum, laug að fólki og meira að segja trúði ég sjálfur lyginni í mér. Þráhyggjan var mikil, ég kannski var að reyna setja á mig belti í allt upp í korter, taldi skrefin niður stigann og bakkaði alltaf um eitt þegar ég steig tvö niður. Þráhyggja er afleiðing kvíða. Líf var í algeru rugli og mér fannst ég stundum vera fyrir utan líkama minn. Ég var sífellt „dröggaður“ á lyfjum sem læknarnir gáfu mér. Ég man eftir Rítalín, Konserta, Lyrica, róandi og nokkrum fleirum. Svo var lífsviljinn orðinn svo lítill að ég var farinn að taka þetta allt. Ég var á leiðinni í gröfina og var alveg sama,“ segir hann.

„Þegiðu og taktu þetta svo við getum umgengist þig“

Að sögn Björns er hann á móti lyfjameðferðum í dag. „Ég var á rosalega mörgum lyfjum og læknarnir sögðu við mig að ég gæti ekki hætt á lyfjunum því að þá yrði ég ekki í eðlilegu fari. Ég var búinn að vera á lyfjum síðan ég var tólf ára og ég hætti þeim öllum þegar ég varð tvítugur. Öllum. Ég var kannski að taka í kringum níu sortir af lyfjum. Puttarnir mínir voru nánast orðnir gulir af lyfjanotkun,“ segir hann.

„Það eru margar ástæður fyrir því að ég vil síður taka lyf við mínum geðröskunum. Þau hafa farið illa í mig, ég hef fengið slæmar aukaverkanir og oftast hefur mér fundist þau ekki virka á mig. Í dag er ég í meðferð hjá geðlækni sem gefur mér þunglyndislyf. Þau virka ekki á mig en ég er samt að taka þau, aðallega vegna þrýstings frá aðstandendum. Ég held að ég þurfi að komast í meðferð hjá góðum sálfræðingi en það er ekki séns að maður geti það á meðan tíminn er á um 15 þúsund kall.“

Um leið og Björn ákvað að hætta á öllum lyfjunum fann hann fyrir litlum rafkippum í hausnum á sér, sem hann lýsir sem fráhvörfum. Eftir erfitt tímabil voru hlutirnir farnir að breytast til hins betra. Honum leið betur og fann að hann var jarðbundnari. Hann fékk leið á óttanum og setti sér það markmið að hugsa um sig sjálfan. „Það er ótrúlega þreytandi að vera kvíðinn, hnúturinn er svo stór inni í manni og bara mikill sársauki. En ég hef náð að halda átröskuninni í skefjum. Ég er í kjörþyngd í dag, en ég hef aldrei náð að mastera mataræði mitt. Það er hægt að lifa með þessu þetta, en þetta verður alltaf partur af þér og það er stutt á milli þess að borða „rétt” eða fara út í eitthvað rugl.“

Svaf bara klukkustund á sólarhring allar helgar

Björn fór reglulega til lækna en fannst þeir aldrei gera neitt gagn. „Mér leið eins og ég væri eitthvað vandamál sem væri ekki hægt að leysa. Ég var ekki tilbúinn til að láta lækna segja mér hvað ég átti að gera. Ég var ekkert tilbúinn til að sleppa lífi mínu en í rauninni lifði ég bara í blekkingu því ég var ekki að lifa lífinu. Ég var fangi sjúkdóms, sem gerði það að verkum að ég átti ekkert eðlilegt líf. Ég vildi ekkert stíga út úr því, því mér leið illa með sjálfan mig. Ég var alltaf

MYND HANNA

Ég fór að útiloka fæðutegundir og fór síðan í ræktina í fimm klukkutíma í senn. Ég bara stoppaði ekki.

að klípa í undirhökuna mína, ég var alltaf að finna gallana, en gallinn var bara inni í heilanum á mér. Ég trúði því á þeim tíma að stelpur vildu bara granna stráka, það er bara ekki þannig. Alvöru strákar vilja ekkert bara grannar stelpur þótt ég þekki nokkra þannig. Þetta virkar ekki svoleiðis."

Í gegnum árin þróaði Björn með sér mikla félagsfælni sem leiddi til þess að hann reyndi sem mest að halda sér uppteknum í starfi. Á einum tímapunkti vann hann í þremur störfum og svaf oft bara í klukkutíma í senn allar helgar, í heilt ár. Hann segir að það hafi gengið prýðilega með aðstoð róandi lyfja.

Góðir læknar oft leiðinlegir

Dag einn hitti Björn svo lækni sem gaf honum tvo valkosti. „Hann sagði við mig: „Ef ég er bara að eyða tímanum við að reyna að hjálpa þér og þú kannt ekki að meta það, þá máttu drulla þér út." Um leið og hann sagði þetta við mig hugsaði ég: „Ókei, þú ert kúl!" Þetta er það sem ég fíla. Ég vil hafa lækna sem geta svarað þér og ef þeir þurfa að vera leiðinlegir við þig, þá veistu að þeir gera það því þeir eru góðir í vinnunni sinni. Það vantar meira af því hérna á Íslandi," segir hann.

„Ég öðlaðist mikla þekkingu og reynslu í gegnum allt þetta tímabil. Ég sá að þetta er sama vandamálið, en það er mismunandi hvernig einstaklingar takast á við það. Þar af leiðandi þarf að komast að rótinni; hvernig einstaklingur ert þú? Hvað er það sem þú ert að gera í daglegu lífi? Hverjar eru þínar skoðanir? Ég átti tvo möguleika; annað hvort myndi ég taka á þessu eða enda sex fetum undir einhverri torfu. Það vildi ég ekki. Ég vildi ekki fara út í einhverja glæpi eða neitt slíkt, þannig að ég ákvað bara að taka á þessu."

Lykilatriði að hlusta á móti

„Fyrir mér er átröskun bara hluti af mínum geðröskunum. Ég var mjög slæmur vegna þessara veikinda í mörg ár en svo lagaðist það sem betur fer. Þegar maður borðar ekki eða kastar upp í sífellu fer líkaminn að þorna upp. Það finnst af manni ákveðin lykt sem líkaminn gefur frá sér og þá er maður ekki á góðum stað. Það þarf að tala um vandamálin og segja frá líðan sinni. Það er bataferli. Lykilatriðið er að hlusta þá líka á ráðleggingar þeirra sem maður treystir.

Björn telur sig vera á betri stað í lífinu í dag og segist hafa fundið góðan lífsförunaut. „Þegar ég kynntist konunni minni, þá breyttist lífið alveg," segir hann. „Ég fann minn besta vin og maka. Ég á auðveldara með að treysta fólki. Konan mín styður mig í öllu og einu og með henni ætla ég að ná fullum bata. Það er enn langt í land en ég ætla mér að ná bata."

Björn segist finna mikið til með fólki sem glímir við átröskun og öllum vandamálunum sem þeim sjúkdómi fylgja og talar þar sérstaklega um stráka. „Það lifir enginn annar lífinu fyrir mann," segir hann. „Með hverjum degi læri ég eitthvað nýtt og reyni að nýta mér það, mér er farið að þykja vænna um sjálfan mig og ég pæli sífellt minna í hvað öðrum finnst um mig." ■

Faðir frjálsrar blaðamennsku:

Ferill Jónasar Kristjánssonar

■ Jónas var ritstjóri í meira en þrjár áratugi, lengst af hjá DV ■ Lést 29. júní sl. 78 ára að aldri

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is

Þann 29. júní lést Jónas Kristjánsson á hjartadeild Landspítalans, 78 ára að aldri. Hann var ritstjóri í meira en þrjá áratugi, lengst af hjá DV en þar áður hjá bæði Vísi og Dagblaðinu. Jónas átti draum um frjálsa og óháða fjölmiðla og tókst að breyta landslaginu á markaðinum í þá átt. Vitaskuld voru skin og skúrir á svo löngum ferli en í lokin stóð hann uppi sem sigurvegari og einn áhrifamesti blaðamaður Íslands.

Gat ekki logið fyrir flokkinn

Jónas var fæddur árið 1940 í Reykjavík, sonur hjónanna Önnu Pétursdóttur bókara og Kristjáns Jónassonar læknis. Hann flutti ungur til Bandaríkjanna þar sem faðir hans var í námi en árið 1947 lést Kristján sviplega af slysförum. Jónas gekk í Gagnfræðaskóla Austurbæjar og Menntaskólann í Reykjavík og sást þá að þar var á ferð ungur maður með munninn fyrir neðan nefið. Hann hafði skoðanir á málefnum og varði þær með kjafti og klóm í málfundum.

Árið 1957 var hann orðinn ritstjóri skólablaðsins og hallaðist að Framsóknarflokknum. Eftir slæma reynslu í stjórnmálaskóla Félags ungra framsóknarmanna sá Jónas að hann væri ekki efni í þingmann. Námskeiðið snerist allt um að ljúga fyrir flokkinn og það gat hann ekki gert.

Jónas hélt út til Vestur-Berlínar í félagsfræðinám og þaðan datt honum í hug að senda umfjöllun um kvikmyndahátíð á Framsóknarblaðið Tímann. Blaðamannaferill Jónasar hófst síðan hjá Tímanum árið 1961 en þá var hann aðeins rúmlega tvítugur. Þar starfaði hann með verðandi eiginkonu sinni, Kristínu Halldórsdóttur, síðar þingmanni Kvennalistans.

Uppgangurinn var hraður eftir þetta, fljótlega var hann orðinn fréttastjóri Tímans og árið 1964 fréttastjóri hjá Vísi, síðdegisblaði Sjálfstæðismanna. Árið 1966, þegar hann var aðeins hálfþrítugur var hann orðinn ritstjóri Vísis.

Eldfimir leiðarar

Árið 1968 var staða framkvæmdastjóra Vísis laus og Jónas kom því í kring að gamall félagi hans, Sveinn R. Eyjólfsson, fengi stöðuna. Þeir höfðu þekkst síðan árið 1959 þegar þeir unnu saman í Soginu við Þingvallavatn þegar stíflan þar brast. Samstarf þeirra átti eftir að vara um áratuga skeið.

Á þessum tíma var rannsóknarblaðamennska engin í landinu og eins og Jónas sagði sjálfur „tíðkaðist það ekki að grafa upp viðkvæmar upplýsingar um viðkvæm mál í efnahagslífi eða stjórnmálum“. Jónas var ekki sáttur við náin tengsl blaðanna við stjórnmálaflokkana og leið illa í því kerfi. Hann horfði til útlanda þar sem fyrir löngu var búið að slíta þessi tengsl. Sem ritstjóri Vísis hóf hann það starf að slíta tengslunum við Sjálfstæðisflokkinn, hætti að sitja þingflokks-

Ellert B. Schram, Jónas og Elías Snæland.

Geirfinnsmálið

Hvarf eftir dularfullt stefnumót
— engin skýring til á hvarfi mannsins í Keflavík

Eitt stærsta fréttamál síðustu aldar var Guðmundar- og Geirfinnsmálið, sem flestir þekkja. Málið hófst með hvarfi Geirfinns Einarssonar, 32 ára, þriðjudaginn 19. nóvember árið 1974 í Keflavík. Laugardaginn 23. nóvember greindu Vísir og Tíminn frá þessu dularfulla hvarfi.

Í grein Vísis stóð að Geirfinnur hefði haldið af heimili sínu eftir símtal frá ókunnum manni klukkan 22:30 og á miðvikudagsmorguninn hefði bifreið Geirfinns fundist. Lögreglan í Keflavík leitaði mannsins og björgunarsveitir myndu hefja leit daginn eftir.

Mannshvörfin voru síðar talin vera manndráp og voru nokkur ungmenni sakfelld fyrir þau. Rannsókn málsins og þær játningar sem fengnar voru hafa hins vegar allar götur síðan verið gagnrýndar og málið endurupptekið í tvígang.

fundi og tók Heimdallarsíðuna úr blaðinu. Jónas þoldi illa þessa þingflokksfundi hjá Bjarna Benediktssyni og lýsir því í starfssögu sinni:

„Mér kom Bjarni fyrir sem harðstjóri. Þingmenn hoppuðu í kringum hann eins og hræddir þrælar kringum húsbónda. Hann stjórnaði með harðri hendi, lét vita, ef þeir brugðust væntingum. Suma lagði hann í einelti.“

Sjálfur skrifaði Jónas greinar í Vísi sem féllu ekki öllum Sjálfstæðismönnum í geð, sér í lagi í tengslum við erlendar fréttir. Jónas gagnrýndi stríðið í Víetnam og herforingjastjórnirnar í Chile og Grikklandi. Stjórnarmenn í Vísi fóru að verða æ ósáttari við leiðara Jónasar, sérstaklega eftir að hann fór að merkja þá sérstaklega en fram að því tíðkaðist það ekki.

Það hitnaði sífellt undir Jónasi, jafnvel þó að hann og Sveinn hefðu náð að snúa bágum fjárhagi blaðsins við og væru í stöðugri sókn. Farið var að ræða um stofnun nýs blaðs fyrir stjórnarfundinn 22. júlí 1975 þar sem ákvörðunin um að reka Jónas var tekin.

Fjölmiðill þjóðarinnar

Eftir fundinn klofnaði Vísir í tvennt. Sveinn og Björn Þórhallsson úr gömlu stjórninni fóru með Jónasi, sem og fjöldi blaðamanna og annarra starfsmanna af Vísi. Skrifstofa var sett upp á heimili Jónasar á Seltjarnarnesi og sex vikum síðar, þann 8. september 1975 kom fyrsta tölublað Dagblaðsins út sem markaði stór þáttaskil í íslenskri fjölmiðlasögu. En eftir sat Vísir í vandræðum með nýjan ritstjóra, Þorstein Pálsson, sem þurfti að biðla til Sjálfstæðisflokksins um að fá lánaða blaðamenn af Morgunblaðinu til að halda sjó. Styrmir Gunnarsson ritstjóri Morgunblaðsins sendi þá Geir H. Haarde til að vinna fyrir hádegi á Vísi.

Stofnun Dagblaðsins hristi upp í þjóðfélaginu og Sjálfstæðisflokknum. Geir Hallgrímsson, formaður og forsætisráðherra, boðaði Svein Eyjólfsson á sinn fund og skipaði honum að hætta við en Sveinn lét ekki segjast.

Dagblaðið fór af stað með hvelli og slegist var um fyrstu eintökin. En þrátt fyrir það var fjárhagurinn erfiður til að byrja með og einnig voru erfiðleikar í tengslum við prentunina. Dagblaðið var nýtt, ferskt, persónulegt og höfðaði að miklu leyti til ungs fólks. Lesendabréf spiluðu stóra rullu og blaðamennirnir voru persónulega skrifaðir fyrir greinum sínum. Ljóst var að stríð yrði háð milli Dagblaðsins og Vísis á síðdegismarkaðinum og Dagblaðið varð ofan á. Árið 1981 var Dagblaðið með 48 prósent lestur en Vísir 39 prósent. Jónas lýsir þessu svo:

„Þjóðin tók þessu nýja blaði fagnandi. Lesendabréf, kjallaragreinar og smáauglýsingar voru hornsteinninn. Þjóðin taldi sig með þeim efnisþáttum hafa fengið aðgang að eigin fjölmiðli.“

DV verður til

Dagblaðið gekk vel en skilaði ekki nema litlum hagnaði á hverju ári sem það var gefið út. Stríðið við Vísi kostaði sitt og blöðin gáfu til dæmis bíla í áskriftarverðlaun. Eftir sex ár var farið að tala um sameiningu Dagblaðsins og Vísis, sem voru þá nágrannar í Síðumúla 12 og 14. Í prentaraverkfalli í nóvember árið 1981 hittust framkvæmdastjórar blaðanna tveggja og hófu að undirbúa sameininguna sem varð síðan að veruleika nokkrum dögum síðar með Jónas og Ellert B. Schram sem ritstjóra, en Ellert hafði þá stýrt Vísi. Við sameininguna flutti

blaðið í hið fræga DV-hús í Þverholti sem Jónas og félagar höfðu keypt árið 1976.

Jónas var ekki að fullu sáttur við sameininguna og viðraði þær skoðanir sínar við Svein. Hann taldi að Dagblaðið væri einstakt og að óvíst væri hvert almenningsálitið yrði á sameinuðu blaði. En þó taldi hann að samstarfið væri vel hægt út frá faglegu sjónarmiði sem reyndist raunin.

Hófst nú það skeið sem margir hafa kallað stórveldistíma DV, sem sást best á lestrarmælingum. Árið 1983 var lesturinn mældur í 64 prósentum, svipað og Morgunblaðið hafði. Áferð blaðsins hafði vissulega breyst, það var ekki byltingarkennt eins og Dagblaðið hafði verið heldur var það nú orðið settlegt. Jónas sagði:

„Í rauninni varð DV betra blað en Dagblaðið hafði verið, en það naut aldrei sömu hylli almennings. Í augum fólks var DV ekki blað „litla mannsins“, heldur fjölmiðlarisi, sem laut lögmálum viðskiptalífsins. Við hefðum betur puðað í fátæktinni, á endanum hefðum við sigrað. En þægindi einokunarinnar voru freistandi og trufluðu dómgreind okkar allra.“

Tækni og fagmennska

Fagmennska var það sem einkenndi störf Jónasar og fagmennskan gerði DV að vel smurðri vél á níunda áratugnum. Blaðamannapróf voru tekin upp og ungir blaðamenn voru aldir upp með aga án þess að draga úr þeim tennurnar. Sérstaklega mikið var gert úr málfari og íslenskufræðingar fengnir til þess að halda fyrirlestra fyrir ritstjórnina. Tölvutæknin hóf innreið sína og vel var fylgst með því sem gerðist í nágrannalöndunum og það besta þaðan nýtt.

Elías Snæland Jónsson, var aðstoðarritstjóri DV á árunum 1984 til 1997, á hápunkti velgengninnar. Hann segir:

„Þegar ég varð aðstoðarritstjóri DV hafði ég verið í blaðamennsku í meira en tuttugu ár, þannig að ég var nokkuð fullnuma í faginu. En Jónas vakti athygli mína og áhuga á margvíslegum möguleikum þeirrar tölvutækni sem þá var að ryðja sér til rúms. Hann var fyrstur íslenskra ritstjóra til að nýta sér þessa nýju tölvutækni til að bæta stjórn og skipulag á ritstjórninni, og það var til mikils hagræðis fyrir okkur sem þar störfuðum.“

Áttuð þið alltaf skap saman?

„Við Jónas virtum hvorn annan enda báðir verið blaðamenn frá því við vorum á táningsaldri, og báðir tileinkað okkur fagleg og vönduð vinnubrögð. Ég man ekki til þess að Jónas hafi nokkru sinni skipt skapi við mig, og ég ekki við hann. Það var okkar sameiginlega markmið að tryggja að DV sinnti skyldum sínum við lesendur og segði fljótt, satt og rétt frá því sem var að gerast í þjóðfélaginu og skipti almenning máli.“

Jónas fylgdist vel með því sem gerðist erlendis þar sem mörg dagblöð voru í hugleiðingum um að koma ljósvakamiðlum á fót. Útvarpsstöð DV var skammlíf eftir innrás lögreglunnar í Þverholtið og ekkert varð af sjónvarpsfélaginu Ísfilm sem DV og Morgunblaðið ætluðu að reka saman. Þetta voru ævintýri sem ekki var ætlað að ganga en í blaðaútgáfunni skaraði DV fram úr og aðrir fylgdu fordæminu, bæði gömlu flokksblöðin sem og ný blöð á borð við Helgarpóstinn og Pressuna.

Elías segir:

„Ég tel að Jónas Kristjánsson hafi haft meiri áhrif á íslenska blaðamennsku á sinni tíð en flestir aðrir þótt blöðin sem hann ritstýrði séu ekki lengur til nema á vefnum sem gleymir fáu. Stundum virtist óneitanlega sem sífelld barátta hans gegn kerfi sem verndaði hagsmuni hinna fáu bæri lítinn árangur, en ég held þó að þar hafi droparnir holað steininn og skrif hans haft áhrif í átt til frjálsræðis. Hann gerði miklar kröfur um fagmennsku og setti leiðbeiningar sínar á vefinn bæði í máli og myndum þannig að þeir ungu blaðamenn sem vilja tileinka sér fagleg vinnubrögð eiga auðvelt með að læra af honum. Hann er því enn kennari í faginu ef ungir blaðamenn vilja notfæra sér þekkingu hans og reynslu.“

Hætti að drekka og steig á bak

Flestir þekktu ritstjórann af hans beittu og kjarnyrtu leiðurum sem snerust fyrst og fremst um samfélagsmál, innlend og erlend. En Jónas hafði vítt áhugasvið og skrifaði mikið um þau, bæði greinar og bækur. Jónas og Kristín, sem lést 2016, eignuðust fjögur börn, sú yngsta er Halldóra Jónasdóttir flugmaður. Hún segir um pabba sinn:

„Áhugamál hans lágu víða og mörg þeirra tók hann alla leið, ég dröslaði honum með mér á hestbak þegar ég var nýorðin táningur og úr varð mikið áhugamál, mamma dróst inn í það með honum og þau eignuðust fullt af hestum sem þeim þótti ákaflega vænt um og ferðuðust á þeim víða um landið ásamt því að faðir minn skrifaði fjölda bóka um hross og ferðaleiðir.“ Og enn fremur „Við pabbi virtumst lengi vel mjög ólík og höfðum satt að segja lítið að tala um, mér fannst hann heldur hvass, honum fannst ég heldur mjúk og áhugamálin skörðuðust lítið en ég virti hann mikið og hann var ávallt til staðar ef ég þurfti.“

Skíðamennska var annað áhugamál sem og matur. Jónas var mikill áhugamaður um ferðalög og mat og skrifaði gagnrýni á veitingahús. Jónas naut þess að borða á góðum stöðum og drekka fín vín en um tíma varð það að vandamáli. Hann sagði:

„Síðla árs 1986 áttaði ég mig á, að ég stýrði ekki áfengisneyzlunni. Hvorki hvort ég drykki né hversu mikið. Ég sá fram á vandræði af þessum sökum og hætti notkun áfengis 1. apríl 1987. Tíu mánuðum síðar hætti ég að reykja. Hvort tveggja hafði góð áhrif á heilsuna, en þurrkurinn dró úr félagslyndi mínu. Ég hætti að skrifa vínrýni, sem áður var þáttur í starfi mínu við veitingaryni. Um leið fékk ég aukinn tíma, sem ég notaði til að steypa mér út í hestamennsku.“

Hrun og brottrekstur

Árið 1994 var settur virðisaukaskattur á sölu dagblaða og sölulaun blaðasölubarna skattlögð einnig. Þetta var í fyrsta sinn frá upphafsárum Dagblaðsins sem erfiðleikar komu upp í rekstrinum. Næstu ár voru erfið margra hluta vegna. Breytingar urðu í eigenda- og framkvæmdastjórn félagsins árin 1995 og 1996 og áherslurnar breyttust. Jónas taldi að áhrif auglýsenda á ritstjórn væru of mikil og að inn væru ráðnir almannatenglar, markaðsfræðingar og fleiri „spunakarlar“ á háum launum í stað fólks sem framleiddi efni. Auk þess voru mannaskipti tíð. Allt þetta var að gerast á sama tíma og sú þróun var hafin að yngri kynslóðir keyptu síður dagblöð.

Ellert B. Schram hætti sem ritstjóri við hlið Jónasar og inn komu Össur Skarphéðinsson og síðar Óli Björn Kárason. Skuldir fyrirtækisins hækkuðu sífellt og fór svo að Sveinn seldi sinn hlut. Þann 1. janúar árið 2002 var Jónasi loks sagt upp störfum. Hann var þá orðinn 61 árs gamall en langt frá því að hverfa burt úr blaðamennsku.

Þetta ár var hann ritstjóri Fréttablaðsins og síðar varð hann útgáfustjóri hestablaðsins Eiðfaxa og skrifaði auk þess greinar í DV á nýjan leik.

Lærifaðir en ungur í anda

Mikael Torfason og Illugi Jökulsson voru ritstjórar DV árið 2005 en þá ákvað Illugi að taka við stöðu útvarpsstjóra Talstöðvarinnar. Jónas, sem var þá leiðarahöfundur blaðsins, kom aftur inn sem ritstjóri við hlið Mikaels. Næstu tvö árin urðu mikill ólgutími í sögu blaðsins sem endaði með því að þeir sögðu báðir upp störfum.

„Verkaskiptingin var svolítið loðin en ég var meira á gólfinu en Jónas hugmyndafræðingur. Hann samdi til dæmis siðareglurnar fyrir okkur.“

Hvernig var Jónas í samstarfi?

„Jónas var frábær í samstarfi. Ég veit að mörgum fannst hann vera harður húsbóndi, allt frá því að hann var að reka Dagblaðið og DV í gamla dag. En ég kynntist honum sem ljúfmenni í samstarfi og hann reyndist mér ákaflega vel. Jónas var rúmlega þrjátíu árum eldri en ég og hafði gríðarlega reynslu. Hann var bæði þessi aldni lærifaðir en þó hann væri elstur á blaðinu þá var hann einn sá yngsti í anda.“

Jónas var óhræddur við nýjungar og leiðandi í mörgum þeirra. Er þar bæði hægt að nefna tölvuvæðinguna á níunda áratugnum sem og netvæðinguna eftir aldamótin. Mikael segir að Jónas hafi ekki verið sömu skoðunar og margir af hans kynslóð um að texti væri merkilegri ef hann væri prentaður á pappír. Hvort sem ▶

Fréttaútvarpinu lokað

Haustið 1984 setti Frjáls fjölmiðlun, útgáfufélag DV, á laggirnar útvarpsstöðina Fréttaútvarpið þegar starfsmenn Ríkisútvarpsins fóru í verkfall. Olli þetta miklu fjaðrafoki enda ólöglegt í ljósi þess að ríkið hafði einokun á ljósvakamiðlun.

Þann 23. október greindi DV frá lokun stöðvarinnar og lýsir Sveinn Eyjólfsson þessu í bók sinni Allt kann sá er bíða kann:

„Auðvitað varð uppi fótur og fit og lauk svo að lögreglunni var sigað á okkur og Fréttaútvarpinu lokað með lögregluvaldi undir öflugum andmælum almennings sem reyndi að hindra lögreglumenn í að ganga út með sendingartækin í pokum. Við Hörður (Einarsson framkvæmdastjóri) vorum kærðir og báðir ritstjórar DV og síðan dæmdir fyrir brot á útvarpslögum. Þau lög höfðu reyndar verið felld úr gildi þegar dómarnir féllu.“



um var að ræða dagblöð eða bækur. Hann tók einnig ungu fólki í stéttinni fagnandi. Mikael segir:

„Hann rak eins konar blaðamannaskóla fyrir DV. Ef við réðum einhvern ungan inn þá tók hann það að sér að þjálfa viðkomandi upp. Síðan var hann með fyrirlestra og kennslustundir í blaðamennsku inni á ritstjórn, bæði fyrir unga og eldri. Ráðamenn vilja ekki góða blaðamenn því að þeir geta komist að einhverju sem fellir ríkisstjórnir eða lækkar verð á fyrirtækjum. Þeir vilja fá að stjórna óáreittir og sleppa við erfiðar spurningar frá blaðamönnum. Jónas vissi það að blöð hafa tilhneigingu til að láta eftir þessu því að eina eftirspurnin er frá sannleiksþyrstum almenningi. Hann kenndi ungum blaðamönnum að starfa við það að mæta þessari andstöðu og fyrir nokkrar kynslóðir blaðamanna var hann rosalega góð fyrirmynd."

Ísafjarðarmálið erfitt

Í janúarbyrjun árið 2006 fjallaði DV um mál Gísla Hjartarsonar, fyrrverandi grunnskólakennara á Ísafirði, sem kærður var fyrir að misnota tvo drengi. Blaðið nafngreindi og myndbirti Gísla sem tók eigið líf daginn sem það birtist en enn hefur ekkert komið fram sem bendir til þess að fréttaflutningurinn hafi verið rangur. Engu að síður varð reiðin mikil í garð DV og 32 þúsund manns settu nafn sitt á undirskriftalista gegn ritstjórnarstefnu blaðsins. Í kjölfarið sögðu bæði Mikael og Jónas störfum sínum lausum.

„Þessu fólki fannst við fara offari í umfjölluninni en þetta væri hlægilegt í dag eftir átök á borð við Höfum hátt og MeToo. En tíminn var ekki með okkur. Það er ekkert mjög langt síðan að níðingurinn og nauðgarinn vann alltaf."

Mikael segir að Jónas hafi reynst sér sérstaklega vel á þessum örlagaríka tíma.

„Eftir að við vorum búnir að segja upp fór ég að venja komum mínar heim til hans og Kristínar á Seltjarnarnesi. Við vorum þá tveir mjög umdeildir og atvinnulausir menn. Við vorum úthrópaðir og þetta var erfiður tími fyrir okkur að ganga í gegnum. Þá lærði ég mikið af honum, annað en blaðamennsku."

Hvaða arfleið skilur Jónas eftir sig?

„Allt frá því að hann og Sveinn Eyjólfsson klufu sig frá Vísi og stofnuðu Dagblaðið, voru þeir miklir sigurvegarar. Þeir bjuggu til blað fyrir hinn nútíma Íslending sem var frjálst og óháð. Það sem meira var; þeir nutu velgengni. Jónas var ekki bara einhver maður sem var í stríði við samfélagið heldur ótrúlega snjall fjölmiðlamaður og kynnti Íslendinga fyrir nýrri tegund af fjölmiðlum, sem margir tóku fagnandi. Hann var ekki utangarðsmaður, nema þá í einhvern smá tíma með mér."

Eftir að Jónas hætti hjá DV í seinna skiptið sneri hann sér að rólegri verkefnum. Hann kenndi blaðamennsku hjá Háskólanum í Reykjavík, ferðaðist, sinnti fjölskyldunni og áhugamálunum. Einnig skrifaði hann bækur og kom á laggirnar reiðslóðabanka. Ekki var hann hættur á ritvellinum en í stað hefðbundinnar dagblaðaútgáfu kom hann hugðarefnum sínum á framfæri á vefsvæði sínu jonas.is. Þar má finna um 17 þúsund greinar. ■

Ísafjarðarmálið Eitt erfiðasta málið á ferli Jónasar.

Erfitt Hafskipsmál

Þann 6. júní árið 1985 var fjallað um stöðu Hafskipa í Helgarpóstinum og upphófst þá eitt stærsta fjölmiðlamál og síðar dómsmál níunda áratugarins. Málinu lyktaði með því að Hafskip og bakhjarl fyrirtækisins, Útvegsbankinn, fóru í þrot og æðstu stjórnendur dæmdir. Þá sagði Albert Guðmundsson iðnaðarráðherra af sér vegna málsins.

Málið var óþægilegt fyrir DV í ljósi þess að framkvæmdastjórarnir Sveinn Eyjólfsson og Hörður Einarsson sátu báðir í stjórn Hafskipa. Vændu aðrir miðlar DV um hræsni og linkind í umfjöllun um Hafskipsmálið, til dæmis Ólafur Ragnar Grímsson sem sagði að blaðið hefði haft vildarkjör hjá Hafskipum og húsnæðið við Þverholt væri keypt fyrir þá peninga. Deilan var harðvítug og Jónas svaraði með hörku og sagði Ólaf ljúga.



Fjárdráttur Árna Johnsen

Byggingarefni tekið út í nafni Þjóðleikhúss og sent til Vestmannaeyja:
Starfsmaður Byko klagaði þingmann
Bls. 6

Þann 13. júlí árið 2001 sagði DV frá því að starfsmaður BYKO hefði rökstuddan grun um að Árni Johnsen, alþingismaður og formaður byggingarnefndar Þjóðleikhússins, hefði tekið út vörur til eigin nota en skrifað þær á reikning Þjóðleikhússins.

Var þetta byggingarefni sem Árni sagði ætti að fara í leikmunageymslu en endaði við hús hans sjálfs í Vestmannaeyjum. Síðar flutti RÚV fréttir af því að Árni hefði tekið út óðalskantsteina hjá BM-Vallá og sett á sama reikning. Aðrir fjölmiðlar fjölluðu síðar um málið og Árni sagði af sér þingmennsku 19. júlí.

Árni var í kjölfarið ákærður fyrir fjárdrátt, umboðssvik og fleiri brot og hlaut hann tveggja ára fangelsisdóm. Dóm sem hann afplánaði í fangelsinu á Kvíabryggju.

Fox On Route
Iceland
Flökkurefurinn
Við sérhæfum okkur í sölu og útleigu á topptjöldum sem henta á flestar gerðir bifreiða
Patfinder
Innanmál 200(L) x140(W) x116/90(H)cm)
288.800 kr.
www.foxonroute.com / Sími 896 6614 / foxonroute@foxonroute.net
Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu og facebook síðu

HÉR ÁTTI AÐ VERA VIÐTAL VIÐ SVANDÍSI SVAVARSDÓTTUR HEILBRIGÐISRÁÐHERRA

Undanfarið hefur blaðamaður DV reynt að falast eftir viðtali við Svandísi Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra. Mörg spjót standa á ráðuneyti hennar vegna ástandsins í geðheilbrigðismálum þjóðarinnar, kjarabaráttu ljósmæðra og sumarlokana á heilbrigðisstofnunum landsins svo eitthvað sé nefnt. Vel var tekið í beiðni blaðamanns til að byrja með og fljótlega barst tímasetning fundar við ráðherra, mánudaginn 2. júlí og væru 30 mínútur í boði. Óskaði ráðuneytið enn fremur eftir upplýsingum um hverjar spurningar blaðamannsins yrðu. Var því svarað föstudaginn 29. júní á þá leið að blaðamaður myndi spyrja út í biðlista, stöðu geðheilbrigðiskerfisins, sumarlokanir og skort á hjúkrunarfræðingum.

Tveimur tímum síðar barst tölvupóstur þess efnis að ráðherra væri ekki lengur laus til viðtals. Engar skýringar voru gefnar en þegar gengið var eftir þeim barst nýr tími fyrir 30 mínútna viðtal. Það á að fara fram eftir einn og hálfan mánuð, nánar tiltekið þann 21. ágúst kl. 11.

Þangað mun blaðamaður mæta og freista þess að taka viðtal við hæstvirtan ráðherra. Þjóðin á það skilið að æðstu ráðamenn þjóðarinnar svari aðkallandi spurningum. Þögnin er versti óvinur lýðræðisins.

Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson
bjartmar@dv.is

CARGOFLUTNINGAR

Sími: 845 0900

FLUTNINGAÞJÓNUSTA

milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðis

- Suðurnes
- Reykjavík
- Suðurnes

Tvisvar á dag!

Sími 845-0900 • cargoflutningar@gmail.com • Finndu okkur á facebook

Magnús segir upp trúnaðarstörfum

Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson
bjartmar@dv.is

Núverandi bæjarfulltrúi H-Listans í Sandgerði/Garði og formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Sandgerðis, Magnús Sigfús Magnússon, hefur sagt sig frá öllum trúnaðarstörfum innan Starfsgreinasambandsins og Alþýðusambandi Íslands. DV hefur undanfarið fjallað um málefni Magnúsar þar sem hann var að leigja út ólöglegt íbúðarhúsnæði í heimabæ sínum. Í kjölfar frétta DV lokuðu Brunavarnir Suðurnesja húsnæðinu. Samkvæmt heimildum DV var ástand húsnæðisins slæmt og kröfðust Brunavarnir Suðurnesja tafarlausrar lokunar húsnæðisins. Þar bjó meðal annars fjölskyldu með börn. Þá leigði verkalýðsforinginn út húsnæði til einstaklings sem greiddi fyrir leiguna með skiptivinnu.

Á dögunum sendi formaður Eflingar, Sólveig Anna Jónsdóttir, bréf til formanns Starfsgreinasambandsins, Björns Snæbjörnssonar, vegna málsins. Samkvæmt heimildum DV spurði Sólveig Anna þeirrar ágengu spurningar hvort Starfsgreinasambandið teldi Magnúsi stætt á að gegna ábyrgðarstörfum innan sambandsins. Einnig kom fram í bréfinu að háttsemi Magnúsar samræmist í engu stöðu formanns í verkalýðsfélagi og að hún sé Starfsgreinasambandinu, sem er landssamband almennra verkalýðsfélaga, til mikillar vansæmdar.

Starfsgreinasabandið svaraði Sólveigu og hefur tilkynnt henni að Magnús hafi sagt sig úr laganefnd sambandsins ásamt því að segja sig úr Vinnumarkaðasnefnd Alþýðusambands Íslands. Ekki náðist í Magnús Sigfús Magnússon vegna vinnslu fréttarinnar. ■

Beri maðurinn í neðanjarðarlestinni

Aðsent
Ögmundur Jónasson
skrifar

Einu sinni var maður í New York sem fór í neðanjarðarlest þar í borg seint um kvöld. Hann var gríðarlega vel klæddur, með gullúr og á gullskóm og hann var mikið við skál. Mjög mikið. Nema hvað, þessi flott klæddi maður sofnaði í lestinni. Og svo fast svaf hann að hann varð einskis var þegar hann var rændur. Hann var eins og opinn konfektkassi fyrir þjófa. Ekki var nóg með að tekið væri af honum Rólexúrið gyllta og gullskórnir heldur líka fötin öll. Og þegar hann loksins vaknaði var hann á nærbuxunum einum.

Fáráðlingar fá enga meðaumkun

Nú voru góð ráð dýr. Einu þóttist hann þó geta reiknað með; nefnilega að hann ætti samúð allra vegna þess hve illa hann hafði verið leikinn. Og þarna kom hann á nærbuxunum inn á kontór brautarvarðanna. Þeir horfðu á hann í forundran en ekki var að sjá vott af meðaumkun í viðmóti þeirra. Allt annað skein úr andlitum þeirra: Hvílíkur fáráðlingur, fullur á nærbuxunum einum; hafði lagt sig til svefns í neðanjarðarlest í sjálfri miðborg glæpanna og það um miðja nótt.

Hlutskipti Íslendinga?

Svona verður litið á Íslendinga þegar við verðum búin að tapa öllu frá okkur, landinu og orkulindunum. Óneitanlega bregður manni í brún þegar maður verður þess áskynja að á bak við umdeild virkjunaráform á Vestfjörðum eru erlendir fjárfestar sem vilja maka krókinn. Á meðal Íslendinga er gamalþekktur áhugi á slíku en einhvern veginn verður þetta skýrara í hugum okkar þegar eignarhaldið er komið út fyrir landsteinana og framtíð íslenskra náttúruperla þannig orðið að viðfangsefni í kauphöllum heimsins.

> Óneitanlega bregður manni í brún þegar maður verður þess áskynja að á bak við umdeild virkjunaráform á Vestfjörðum eru erlendir fjárfestar sem vilja maka krókinn.

Eignarhald á landi til útlanda

Sama er nú að gerast með sjálft landið, eignarhald á því. Breskur auðkýfingur safnar jörðum á norð-austurlandi einsog börnin skrautkúlum í perluband. Vopnafjörðurinn er að hverfa ofan í vasa hans en þar voru Grímsstaðir fyrir – stórjörðin sem ríkisstjórn Íslands reyndist of smá til að festa kaup á þrátt fyrir áskoranir úr öllum kimum þjóðfélagsins.

Í Fljótum er hið sama að gerast. Þar eru auðmenn að ná til sín eignarhaldi á heilli sveit. Hvað næst, hvenær kemur að Mývatnssveit og Þingvallasveit? Það er auðvelt að kaupa Ísland og gera okkur öll að leiguliðum í eigin landi. Það þarf ekki annað en svoldinn skammt af ófyrirleitni kaupandans og græðgi seljandans og þá er björninn unninn.

Lagabreytingu í haust!

Hve lengi ætla stjórnvöld að sofa á sinni vakt. Á þingi eru tilbúin þingmál frá fyrri árum til að snúa vörn í sókn. Nú þarf að hefjast handa og það strax. Fyrstu þingmál í haust eiga að snúast um þetta og fyrir áramót þurfa varnarmúrarnir að vera komnir upp.

Eða stendur til að bíða eftir því að vakna á nærbuxunum? Stjórnvöld hafa enga afsökun lengur fyrir sofandahætti og aðgerðaleysi.

Ekki hlutskipti Íslands

Þegar orkan og landið hefur verið tekið af okkur, verður torsótt að snúa til baka. Enginn mun þá hafa samúð með okkur, fremur en sofandi fyllibyttunni í neðanjarðarlestinni.

Varla viljum við að þetta verði hlutskipti Íslands. ■

PON er umboðsaðili

JUNGHEINRICH

Hillulyftari

Þrönggangalyftari

Dráttartæki

Staflari

Tínslutæki

Dráttartæki

Dísellyftari

Rafmagnslyftari

Brettatjakkur

Rafmagnsbrettatjakkur

Við bjóðum alla Jungheinrich eigendur velkomna!

PON Pétur O. Nikulásson ehf. | Melabraut 21, 220 Hafnarfjörður | Sími: 580 0110 | **pon.is**

PON
GÆÐI OG ÞJÓNUSTA

GÓÐ ÞJÓNUS

SVO ALLT GANGI SMURT

KÍKTU Í KEMI OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!

STA Í 20 ÁR

kemi

Tunguhálsi 10 • www.kemi.is

Indverjar sýna frumkvæði í baráttu gegn plastmengun

Breyta verðlausu rusli í mikilvæga vegi ■ Einnota plast bannað í Nýju Delí

Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson
bjartmar@dv.is

Hver Indverji notar að meðaltali 11 kg af plasti á hverju einasta ári. Þegar tekið er tillit til þess að heildar íbúarfjöldi á Indlandi er 1,3 milljarður manna þá erum við að tala um 14,3 milljarða kílógramma af plasti sem er notað í landinu árlega. Eftir að hafa þjónað tilgangi sínum hefur mikið af þessu plasti endað í sjónum þar sem það ekki bara mengar heldur drepur einnig sjávarlífverur. Sjómenn í Kerala-héraði í suður-Indlandi hafa nú tekið höndum saman til þess að berjast gegn þessari mengun á fiskveiðisvæðum þeirra.

Plastið notað til lausnar á öðru vandamáli

Þegar sjómennirnir draga netin sín í gegnum vatnið kemur gífurlegt magn af plasti í þau. Hingað til hafa þeir hent öllu plasti sem þeir hafa veitt aftur í sjóinn, en nú hefur orðið breyting þar á. Sjávarútvegsráðuneyti Indlands fór af stað með átak sem miðar að því að kenna sjómönnum að safna plastinu saman og koma með það aftur til lands með aflanum. Tíu mánuðir eru síðan verkefnið hófst og hafa sjómenn á svæðinu safnað 25 tonnum af plasti úr sjónum samkvæmt skýrslu Sameinuðu þjóðanna um verkefnið.

Þegar plastið var komið upp á land héldu margir að það myndi skapa óleysanleg vandamál. Eitthvað þarf jú að gera við plastið og óttuðust margir að það myndi daga uppi á landi og valda mengun þar. Það var allt þar til að einhver áttaði sig á því að plastið gæti leyst önnur vandamál sem héraðið glímdi við, það er slæmar samgöngur. Í dag er allt plast sem safnast úr sjónum endurnýtt og síðan notað til að búa til plastvegi. Um 34.000 km af vegum í Indlandi eru nú þegar úr plasti og er mun ódýrara að gera vegina úr endurnýttu plasti en úr hefðbundu malbiki. Hver kílómeter af plastvegi kostar eingöngu 8% af kostnaði við að leggja veg úr malbiki. Þar má nefna að vegirnir sem gerðir eru úr malbiki byrja að bráðna við um 50 gráður en plastvegirnir þola allt að 66 gráðu hita. Við lagningu á hvern kílómetra af plastvegi eru notað jafn mikið plast og ein milljón plastpoka inniheldur.

Stjórnvöld bregðast við

Þetta verkefni á vegum sjávarútvegsráðuneytisins er ekki hið eina sinnar tegundar á Indlandi með það að markmiði að leysa vandamál tengd plastmengun. Tugir slíkra verkefna, sem yfirvöld hafa haft frumkvæði að, eru í gangi. Þar má helst nefna styrki til endurvinnslustöðva sem kaupa plast af fólki sem safnar því saman. Nýr iðnaðaður hefur orðið til og fjölmörg ný störf skapast um allt landið. Forsætisráðherra Indlands hefur lofað því að banna allt einnota plast á Indlandi fyrir árið 2022 og hefur bannið nú þegar tekið gildi í Nýju Delí, höfuðborg landsins. Íbúar geta fengið 7.000 króna sekt en fyrir síendurtekin brot getur sektin farið uppí 37.000 krónur eða jafnvel endað í fangelsisvist. Evrópubúar nota um sexfalt meira af plasti en Indverjar og getum við mögulega lært mikið af því hvernig þeir eru að bregðast við því vandamáli sem plastmengun er. ■

Geta Kínverjar bjargað íslenska sumrinu?

Íbúar höfuðborgarsvæðisins hafa mátt þola eitt versta sumar í manna minnum. Sólardagar hafa sjaldan verið færri hér og ef lýsa mætti andlegu ástandi íbúa með einu orði, þá væri það orðið „bugun“. Ef ástandið lagast ekki gætu Íslendingar mögulega leitað til Kínverja til að leysa vandann.

Veðurbreytingastofnunin í Peking er með 37.000 manns í vinnu og hefur um 7.000 fallbyssur og 4.700 eldflaugaskotpalla til afnota. Þá nýtur stofnunin einnig dyggrar aðstoðar kínverska flughersins til þess að reyna að stjórna veðurguðunum.

Ekki eru hefbundin skot notuð í fallbyssurnar, heldur eru skothylkin fyllt silfurjoði sem orsakar efnahvörf þegar það sameinast vantsgufunni í andrúmsloftinu og verður því til rigning. Þessi tækni var ekki fundin upp af Kínverjum heldur Bandaríkjamönnum árið 1946.

Veðurbreytingastofnunin í Kína sér til þess að flestir opinberir frídagar, eins og þjóðhátíðardagur Kína, séu skýjalausir. Þá er tilgangurinn einnig sá að hreinsa andrúmsloftið sem getur verið mjög slæmt í stærstu borgum Kína vegna gífurlegrar loftmengunar. Hlutverk Veðurbreytingastofnunar er ekki bara að sjá til þess að íbúar Kína fái að njóta heiðskýrra sumardaga heldur stunda þeir umdeildar aðgerðir við landamæri Kína.

Þeim aðgerðum hafa nágrannaríki mótmælt og hafa deilur skapast vegna þeirra. Eru Kínverjar sakaðir um að reyna halda öllu því vatni sem skýin bera með sér innan landamæra Kína og skjóta því niður skýin áður en þau ná að fara yfir landamærin til nágrannaríkjanna.

Veðurbreytingastofnunin er þó ekki óbrigðul. Árið 2009, vegna mistaka við framleiðslu á silfur joðinu, skapaðist snjóstormur rétt fyrir utan höfuðborgina Pekingn sem olli umferðartöfum og slysum á tólf hraðbrautum. Það væri því mögulega hugmynd að Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra, myndi hafa samband við kínversk stjórnvöld til að reyna bjarga íslenska sumrinu. ■

LG OLED:

Fullkomnir litir á fullkomnum svörtum

65" OLED B7 sjónvarpstækið frá LG er loksins komið aftur og er nú á HM-tilboði í Raflandi á aðeins 329.990 krónur (fullt verð 439.990).

LG OLED sjónvarpanna ættu flestir tækniunnendur að þekkja en önnur sjónvarpstækni stenst engan samanburð. LG OLED færir þér allra bestu mögulegu sjónvarpsupplifunina og styður allar HDR-gerðir sem eru í boði með 4K upplausn. OLED skapar einstaka myndskerpu milli ljóss og myrkurs með óviðjafnanlegum svörtum lit sem eykur dýpt lita í myndinni. Í OLED sjónvarpi stýrir hver einasti pixill sínu eigin ljósi.

B7 OLED sjónvarpið hefur örþunnan skjá sem skilar ótrúlegri mynd með tærum litum og fullkomnum svörtum sem gefa nýja dýpt og meiri litabreidd en áður þekktist. OLED er eina skjátæknin á markaðnum í dag sem býður þessi ótrúlegu myndgæði þar sem myndin verður svo ljóslifandi að þú gleymir því að myndin er á sjónvarpsskjá en ekki raunveruleg. B7 hefur innbyggðan stuðning við Dolby Vision sem og HDR10 og HLG ásamt því að geta hækkað gæðin í öðru myndefni upp í nánast HDR gæði. Litir sem mæta fullkomnum svörtum í LG OLED verða enn bjartari en áður því einstök OLED skjátæknin stýrir birtustigi og lit af nákvæmni með því að styðja við hvern einstakan undirpixil. Það þýðir að þú getur séð yfir 1 milljarð litatóna.

B7 hefur einnig Dolby Atmos þrívíddarhljóðkerfi sem hámarkar sjónvarpsupplifunina ásamt einstaklega þægilegu webOS 3.5 sniðmáti og Magic Remote fjarstýringu sem gerir þér kleift að streyma beint af efnisveitum, gefur einfaldan aðgang að forritum auk vafra og auðveldar samstillingu við leikjatölvur. Þannig verður allt viðmót notendavænna og tryggir hnökralausa upplifun í samskiptum við önnur tæki á heimilinu.

B7 sjónvarpið er auk þess glæsilega hannað eins og LG er einum lagið, með afar stílhreinum þunnum ramma og innbyggðum hágæða Dolby Atmos hátölurum sem gefa mikinn hljóm en eru samt sem áður faldir í rammanum. Í OLED sjónvarpinu eru allir litirnir jafnir, sama frá hvaða sjónarhorni er horft, þannig getur sjónvarpsstofan verið full af fólki en allir njóta myndarinnar, nú eða HM leiksins, jafnt.

Þú getur skoðað 65" B7 OLED sjónvarpstækið frá LG í Raflandi, Síðumúla 2 eða í vefverslun Raflands, rafland.is

DV
Suðurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðlun ehf. **Stjórnarformaður:** Sigurður G. Guðjónsson
Framkvæmdastjóri: Karl Garðarsson **Aðalritstjóri og ábyrgðarmaður:** Kristjón Kormákur Guðjónsson
Aðstoðarritstjóri: Einar Þór Sigurðsson **Prentun:** Landsprent **Dreifing:** Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta aðsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn

Mjálmar Kolbeinn?

Talað er um að Rósa Björk og Andrés Ingi, „villikettir VG“, séu að fá liðsauka úr óvæntri átt. Engan annan en **Kolbein Óttarsson Proppé**. Kolbeini hefur verið teflt fram sem varðhundi Katrínar Jakobsdóttur til að verja þau mörgu óþægilegu mál sem VG-liðar hafa þurft að kyngja í stjórnarsamstarfinu. Má þar nefna Landsdómsmálið, stuðning við loftárásir NATO í Sýrlandi, lækkun veiðigjalda og nú síðast kjarabaráttu ljósmæðra. Allir sem hafa hlustað á Kolbein verja slík mál í útvarpi heyra að hann gerir það með óbragð í munni og lítilli sannfæringu. Nú virðist sem stíflan sé að bresta og fyrsta sprungan komin í ljós því Kolbeinn hjólar í Brynjar Níelsson stjórnarbróður sinn fyrir ummæli um fjölmiðlamenn.

Bjarni Fel óhress með málfarið

Knattspyrnan á hug flestra þessa dagana, enda stendur HM yfir og margir leikir hafa verið hin besta skemmtun, jafnvel er talað um besta heimsmeistaramót allra tíma. Íslensku þulirnir sem lýsa leikjunum verða þjóðareign og fer þar vitaskuld fremstur **Guðmundur Benediktsson** sem er kominn á sérstakan stall í þeirri deild við hlið **Hemma Gunn**, **Sigurðar Sigurðssonar** og **Bjarna Fel**. Sá síðastnefndi er enn gangandi alfræðiorðabók um allt sem viðkemur fótboltanum, en segir þó öllum sem vilja heyra að hann horfi minna en áður á útsendingar Ríkissjónvarpsins frá HM, þar sem honum finnist málfarið orðið svo slæmt.

Er þá Bleik nokkuð brugðið...

Hífum íslensk stjórnmál upp úr ruslflokki þöggunar og yfirhylmingar

Leiðari

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is

Þið hafið öll séð Gremlins, er það ekki? Þið munið, myndin með Gizmo, sætasta bangsakrútti heims, sem purraði, dansaði og var svo æðislegur að mann langaði til að borða hann. Svona eru allir stjórnmálamenn fyrir kosningar. Brosandi, einlægir, indælir og algjör krútt. Alltaf til taks og tilbúnir að gefa af sér. Þeir elska okkur og við elskum þá.

En síðan koma kosningar og þá er eins og Gizmo fái á sig vatnsgusu. Og þið munið hvað gerist þá? Jú, drýslarnir mæta á svæðið, grænleitir, slímugir, illa tenntir og illa innrættir. Drýslarnir eru stjórnmálamenn flesta aðra daga.

Þeim er slétt sama um okkur og það sem þeir gera kemur okkur ekki við. Fjölmiðlar hætta að vera verkfæri fyrir þá og verða þess í stað eins og pirrandi mý sem þeir reyna að slá í burtu eða setja á sig fælandi krem til að losna við. Þegar óþægileg mál koma upp og skýið af mýflugum orðið of þykkt þá fara þeir inn í hús og loka á eftir sér. Þeir koma ekki aftur út fyrr en flugurnar eru farnar og vonast eftir því að málið sé gleymt og grafið.

> Það er starf okkar mýflugnanna að fá skýringar og upplýsingar frá þessum drýslum...

Það er starf okkar mýflugnanna að fá skýringar og upplýsingar frá þessum drýslum en það er lýjandi verk. Ritarinn bendir á aðstoðarmaninn og aðstoðarmaðurinn bendir á skrifstofustjórann og skrifstofustjórinnbendir á mannauðsstjórann. Að lokum fær maður samband við upplýsingafulltrúann, sem er eitt mesta rangnefni á stöðugildi sem fyrirfinnst. Stjórnmálamaðurinn eða embættismaðurinn sem flugan litla er að reyna að ná í er einhverra hluta vegna alltaf á fundi, eða á leiðinni á fund, eða í frí eða bara „ekki í húsinu“.

Nýlegt dæmi er flótti Svandísar Svavarsdóttur undan umfjöllun DV um geðheilbrigðismál sem og önnur aðkallandi mál sem heyra undir hennar ráðuneyti. Í tveimur síðustu blöðum höfum við sagt frá ungmennum með geðræn vandamál sem kerfið hefur brugðist með skelfilegum afleiðingum. Eftir að hafa loksins fengið viðtal við ráðherrann var beðið um spurningar til að Svandís gæti undirbúið sig undir viðtalið. Þegar í ljós kom að ræða ætti óþægileg mál eins og sumarlokanir geðdeilda, biðlista, skort á hjúkrunarfræðingum og fleira var viðtalinu skyndilega frestað ... fram á haust.

Þetta er dæmi um mjög óþægileg mál fyrir ráðherrann. En það er ekki boðlegt í lýðræðissamfélagi að stjórnmálamenn, sem starfa í okkar umboði og fyrir okkur, geti falið sig fyrir fjölmiðlum sem hafa þá einu skyldu að upplýsa fólk um málefni líðandi stundar.

Nýlega skrifaði Brynjar Níelsson stafkrók um að fjölmiðlar væru „veikasti hlekkurinn í íslensku samfélagi“. Að þeir væru í „ruslflokki“ og hlutdrægir. Reynslan er hins vegar sú að ef stjórnmálamaður flýr umræðuna, flýr fjölmiðla og neitar að gefa upplýsingar þá hefur hann eitthvað að fela. Eitthvað sem hann vill ekki að almenningur viti eða sem mjög erfitt er að svara fyrir.

Við megum ekki leyfa stjórnmálamönnum að komast upp með þetta lengur. Hífum íslensk stjórnmál upp úr ruslflokki þöggunar og yfirhylmingar. ■

Kaffistofan

Vandi frá vinstri

Heitibrauðsdagar nýs meirihluta í Reykjavík verða líkast til færri en alla jafna hjá nýjum valdhöfum, þar sem mörgum finnst gamli meirihlutinn sem féll aðallega hafa fengið örlitla andlitslyftingu í boði Viðreisnar. Dagur B. Eggertsson stjórnar enn öllu eins og hann hefur gert undanfarin ár, fyrst sem formaður borgarráðs og svo sjálfur sem borgarstjóri.

Engum blöðum er um það að fletta, að stjórnarandstaða Eyþórs Arnalds og Vigdísar Hauksdóttur verður harðsnúin og baráttuglöð, en kannski um leið nokkuð fyrirsjáanleg. Það verður líklega ekki erfitt fyrir Dag að skapa stemningu innan meirihlutans til þess að takast á við Sjálfstæðisflokk og Miðflokk næstu árin.

En það er vandinn til vinstri sem líkast til verður mesta ógn hins nýja meirihluta. Jafnvel banabiti hans. Til vinstri er nefnilega Sósíalistaflokkurinn og það verður líkast til málefnalegt aðhald úr þeirri áttinni sem verður borgarstjórnarmeirihlutanum skeinuhættast.

Spurning vikunnar

Hvert yrði þitt fyrsta verk sem einræðisherra?

„Ríkisstyrkt útgáfa ljóðabóka.“

Valdimar Tómasson

„Tryggja jöfnuð allra.“

Magdalena Gestsdóttir

„Ég myndi koma ríkisstjórninni burt af Alþingi.“

Rúnar Stefánsson

„Að hjálpa fátæklingunum.“

Guðrún Guðjónsdóttir

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Bjóðum sérhæfða þjónustu fyrir íbúðir í skammtímaleigu

Þrif ehf

Þrif ehf. | Lækjasmári 86 | 201 Kópavogur | Sími: 8989 566 | www.þrif.is | thrif@centrum.is

„Pabbi hélt að hann hélt í stað fékk hann feitan sc

Steini í Lottu komst ekki inn í LHÍ því hann var ekki með stúdentspróf ■ Sér eftir a

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is

Tólfta sumarið í röð skemmtir leikhópurinn Lotta börnum og ekki síður foreldrum, ömmum og öfum um land allt. Eins og fyrri ár tekur leikhópurinn fyrir þekkt ævintýri og útsetur þau á sinn einstaka hátt. Þetta sumarið setur hópurinn upp leikrit um lygalaupinn Gosa eftir Önnu Berglindi Thorarensen og eru um 70 sýningar á dagskrá um land allt. Að auki eru tæplega 100 aðrir smærri viðburðir sem leikarar hópsins eru bókaðar á í sumar.

Einn af þeim sem hefur verið hluti af hópnum frá upphafi er Sigsteinn Sigurbergsson. Allir sem hafa séð sýningar Lottu geta vottað að þar á ferð er einstakur hæfileikamaður í leiklist. Sigsteinn, sem ætíð er kallaður Steini, settist niður yfir kaffibolla með Birni Þorfinnssyni, blaðamanni á DV, til þess að ræða um Lottu og persónuleg mál eins og slæma reynslu hans af skólakerfinu, skápinn sem hann dvaldi allt of lengi inn í og glímu föður síns við Alzheimer-sjúkdóminn skelfilega.

Hugmyndin að Lottu kviknaði í bílferð

Leikhópurinn Lotta var stofnaður haustið 2006 og fyrsta sýningin var frumsýnd sumarið 2007. „Hugmyndin að þessu sumarleikhúsi úti við kviknaði í bílferð þeirra Önnu Bergljótar, Dýrleifar Jónsdóttur og Ármanns Guðmundssonar. Þau hóuðu saman góðum hópi fólks sem ákvað að kýla á þetta. Viðtökurnar voru framar okkar björtustu vonum og við sáum því strax að þessi hugmynd virkaði," segir Steini.

Fljótlega kvarnaðist aðeins úr hópnum en í dag er sterkur og samheldinn kjarni sem stendur að Lottu. „Þetta er einskonar sjómannslíf og það hentar ekki öllum. Álagið er mikið yfir sumarið og við lærðum fljótlega að það væri mikilvægt að vera með varamenn til taks. Á sýningunni um Gosa erum við með sex leikara á sviði en síðan er höfundur og leikstjóri sýningarinnar, Anna Bergljót Thoraransen, til taks ef eitthvað kemur uppá. Hún er búin að læra öll hlutverkin og stekkur inn þegar þörf er á og leysir okkur af þegar einhver þarf að fara í frí. Til dæmis fer ég fljótlega í tveggja vikna sumarfrí og þá leysir hún mig af," segir Steini.

Fresta nánast aldrei sýningum vegna veðurs

Það er ekki hægt að segja að veðrið hafi leikið við íbúa höfuðborgarsvæðisins undanfarna mánuði. Aðspurður hvort það hafi ekki sett strik í reikninginn varðandi sýningar sumarsins segir Steini: „Íslendingar eru alveg ótrúlegir og gestir klæða sig bara eftir veðri og mæta hressir og kátir. Rigningin hefur ekki mikil áhrif á okkur en það er helst rokið sem leikur okkur grátt," segir Steini.

Hann segir að þrátt fyrir að allra veðra sé von yfir íslenska sumartímann þá eru sýningarnar, sem leikhópurinn hefur aflýst, teljandi á fingrum annarrar handar á tólf árum. „Við látum okkur yfirleitt hafa það og það hefur gengið upp. Þegar við förum út á land þá erum við yfirleitt með þann möguleika að komast einhvers staðar inn ef veðrið er slæmt," segir Steini.

Fjölmiðlafár útaf umdeildum söngtexta

Síðasta sumar gaus upp gagnrýni á leikhópinn vegna söngtexta í sýningunni Litli andarunginn. Það voru ekki síst femínistar sem voru ósáttir en texti umræddrs lags var sagður óviðeigandi og klúr, að hann hlutgerði konur og viðhéldi bjagaðri hugsun. „Já, það varð smá fjölmiðlafár út af þessum texta. Sérstaklega hjá femínustum en ég vil taka það fram að ég skilgreini mig sem slíkan. Þeir sem höfðu hæst í því máli áttu það eiginlega allir sameiginlegt að hafa ekki séð sýninguna og höfðu því ekki hlustað á lagið í sínu rétta samhengi. Karakterinn sem söng lagið var fordómafull karlremba sem síðar fær makleg málagjöld og því urðum við ekki vör við annað en að gestir sýningarinnar væru mjög ánægðir," segir Steini.

Að hans sögn leggur leikhópurinn mikla áherslu á að leikverkin sem þau setja upp hafi boðskap og að þau séu óhrædd við að fjalla um eðlilega hluti sem einhverjir telja klúra eða jafnvel ógeðslega. „Við viljum hafa áhrif og miðla einhverjum boðskap. Sýningin um Gosa fjallar um ýmsar áleitnar spurningar varðandi fjölskylduna, í fyrra fjallaði sýningin um einelti og árið þar áður fjölluðum við um innflytjendur og flóttamenn. Við dönsum stundum á línunni og stundum förum við aðeins yfir hana. Við erum óhrædd við að fjalla til dæmis um eðlilega hluti eins og fæðingar. Í einu verkinu okkar fæðist einn karakterinn á sviðinu og því bjuggum við til risastóra píku sem einn leikarinn skreið út um. Við heyrðum af einhverjum sem fannst það ógeðslegt og jafnvel klúrt en við erum hjartanlega ósammála. Við verðum að ræða þessa hluti á opinskáan hátt, sérstaklega við börnin okkar," segir Steini.

Lauma inn bröndurum fyrir fullorðna

Áðurnefnt atriði er ekki eina fæðingin sem átt hefur sér stað á sviði hjá leikhópnum. Í nýja verkinu um Gosa fæðir einn karakterinn, sem Huld Óskarsdóttir leikur, barn á sviðinu. „Hún tekur það undan pilsinu sínu og naflastrengurinn kemur með. Huld sækir í eigin reynslu í þessu atriði en hún fæddi barn fyrir nokkrum árum á leiðinni upp á fæðingardeild. Hún var stödd í leigubíl og skyndilega mætti bara barnið í heiminn með hvelli. Hún átti því mjög auðvelt með að fara í þetta hlutverk," segir Steini og hlær.

Eitt af aðalsmerkjum leikhópsins er að þrátt fyrir að um barnaleikrit sé að ræða þá fljúga fjölmargir brandarar sem beint er að fullorðnum áhorfendum. „Það má segja að við höfum sótt þá fyrirmynd í teiknimyndina Shrek sem gerði það svo listavel að skemmta öllum aldurshópum. Við laumum því inn fullt af bröndurum sem börnin skilja ekkert í en foreldrarnir springa úr hlátri. Það er mjög gefandi og skemmtilegt. Það væru færri gestir á sýningunum okkar ef foreldrunum dauðleiddist," segir Steini.

Faðirinn bjóst við landsliðsmanni í íþróttum

Steini er uppalinn Garðabæingur og er fæddur inn í mikla íþróttafjölskyldu. Hann á þrjár systur sem allar hafa verið og eru afrekskonur í íþróttum en faðir hans, Sigurbergur Sigsteinsson, var einn af fremstu íþróttamönnum þjóðarinnar um árabilið. Hann er einn af örfáum einstaklingum sem hefur verið í landsliðinu í bæði handknattleik og knattspyrnu. Meðal annars lék hann lykilhlutverk þegar Íslendingar unnu Dani í fyrsta sinn í landsleik í fótbolta og síðar var hann á sínum stað í vörn Fram í Evrópuleik gegn stórliðinu Real Madrid á leikvanginum goðsagnarkennda, Santiago Bernabeu.

> Sýningin um Gosa fjallar um ýmsar áleitnar spurningar varðandi fjölskylduna, í fyrra fjallaði sýningin okkar um einelti og árið þar áður fjölluðum við um innflytjendur og flóttamenn. Við dönsum stundum á línunni og stundum förum við aðeins yfir hana.

„Ég held að allir hafi búist við því að ég yrði öflugur íþróttamaður. Þegar pabbi tók mig í fangið á fæðingardeildinni þá hélt hann eflaust að hann héldi á einhverjum Eiði Smára. Hann grunaði líklega ekki að hann héldi á feitum og samkynhneigðum leikara," segir Steini og hlær dátt. Hann prófaði fjölmargar íþróttagreinar en hélst ekki lengi í þeim. „Ég var líklega lengst í blaki af þessum greinum en ég sé eiginlega mest eftir því að hafa ekki prófað handbolta. Ég er viss um að ég hefði verið ágætur á þeim vettvangi en enginn vinur minn æfði handbolta og því fór ég í aðrar áttir," segir Steini.

Langur listi af greiningum

Hann segist ekki eiga ljúfar minningar frá skólagöngu sinni. Hann hafi strax rekist á vegg varðandi námið auk þess sem hann varð fyrir mikilli stríðni og einelti sem barn. „Á þeim árum voru ekki allar þessar greiningar komnar. Í dag er ég greindur með athyglisbrest, kvíða, ofvirkni, les- og skrifblindu svo eitthvað sé nefnt. Ég átti því mjög erfitt með að fylgjast með í tímum og lenti í sífelldum árekstrum við ósveigjanlegt skólakerfið. Til dæmis reyndi ég stundum að beisla hugann með því að teikna á blað á meðan ég reyndi að hlusta á kennarann en þá var það yfirleitt rifið af mér á þeim forsendum að ég væri augljóslega ekki að fylgjast með," segir Steini.

Hann hafi því fljótlega sannfærst um að hann væri heimskur og gæti einfaldlega ekki lært. „Það er ekkert sérstaklega góð upplifun fyrir ungan dreng að vera sannfærður um að hann væri fáviti. Það braust síðan út þannig að ég var algjör villingur á þessum árum. Ég lét eiginlega öllum illum látum og skammast mín fyrir margt. Mér leið ekki vel á þessum árum," segir Steini.

Kallaður Steini píka

Ekki bætti úr skák að hann varð fyrir mikilli stríðni skólafélaga sinna. „Ég þótti kvenlegur og var með ýmsa takta sem gert var grín að. Ég var alltaf uppnefndur Steini píka og það særði mig mjög þó ég hafi reynt að bera mig vel. Orðið hommi var eitt helsta uppnefnið og ég var ekki einu sinni sjálfur farinn að horfast í augu við eigin kynhneigð á þessum tíma."

Þéttur hópur vina stóð þó bakvið Steina og gerði lífið bærilegt í skólanum. „Ég átti og á ofboðslega góða og trausta vini. Þeir stóðu með mér á þessum árum sem var ómetanlegt. Ég hef síðan hitt gerendurna í gegnum árin og sumir kalla mig enn Steina píku, þá helst ef ég rekst á viðkomandi útá lífinu. Ég vil ekki festast í reiði og neikvæðum tilfinningum ▶

di á Eiði Smára en þess amkynhneigðan leikara“

ð hafa ekki komið fyrr út úr skápnum

Það er ekkert sérstaklega góð upplifun fyrir ungan dreng að vera sannfærður um að hann sé fáviti.

MYNDIR HANNA

> Ég þótti kvenlegur og var með ýmsa takta sem gert var grín að. Ég var alltaf uppnefndur Steini píka og það særði mig mjög þó ég hafi reynt að bera mig vel. Orðið hommi var eitt helsta uppnefnið og ég var ekki einu sinni sjálfur farinn að horfast í augu við eigin kynhneigð á þessum tíma.

fólki. Það eru kannski tveir sem ég myndi alveg heilsa á förnum vegi en ég mun samt ekkert mæta í jarðafarirnar þeirra," segir Steini brosandi.

Sér eftir að hafa ekki komið fyrr út úr skápnum

Eins og áður segir er Steini samkynhneigður og það reyndist honum erfitt að koma út úr skápnum. „Eftir alla þessa stríðni þurfti ég eiginlega að yfirgefa Garðabæ til þess sem ég og gerði. Ég var líka lengi að horfast í augu við þetta sjálfur og átti kærustur þegar ég var yngri. Það tók mjög langan tíma fyrir mig að telja í mig kjark að ræða þetta við foreldra mína. Ég tók loks það samtal þegar ég var 24 ára gamall og skalf af stressi. Síðan var þetta ekkert mál. Þau tóku því afar vel og sýndu mér fullan stuðning. Ég dauðsá strax eftir því að hafa ekki gert þetta miklu fyrr," segir Steini.

„Þetta er eitthvað sem ég átti að gera"

Að sögn Steina hefur leiklistin blundað í honum frá barnsaldri. „Ég fékk áhuga á leiklist strax á barnsaldri og fann strax að þetta átti vel við mig. Það var draumur minn að verða leikari," segir Steini. Þegar grunnskólagöngunni lauk fór hann í Fjölbrautarskólann í Garðabæ í skamman tíma en flosnaði fljótlega upp úr námi.

Steini sótti síðar um í leiklistardeild Listaháskóla Íslands og tók þátt í hinum alræmdu en fjölmennu inntökuprófum. „Mér gekk mjög vel og komst í lokaúrtakið. Þegar það próf var afstaðið fékk ég þau skilaboð að prófdómurunum hefði litist mjög vel á mig en þeir sem væru með stúdentpróf fengju forgang og því fengi ég ekki skólapláss," segir Steini.

Um mikið áfall var að ræða og segist Steini hafa farið í allsherjar fýlu. „Ég varð alveg brjálaður. Sár, reiður og bitur. Ég fór í svo mikla fýlu að ég ákvað að sækja aldrei aftur um að skólavist í leiklist. Ég ákvað að gera þetta bara sjálfur," segir Steini.

Hann sótti sér því reynslu hjá hinum ýmsu áhugamannaleikhúsum á höfuðborgarsvæðinu, allt þar til að hugmyndin um Lottu kviknaði. Síðan þá hefur það verkefni átt hug og hjarta Steina. „Ég hef líka leikið í sjónvarpi, sérstaklega í Stundinni okkar, í auglýsingum og síðan hef ég verið að veislustýra og skemmta við hin ýmsu tilefni. Mér finnst mjög gaman að leika fyrir börn og þetta form sem Lotta notar hentar mér afar vel. Ég finn að ég er á réttri hillu, þetta er eitthvað sem ég átti að gera," segir Steini.

Kvíðir því að velja á milli starfa

Samhliða sumarvertíðinni hjá Lottu starfar Steini sem félagsliði í Dimmuhvarfi og hefur gert undanfarin þrettán ár. „Þetta byrjaði sem heimili fyrir einhverfa stráka með hegðunarvanda en hefur þróast talsvert á undanförum árum. Þetta er frábært og gefandi starf og ég gæti ekki hugsað mér betri vinnustað. Yfirmenn mínir hafa sýnt leiklistinni mikinn stuðning og ég er afar þakklátur fyrir það," segir Steini. Að hans sögn verður starfsemi Lottu sífellt umfangsmeiri og sérstaklega í ljósi þess að hópurinn hefur verið að sýna eldri verk innandyra á veturna. „Ég óttast þá stund mjög að ég þurfi að velja á milli Dimmuhvarfs og leiklistarinnar. Mér þykir ofboðslega vænt um þessa stráka sem ég hef unnið með undanfarin ár og ég get varla hugsað þá hugsun til enda að þurfa að gera upp á milli þessara starfa. Ég óttast samt að sá tími muni koma," segir Steini.

Greiningin var afar mikilvæg

Eins og áður segir er Steini félagsliði að mennt en sú vegferð hófst með mikilvægu prófi. „Eftir alla þessa árekstra við skólakerfið fór ég loksins í greiningu. Eftir langa bið sló ég í gegn í því prófi og fékk langan lista af greiningum," segir Steini og hlær. Hann segir að þetta hafi verið mjög stór stund. „Það var ótrúlegur léttir að fá þá viðurkenningu að maður væri ekki heimskur. Að þessir erfiðleikar mínir ættu sér skýringar," segir hann.

Hann hófst þegar handa við að feta menntaveginn og útskrifaðist loks sem félagsliði. „Ég þurfti ekki einu sinni lyf til þess að læra. Bara það að vita af þessum áskorunum sem hugur minn setur og vinna í kringum þær var nóg. Ég sat kannski í skólastofunni og leyfði mér að spila einhvern heiladauðann tölvuleik í símanum á meðan ég hlustaði á kennarann. Það er nauðsynlegt til þess að ég geti haldið einbeitingu," segir Steini.

Hann flaug í gegnum námið og fékk í fyrsta skipti háar einkunnir. „Ég fékk bara níur og tíur. Það var rosalega góð tilfinning og hafði góð áhrif á sjálfsmyndina."

Erfitt að horfa upp á glímu föðursins við Alzheimer

Það er því mikið að gera í leik og starfi hjá Steina. Hann segist hafa afar gaman að því sem hann fæst við en þann stór skugga ber þó á að faðir hans er að glíma við Alzheimer-sjúkdóminn illvíga. „Það hefur tekið afar mikinn toll af fjöskyldunni, sérstaklega mömmu. Fjölskyldan mín er mjög náin. Ég elska foreldra mína og systur útaf lífinu og því er hrikalega erfitt að fylgjast með þessum eyðileggingarmætti sem Alzheimer-sjúkdómurinn hefur í för með sér. Foreldrar mínir eru hetjurnar mínar og það er afar sárt að fylgjast með þessum hræðilega sjúkdómi taka pabba yfir og geta ekkert að gert," segir Steini.

Hann segir að það sé afar mikilvægt fyrir einstaklinga að leita sér hjálpar ef einhver einkenni láti á sér kræla. „Það er rosalega mikilvægt fyrir alla aðila að sjúklingurinn fái strax greiningu og sé meðvitaður um þá vegferð sem er að hefjast. Ef sjúkdómurinn fær að krauma óáreittur of lengi þá byrjar afneitun sjúklingsins og það brýst oft út í reiði og biturð," segir Steini. ■

KYNNINGARBLAÐ

Snæfellsnes

6 júlí 2018

Ábyrgðarmaður: Steinn Kári Ragnarsson / steinn@dv.is **Umsjón:** Ágúst Borgþór Sverrisson / agustb@dv.is

NARFEYRARSTOFA:

Framúrskarandi matur í fallegu umhverfi

Markmið okkar er að vera lókal í öllu sem við gerum. Allur fiskur kemur úr firðinum og allt lambakjöt sem við notum kemur frá bænum Helgafelli, við tökum 200 skrokka frá þeim í heimtöku, vinnum allt kjöt frá grunni og nýtum allt af lambinu. Nautakjötið kaupum við frá ýmsum nálægum stöðum, við látum slátra fyrir okkur, tökum heim, úrbeinum og gerum úr því hamborgara," segir Sæþór H. Þorbergsson, bryti á Narfeyrarstofu í Stykkishólmi. Sæþór og eiginkona hans, Steinunn Helgadóttir, eru eigendur staðarins.

Narfeyrarstofa er gróinn staður þar sem sífelld þróun og nýsköpun á sér stað í matargerð. „Við höfum átt þetta síðan 2001 og erum enn á sömu kennitölunni, geri aðrir betur," segir Sæþór. Aukinn ferðamannastraumur til landsins síðustu ár hefur haft sín áhrif á gestasamsetninguna: „Hér eru erlendir túristar í miklum meirihluta en við erum líka með töluvert af innlendum fastakúnnum og það er ekki bara fólk sem býr hér í nágrenninu heldur líka aðkomufólk."

Narfeyrarstofa hefur blómstrað hin síðari ár og er opið á staðnum allan ársins hring. „Síðasta vetur var opið alla daga vikunnar, ég hef aldrei séð annað eins. Það er líka mikið gistipláss hér í Stykkishólmi, samtals 900 rúm í gistirými á gistihúsum, hótelum og í Airbnb-gistingu."

Í sumar er opið frá 11:30 til 22 alla daga vikunnar og er heitur matur í boði á öllum tímum dagsins. Að sögn Sæþórs sækja erlendir ferðamenn mikið í sjávarfangið enda mikið úrval af spriklandi ferskum fiski í boði og afar ljúffengum og hugvitsamlegum sjávarréttum. „Hér er alltaf fiskur dagsins í boði, í dag er það hlýri og á morgun verður það langa. Síðan er það það þorskur, bláskel, hörpuskel og margt fleira."

Lambakjötið er líka vinsælt og mjög fjölbreyttir réttir í boði af fersku lambakjöti sem er fullunnið á staðnum: „Við erum alltaf með steik dagsins sem er breytileg eftir atvikum, það getur verið hryggur, læri, innanlæri, skanki eða lund; síðan er alltaf gúllassúpa í boði og sérstakar lambapylsur sem við framleiðum eru á hádegismatseðlinum."

Ódýr og hollur matur fyrir börnin

Narfeyrarstofa er fjölskylduvænn veitingastaður sem gerir hann að áhugaverðum kosti fyrir fjölskyldur á faraldsæti. „Við erum með sérstakan barnamatseðil með þremur réttum þar sem enginn réttur kostar meira en 1.250 kr. og ódýrasti rétturinn er á 850 kr. Þetta er allt ferskur og góður matur, fiskréttur, kjötbollur sem við vinnum hér sjálf og hamborgari. Engir kjúklinganaggar eða eitthvert drasl. Við bjóðum börnum upp á ferskan og hollan mat á vægu verði."

Þess má geta að í júní síðastliðnum útskrifaði Narfeyrarstofa sinn fyrsta matreiðslunema, Þorberg Helga Sæþórsson, sem er sonur þeirra hjóna.

Narfeyrarstofa er til húsa að Aðalgötu 3, Stykkishólmi. Símanúmer er 533 1119. Nánari upplýsingar á vefsíðunni narfeyrarstofa.is.

NARFEYRARSTOFA
Local Food - Stykkishólmur

VEITINGASTAÐURINN VIÐVÍK:

Matarupplifun við þjóðveginn



Veitingastaðurinn Viðvík var opnaður í júlí árið 2017 og er í gullfallegu nýuppgerðu húsi við þjóðveginn á Hellissandi. Eigendurnir eru bræðurnir Gils Þorri, yfirmatreiðslumaður í Viðvík, og Magnús Darri, og makar þeirra, Aníta Rut Aðalbjargardóttir og Helga Jóhannsdóttir. Foreldrar Gils og Magnúsar, þau Kristín Gilsfjörð og Sigurður V. Sigurðsson, hjálpuðu til við uppbyggingu hússins sem er upprunalega frá árinu 1942.

Fallegt hús og einstaklega fallegt umhverfi í kringum veitingastaðinn kallar á nokkuð fína matreiðslu. „Við ákváðum að fara ekki þessa hefðbundnu leið veitingastaða við þjóðveginn, að bjóða upp á hamborgara, pítsur og hálfgerðan skyndimat, heldur vildum við bjóða upp á öðruvísi upplifun. Við erum með lítinn, hnitmiðaðan matseðil með gæði hráefna í fyrirrúmi og reynum að breyta honum nokkuð reglulega og nýtum einnig hráefni úr nærliggjandi umhverfi eftir bestu getu. Við erum staðsett alveg við sjóinn og fáum við úr honum þorsk, bláskel, hörpuskel og fleira. Hraðfrystihús Hellissands er hér rétt hjá okkur og sjá þau okkur fyrir gæðahráefni," segir Gils.

Gott úrval drykkja er líka á staðnum, vín, kokteilar og íslenskar bjórtegundir. Starfsfólk veitir góðfúslega ráðgjöf um heppilega drykki sem henta hverjum og einum.

Gestirnir á Viðvík eru, að sögn Gils, skemmtileg blanda af erlendum og innlendum ferðamönnum og heimafólki. „Heimamenn, innlendir og erlendir ferðamenn eru farnir að veita okkur meiri athygli eftir að við höfum skapað okkur sess fyrir gæði í matreiðslu og þjónustu," segir Gils en Viðvík hefur fengið mjög góðar umsagnir. „Fólk hrósar ekki síður þjónustunni hér en matnum. Við erum líka fjölskyldustaður og kappkostum að taka vel á móti fólki, láta því líða vel hér og kveðja það alúðlega líka," segir Gils, en hann og aðrir eigendur staðarins eru himinlifandi með hvað vel hefur gengið og hversu góðar móttökurnar hafa verið fyrsta ár veitingastaðarins.

Það er ánægjuleg upplifun að eiga stund á veitingastaðnum Viðvík. Að snæða góðan mat í fallegu húsi og njóta góðrar þjónustu er alltaf ánægjulegt, en gullfalleg náttúra allt í kring magnar enn upplifunina. „Við höfum sjóinn og fjörðinn á aðalhlið hússins og hinum megin í salnum blasir Snæfellsjökullinn við," segir Gils og ljóst er að umhverfið gæti ekki verið fallegra.

Viðvík er fremur lítill veitingastaður, tekur 30-40 manns í sæti, og vegna vinsælda staðarins er mælt með því að borð séu pöntuð fyrirfram, í síma 436 1026. Viðvík er kvöldverðarstaður og er opið frá 17 til 22 þriðjudaga – laugardaga og 17 til 21 sunnudaga.

Sjá nánar á Facebook-síðu Viðvík Restaurant og öðrum miðlum.
Instagram @vidvikrestaurant

HRAUN VEITINGAHÚS:

Fjölbreytni fyrir ferðamenn og fjölskyldur

Hraun veitingahús í Ólafsvík er stærsti veitingastaðurinn í Snæfellsbæ og var um tíma eini veitingastaðurinn á svæðinu. Jón Kristinn Ásmundsson matreiðslumaður stofnaði staðinn árið 2014. Hraun var hugsað sem fjölskylduveitingastaður og er það enn í dag en þjónar um leið gífurlegum fjölda erlendra ferðamanna.

„Meginlína í matreiðslunni er fjölbreytnin en við erum með 78 rétti. Menn hrista hausinn þegar við segjum frá því. Önnur meginlína er sú að við kaupum hráefni eins nálægt okkur og hægt er. Erum til dæmis með mikið af fiski úr Breiðafirðinum – þorsk, bleikju, bláskel og hörpuskel. Nautakjötið í hamborgarana okkar kaupum við síðan frá Mýranauti sem er á Mýrunum," segir Jón.

Hraun býður líka upp á lambasteik og lambakjöt í kjötsúpu. Jón segir að útlendingarnir panti meira af fiski en Íslendingar sem sækja staðinn en gott úrval af pitsum fellur gjarnan í kramið hjá fjölskyldum.

„Við erum mjög stór veitingastaður og erum að taka á móti mest um 500-600 gestum á stærstu dögunum," segir Jón. Hraun tekur 90 manns í sæti innandyra og 40 á útisvæði sem er vinsælt þegar vel viðrar.

Yfir sumartímann er opið frá 11:30 til 21:00 alla daga vikunnar en einnig er opið á veturna. „Við ákváðum frá byrjun að hafa opið allt árið en þá var engin traffík um svæðið á veturna. Það hefur breyst með stórauknum ferðamannastraumi. Á veturna bjóðum við jafnframt upp á dæmigerðan íslenskan heimilismat í hádeginu sem vinnandi íbúar á svæðinu nýta sér óspart," segir Jón. Hann segir jafnframt að Hraun finni fyrir því að ferðamannatímabilið hafi lengst upp í allt að hálfu ári, sem hafi mjög góð áhrif á aðsóknina á staðinn.

Jón flutti til Ólafsvíkur fyrir átta árum og unir sér afar vel. „Ég ætla aldrei að flytja héðan. Það er líka svo óskaplega gaman í vinnunni og ég hlakka til að mæta í hana á hverjum morgni," segir hann.

Hraun veitingahús er staðsett Grundarbraut 2 í Ólafsvík. Símanúmer er 431 1030. Sjá nánar á Facebook-síðunni Hraun veitingahús.

KAFFIHÚSIÐ GILBAKKI Á HELLISSANDI:

Staðurinn til að tékka á á leið um Snæfellsnes

Þetta hefur gengið alveg rosalega vel, samt höfum við ekkert auglýst og ekki einu sinn merkt húsið. En þetta er í alfaraleið og þetta flotta hús selur sig sjálft," segir Anna Þóra Böðvarsdóttir, eigandi kaffihússins Gilbakka á Hellissandi, sem opnað var þann 7. júní síðastliðinn.

Opið er á Gilbakka alla daga vikunnar frá 9 til 18 og Anna stendur þar vaktina ásamt tveimur stúlkum, þeim Selmu Marín Hjartardóttur og Anítu Sif Pálsdóttur. Hafa þær stöllur ekki undan því að Gilbakki hefur slegið í gegn, jafnt hjá heimamönnum sem ferðamönnum sem eiga leið um svæðið. „Gilbakki er klárlega staðurinn sem þarf að tékka á ef fólk á leið um Snæfellsnes," segir Anna.

Þó að Gilbakki sé splunkunýtt kaffihús hvílir það samt á gömlum grunni því Anna rak um árabil kaffihúsið Gamla Rif. Þaðan kemur rómuð fiskisúpa Önnu, sem má nánast segja að sé heimsfræg, og er súpan í boði allan daginn á Gilbakka. Þar er líka frábært úrval af kökum og brauðréttum og er það allt búið til á staðnum. Það lífgar upp á stemninguna á kaffihúsinu að hægt er að fylgjast með þeim stöllum búa til réttina í opnu eldhúsinu.

Enn fremur er boðið upp á fjölbreytta kaffidrykki og staðurinn er með vínveitingaleyfi þannig að hægt er að fá sér bjór og léttvín.

Gilbakki er til húsa að Höskuldarbraut á Hellissandi, í afar fallegu húsi þar sem gaman er að sitja með heimilislegum anda sem augljóslega höfðar vel til bæði heimamanna og ferðafólks sem á leið um svæðið og á notalega stund á þessu nýja kaffihúsi.

Sjá nánar á Facebook-síðunni Gilbakki Kaffihús. Símanúmer er 436 1001.

GILBAKKI
KAFFIHÚS

LANGAHOLT:

Heimilislegt gistihús – ljúffengur matur

Langaholt er fjölskyldufyrirtæki í landi Ytri Garða á sunnanverðu Snæfellsnesi og húsráðendur eru Rúna Björg og Keli Vert. Áhersla er lögð á heimilislegan anda á Langaholti og þar er notalegt að gista og snæða.

Fjörutíu herbergi eru í Langaholti og svefnpláss fyrir yfir 80 manns. Að sögn Kela er mikill meirihluti gesta erlendir ferðamenn. „Þetta er þannig staður að við erum í erlendu túristunum og þeir eru hryggjarstykkið í öllu hér. En það er bæði áhugavert og í raun skylda fyrir Íslendinga að ferðast um Snæfellsnesið og kynnast því. Ef þú ert að koma hingað úr höfuðborginni þá geturðu gert margt og mikið á einum degi og komið heim aftur að kvöldi. Slíkt ferðalag getur gert þann dag stóran og upplífgandi og svo er ekki úr vegi að fá sér að borða í leiðinni."

Langaholt liggur töluvert sunnar en hin þekktu sjávarþorp sem eru á Snæfellsnesi, Ólafsvík, Hellissandur og Stykkishólmur, og tekur hámark tvær klukkustundir að aka þangað frá höfuðborgarsvæðinu.

Gera gott úr því sem í grenndinni er

Veitingastaðurinn að Langaholti er öllum opinn, jafnt þeim sem gista og þeim sem eiga leið um svæðið. Er hann opinn frá morgni til kvölds. Morgunverður er framreiddur frá 7 til 10 og segir Keli að auk hótelgestanna séu margir af tjaldsvæðinu í grenndinni sem nýti sér það.

„Frá hádegi og fram eftir degi er þetta síðan heldur einfaldari matseðill sem er í gangi, það er súpa og á þessum tíma selst líka mikið af plokkfiski. Frá klukkan sex til níu á kvöldin er síðan stór matseðill í gildi," segir Keli.

En hvað einkennir matseldina á Langaholti?

„Staðbundið er lykilorð hér. Og svo er þetta fyrst og fremst fiskiveitingastaður. Hér bjóðum við upp á það sem kemur úr hafinu á Snæfellsnesi. Við kaupum sjávarfang ferskt af fiskmörkuðum, bláskelin kemur úr Breiðafirði frá manni sem ræktar hana þar, og hér er ekkert af fiski sett í frost, allt hráefni er ferskt.

Þetta er líka mikið fullvinnslueldhús, við marínerum allt meira og minna sjálf, gerum allar sultur og kæfu sjálf, allan bakstur önnumst við. Og við tökum skepnuna með hausi og hala og nýtum allt sem við mögulega getum af henni. Hér gildir að gera sér að góðu það sem í grenndinni er og gera gott úr því."

Ljóst er að Langaholt er kjörinn áningarstaður fyrir þá sem eiga leið um Snæfellsnes, hvort sem er til að njóta náttúrunnar þar í kring, snæða mat úr héraði á góðum veitingastað eða gista við notalegar og heimilislegar aðstæður.

„Á svona stórum gististað eru alltaf einhver pláss laus," segir Keli. Langaholt er á öllum helstu bókunarsíðum en það er líka hægt að hringja í síma 435 6789, kanna hvað er laust og bóka herbergi.

Sjá nánar á vefsíðunni langaholt.is.

Keli flakar lúðu.

Helga býður upp á he grillmat á tveimur st

Hjónin Helga Magnea Birkisdóttir og Ólafur Sólmundsson reka tvo staði á Snæfellsnesi, Prímus kaffihús á Hellnum og Stapann veitingastað á Arnarstapa.

Hjónin tóku u-beygju í lífinu árið 2014 þegar þau fluttu úr Keflavík vestur á Snæfellsnes. Þar una þau sér vel, umvafin fallegri náttúru og góðum nágrönnum. Nóg er að gera á báðum stöðum og gestirnir eru bæði erlendir og innlendir, ferðamenn, heimamenn og sumarhúsaeigendur.

„Við lentum bara hérna," segir Helga og hlær. Hjónin bjuggu í Sandgerði og Keflavík og voru ekkert í veitingabransanum þar. „Ég var búin að hugsa um að opna kaffihús, en var kannski of hrædd til að stíga skrefið. Kaffihús hafa ekki gengið of vel í Keflavík."

Helga og Ólafur tóku svo af skarið saman, seldu húsið í Keflavík, fluttu að Hellnum og stofnuðu fyrirtækið Birkisól, sem nefnt er eftir feðrum þeirra og í framhaldinu kaffihúsið Prímuskaffi. Fyrir ári síðan opnuðu þau síðan veitingastaðinn Stapann á Arnarstapa.

„Það var kominn tími til að gera eitthvað," segir Helga, sem segist hafa verið komin í góðan þægindaramma.

Heimagert af Helgu sjálfri

„Á Prímuskaffi leggjum við áherslu á heimatilbúinn mat," segir Helga. Leggjum metnað í að hafa sem mest heimagert. Bollurnar eru uppskrift úr hausnum á mér, þær eru með brúnni sósu, kartöflum og hrásalati og auðvita sultu. Þær eru alveg að slá í gegn," segir Helga. Súpurnar eru þrenns konar: sveppa-, fiski- og kjötsúpa og sama á við þær, allt heimagert.

Kaffihúsið er frekar stórt og þar voru áður fjárhús. Prímus er vinsælt meðal ferðamanna og fullt af gestum sem koma þangað með rútum og er til dæmis fullt að gera í hádeginu. Prímus kaffi getur tekið á móti allt að 160 manns og eru þrír salir á staðnum. Það er opið kl. 11-20 og matseðillinn er í boði allan daginn.

„Við viljum bjóða upp á heimilislegt og afslappað andrúmsloft og ég er með frábært starfsfólk," segir Helga. „Starfsfólkið mitt er metnaðarfullt, hrikalega dugleg og leggur sig fram við að læra íslensku."

HM stendur nú yfir og eru allir leikir sýndir á Prímuskaffi í sérsal. „Við sýnum alla leikina á 75 tommu sjónvarpi og það var frábær stemning, mikið gaman og fullur salur þegar Ísland keppti. Við höldum áfram að sýna leikina á HM en áhorfið hefur aðeins minnkað. Útlendingarnir komu uppáklæddir í HÚH bol og það var gaman hvað þeir voru mikið að hvetja Ísland."

Stapinn – Grillstaður og eitthvað í boði fyrir alla

Þó að aðeins sé fimm mínútna keyrsla á milli staðanna og sömu eigendur, eru þeir ólíkir í stíl og úrvali. Stapinn er grillstaður og þar er hægt

„Við viljum bjóða upp á heimilislegt og afslappað andrúmsloft og ég er með frábært starfsfólk"

að fá eitthvað af öllu.

„Hér reynum við að koma til móts við þarfir allra, bjóðum upp á mat af grillinu, bæði hamborgara, veganborgara, kjúklingaborgara, lambasnitsel og fish'n chips. Við notum besta hráefni þorskhnakka í fish'n chips og koma þeir úr héraði og við leggjum mikla áherslu á gæðin. Við erum líka með salsa, heita osta,

eimagerðan mat og öðum á Snæfellsnesi

Hjónin á pallinum

sælgæti og ís. Hér getur þú líka sest inn og fengið þér drykk. Stapinn er pínu orðinn bar á kvöldin, fólk kemur hér við og fær sér smá að sötra til að ylja kroppinn. Það er góð stemming hér og margir sumarhúsaeigendur labba til okkar, fá sér einn drykk, einn ís og svo framvegis."

Stapinn fagnaði 1. árs afmæli þann 12. júní síðastliðinn. „Við héldum partí 2 dögum áður, vorum að jafna okkur daginn eftir og opnuðum svo," segir Helga og hlær. „Þetta var á fallegum sumardegi í fyrra, það var blankalogn og brjálæðislega gott veður. Í sumar hefur bara rignt, en „it s all about the outfit"," segir Helga.

Stapann einkennir stór og mikill pallur sem snýr að Arnarstapavegi. „Við erum með útihúsgögn og útiarinn, en ekki hefur gefist tími til að njóta mikið í sumar Ég legg mikla áherslu á að spila íslenska tónlist á Stapanum og langar að bjóða til útitónleika á pallinum síðar. Við erum enn að gera Stapann upp, vorum að setja gler allan hringinn og eigum eftir að fínisera aðeins á bakvið."

Gönguleiðin milli Arnarstapa og Hellna er talin þriðja fallegasta gönguleið í heimi, það tekur um 50 mínútur að labba hana og svo þarf að labba til baka að bílnum. Það er því tilvalið að njóta fallegrar gönguleiðar og náttúru og kíkja við á Prímus og/eða Stapanum um leið.

Myndir: Friðgeir Helgason

HÓTEL FLATEY:

Í tímalausri fegurð og kyrrð

Það vita kannski fáir að ef þú ert að ferðast með bílinn þinn með ferjunni Baldri frá Stykkishólmi til Vestfjarða eða frá Vestfjörðum til Stykkishólms þá geturðu beðið starfsfólkið í Baldri um að aka bílnum þínum í land á áfangastaðnum og geyma fyrir þig lyklana. Þú getur hins vegar farið úr ferjunni í Flatey og gist eina nótt þar. Þessi þjónusta um borð í ferjunni kostar ekkert aukalega," segir Heiðrún Jensdóttir, hótelstjóri á Hótel Flatey.

Það eru margar góðar ástæður til að dveljast í Flatey og þetta er ein þeirra. Önnur er sú að Hótel Flatey býður 20% afslátt af gistingu á völdum nóttum í sumar.

Að sögn Heiðrúnar eru erlendir gestir á Hótel Flatey í dálitlum meirihluta en hótelið er þó allvinsælt meðal Íslendinga. „Það er líka algengara að erlendir ferðamenn gisti hér í meira en eina nótt þar sem Flatey er oft inná ferðaplaninu þeirra, meðan Íslendingar gista oftast í eina nótt," segir Heiðrún.

Ferskleikinn í fyrirrúmi

Á Hótel Flatey er rekinn framúrskarandi veitingastaður sem er öllum opinn, hvort sem þeir gista á hótelinu eða ekki. „Það er kjörið að stoppa einn dag í Flatey, fara í gönguferð og njóta fegurðarinnar og borða síðan dásamlegan mat á veitingastaðnum," segir Heiðrún, en mikil áhersla er lögð á ferskt hráefni:

„Við reynum að hafa hráefnið sem mest frá staðnum eða nærliggjandi stöðum. Við erum með fjölbreyttan matseðil. Á matseðlinum er m.a. þorskur, lamb, kavíar og bláskel. Kavíarinn okkar er grásleppukavíar sem sjómenn hérna í eyjunni sjá okkur fyrir og gerist ekki ferskari; bláskelin kemur alveg fersk hingað beint frá Stykkishólmi. Þorskurinn og silungurinn koma hins vegar frá Vestfjörðum. Hér er allt unnið frá grunni, við bökum okkar eigið súrdeigsbrauð og kokkurinn býr meira að segja til kryddið í fiskréttina úr þara héðan úr fjörunni."

Kyrrð og fegurð – einstakur staður

„Hérna getur fólk upplifað tímaleysi og hlaðið batteríin í kyrrð og fegurð," segir Heiðrún og bendir á einstakt fuglalífið sem er einstaklega gaman að skoða. „Svo eru það öll gömlu, fallegu og vel uppgerðu húsin hérna sem eru sannkallað augnayndi. Hérna er elsta bókasafn landsins sem gaman er að skoða og kirkjan er fallega skreytt með málverkum eftir Baltasar Samper. Flatey er einstakur staður."

Þá spillir ekki fyrir að reglulega eru skemmtilegar uppákomur á hótelinu. Fyrr í sumar hafa skemmt þar gestum jassistarnir Tómas R. Einarsson og Ómar Guðjónsson. Þá tróð rapparinn Emmsje Gauti upp á Hótel Flatey fyrir skömmu. Á næstunni spilar hljómsveitin Ske og í ágústmánuði er von á Gunnari Þórðarsyni. Um verslunarmannahelgina mun hin ástæla söngkona, Sigríður Thorlacius, troða upp með hljómsveit sinni.

Bókunarsími á Hótel Flatey er 555 7788. Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðunni hotelflatey.is.

Veðurspá

fyrir júlí

7/7	8/7	9/7	10/7	11/7
12/7	13/7	14/7	15/7	16/7
17/7	18/7	19/7	20/7	21/7
22/7	23/7	24/7	25/7	26/7
27/7	28/7	29/7	30/7	31/7

Á ekki að sjá sólina í sumar?

DOHOP
Anywhere. Simple.

dohop.is

Nói Stefán er þriggja ára sjarmör með hvítblæði

Aníta Estíva Harðardóttir
anita@dv.is



Telma Lind Stefánsdóttir missti bróðir sinn, Kristinn Arnar Stefánsson úr stoðvefja krabbameini þann 8. mars árið 2016. Tæplega tveimur árum síðar, eða í janúar á þessu ári, greindist þriggja ára gamall sonur hennar, Nói Stefán Þorsteinsson með hvítblæði eftir langt og erfitt greiningarferli.

„Bróðir minn dó mjög snögglega eftir stutt og erfið veikindi langt fyrir aldur fram. Hann var einungis 42 ára gamall þegar hann lést og þá var nýfæddur sonur hans aðeins níu daga gamall,“ segir Telma Lind í viðtali við Bleikt.

Læknar sögðu Nóa verða heilsuhraustan við þriggja ára aldurinn

Bróðir Telmu var guðfaðir Nóa og telur hún víst að í dag sé hann verndarengill hans í baráttu þeirra við hvítblæðið.

„Ég veit að hann berst fyrir hann að handan. Nói Stefán er þriggja ára gullmoli, mikill sjarmör og algjör gleðipinni. Hann hefur alltaf verið vinamargur og elskar hann alla vini sína. Hann er líka algjör afastrákur og hefur mikla matarást á ömmu Lindu sem passar alltaf upp á það að hann borði vel, sérstaklega núna í veikindunum.“

Nói er að sögn Telmu mjög félagslyndur og bræðir hann alla sem á vegi hans verða með stóru augunum sínum og skemmtilegum karakter. Nói fæddist þann 16. september árið 2014 og er hann eina barn Telmu.

„Alla meðgönguna vissi ég að ég gengi með strák og var ég strax farin að kalla bumbuna mína Nóa áður en ég vissi kynið. Það kom fólki því ekki á óvart þegar ég skírði hann Nóa en pabbi hans, Þorsteinn Jóhansson, fékk að velja miðnafnið og valdi hann Stefán í höfuðið á pabba mínum.“

Fyrstu átján mánuðina af ævi Nóa var hann mjög frískur. Að sögn Telmu var hann auðvelt barn sem var að flýta sér að stækka.

„Hann fékk fyrstu tennurnar um þriggja mánaða og var farinn að labba um tíu mánaða aldur. Það var svo í maí árið 2016 sem hann veikist alvarlega af lungnabólgu þegar hann var að byrja í leikskóla. Í kjölfarið varð hann oft og mikið veikur og var mér bent á að fara með hann í Domus. Þar hitti ég lækni sem greindi hann með astma sem ég skildi aldrei af því að Nói var aldrei með mikið kvef né surgaði í honum eins og algengt er hjá börnum með astma. Ef kólnaði í veðri varð Nói alltaf mikið veikur en ég fékk alltaf sama svarið. Hann væri astmabarn og myndi hætta að verða veikur þegar hann yrði þriggja ára. En það gerðist aldrei.“

Telma fékk aldrei nein svör frá læknunum

Þegar Nói varð þriggja ára gamall í september á síðasta ári fóru

ÓSAL

Varahlutaverslun og þjónusta

ÓSAL VARAHLUTAVERSLUN

TANGARHÖFÐA 4
110 REYKJAVÍK
SÍMI 515 7200

www.osal.is
osal@osal.is
FAX 515 720



Ósal sérhæfir sig í
þjónustu og varahlutasölu
í aftanívagna af öllum gerðum.
Allt frá ljósaperum upp í vagnöxla.

Ásetning á bremsuborðum.
Bilanagreining í bremsukerfum vagna.
Stilling á loftventlum.
Sérpantanir á varahlutum.

> Ég var því farin að leita eigin ráða og las mikið á netinu til þess að reyna að greina hann sjálf. Það á engin mamma að gera. En ég fékk enga hjálp.



> Þarna vissi mömmuhjartað að eitthvað var að.

veikindi hans að aukast til muna. Þegar hann fékk ælupest átti hann það til að æla stanslaust í heila viku í senn sem Telmu fannst virkilega óeðlilegt.

„Þann 30. september í fyrra byrjaði Nói að fá rauðar doppur á hæla og fætur eins og um hlaupabólu væri að ræða. Þessu fylgdi enginn kláði og enn og aftur fór ég með hann til læknis og þar fékk ég svar sem ég mun seint gleyma. Læknirinn sagði mér að hann vissi ekkert hvað þetta væri, hefði aldrei séð svona áður og að þetta væri ekki hlaupabóla. Svo ég geng enn eina ferðina út frá lækni með enginn svör."

Nói var á þessum tíma mikið lasinn og fór Telma með hann reglulega á heilsugæsluna í leit að hjálp.

„Ég fékk alltaf sömu svörin. Hann væri með slæma flensu og að börn verði oft veik á þessum árstíma. Mér var hætt að standa á sama, var alltaf með hnút í maganum og leið alveg hræðilega yfir þessu. Mér fannst ég vera ömurleg mamma."

Dag einn fór Nói að haltra og steig lítið í annan fótinn. Telma leitaði enn eina ferðina til læknis sem sagði henni að þetta væru vaxtaverkir og að hann mætti alveg hoppa á öðrum fætinum.

„Nokkrum vikum seinna eða í desember fær Nói Stefán enn eina ælupestina og var með hana í heila viku. Þá heimtaði ég blóðprufu sem sýndi svo ekkert. En hann var alltaf slappur. Ég er heppin að eiga yndislega móður sem var alltaf með hann heima svo ég myndi ekki missa úr vinnu því Nói var löngu búinn með veikindadagana sína og pabbi hans var mikið á sjó. Ég fékk alltaf mikla hjálp frá mömmu og pabba sem er ekki sjálfgefið en þau vilja allt fyrir hann gera."

Nói fór að draga sig í hlé og sofnaði hvar sem er

Yfir jólin var Nói mjög slappur en á þeim tíma var Telma hætt að fara með hann til læknis þar sem hún fékk engin ráð.

„Í janúar á þessu ári var Nói orðinn mjög veiklulegur og virkilega hvítur. Ég man alltaf eftir því þegar Lukka vinkona mín sagði mér að henni finndist hann vera orðinn svo hvítur, það situr fast í mér í dag."

Hegðun Nóa breyttist mikið og fór hann að draga sig reglulega í hlé sem var mjög ólíkt hans persónuleika.

„Hann hafði alltaf verið á fullu, hoppandi og skoppandi úti um allt en þarna var hann alveg hættur að stíga í annan fótinn. Dró hann frekar á eftir sér og leið mjög illa. Hann var alltaf þreyttur og sofnaði hvar sem var. Þarna vissi mömmuhjartað að eitthvað var að og var ég orðin fastagetur á heilsugæslustöðinni. Enginn gerði hins vegar neitt til þess að greina hann og ég fékk alltaf sömu svörin. Ég var því farin að leita eigin ráða og las mikið á netinu til þess að reyna að greina hann sjálf. Það á engin mamma að gera. En ég fékk enga hjálp."

Telma ákvað að panta tíma fyrir Nóa í göngugreiningu til þess að sjá hvort þau gætu hjálpað honum að ganga aftur. Eftir þann tíma hringdi Telma á heilsugæslustöðina til þess að fá vottorð fyrir sérsmíðuðum skóm handa Nóa og bað hún um að fá að ræða við þann lækni sem hún hafði hitt síðast.

„Eftir stutta stund hringir læknir í mig en tilkynnir mér að hann hafi ekki séð Nóa áður og að ég hefði líklegla ruglað þeim saman. Svo segir hann mér að hann hafi lesið gögnin hans Nóa og að hann héldi að hér væri ekki allt með feldu. Hann bað mig um að fara með hann til barnalæknis sem hann skrifaði upp á beiðni fyrir. Eftir þetta símtal var ég alveg viss um að Nói væri með hvítblæði. Ég pantaði tíma og hugsaði með mér að loksins myndi einhver hjálpa okkur."

Ætlaði að öskra á bráðamóttökunni þar til hún fengi hjálp

Þegar Telma mætti með Nóa til læknisins varð hann hissa og skildi ekki af hverju þau væru komin til hans.

„Hann skoðaði hann samt sem áður og sagði við okkur að við myndum gera þetta í rólegheitunum. Inni í mér var ég öskrandi því ég vildi ekki taka því rólega. Ég vildi að það yrði eitthvað gert strax. En ég sagði ekkert og sé mikið eftir því í dag því þá hefði hann fengið hjálpina fyrr. Daginn eftir fóru mamma og pabbi með Nóa í myndatöku þar sem ég þurfti að vinna. Viku seinna vorum við mætt aftur til barnalæknisins og þarna var ég orðin svo ráðalaus og Nói svo verkjaður að ég sagði við móður mína áður en við fórum inn að ef við fengjum ekki hjálp í dag þá myndi ég fara beinustu leið á bráðamóttökuna og öskra þangað til einhver myndi hjálpa okkur."

Læknirinn greindi Telmu frá því að myndatökurnar hefðu komið vel út. Það var á þessum tíma sem Telma var við það að gefast upp en þá greip móðir hennar inn.

„Sem betur fer var mamma mín með mér og hún spurði lækninn hvað ætti þá að gera næst. Hún sagði honum að verið væri að spyrja okkur að því hvort þetta gæti verið hvítblæði en raunin var sú að það var ég sem hugsaði það. Eftir að mamma gekk svona á lækninn breyttist svipurinn hans fljótt og hann fór að fylla út form. Hann bað okkur um að fara strax með hann í blóðprufu á Landspítalann og sagði að við fengjum niðurstöður eftir nokkra daga."

Heimurinn hrundi með einu símtali

Telma ætlaði að fara til Brussel í heimsókn til vinkonu sinnar nokkrum dögum síðar og sagðin lækninum frá því og að hún yrði með símann á sér á meðan.

„Eftir blóðprufurnar var ég frekar róleg og fegin að loksins fengjum við niðurstöður. Rétt rúmlega klukkutíma síðar hringir síminn. Það var læknirinn hans Nóa Stefáns og byrjaði á að biðja mig um að hætta við að fara erlendis. Hann hélt svo áfram og sagðist vilja vera alveg hreinskilinn við mig og að hann teldi líklegt að við hefðum rétt fyrir okkur. Það liti allt út fyrir að Nói Stefán væri með hvítblæði."

Þegar Telma fékk símtalið frá lækninum sat hún við eldhúsborðið með móður sinni og syni.

„Það hrundi allt í kringum mig. Ég sat þarna og horfði hágrátandi á fallega drenginn minn og vissi ekki í hvorn fótinn ég átti að stíga. Átti ég að standa, sitja eða öskra? Allar minningarnar um veikindi bróður míns komu upp í huga mér og það eina sem ég hugsaði var að sonur minn væri með krabbamein og að hann væri að fara að deyja. Hvað hafði ég gert alheiminum ▶

til þess að fallegi strákurinn minn yrði veikur. Ég sat alveg stjörf.“

Pabbi Nóa var fastur á sjó og vissi ekki af veikindunum

Morguninn eftir var búið að spá óveðri og þurfti Telma því að vekja Nóa klukkan fimm um morguninn til þess að komast á spítalann.

„Ég man lítið eftir þessum degi nema gráturinn lifir í minningunni. Mamma og pabbi voru mér við hlið eins og alltaf en pabbi Nóa var úti á sjó í mánaðartúr sem var aðeins hálfnaður. Hann vissi því ekkert hvað var að ske í lífi sonar síns. Eftir að Nói var búinn í beinmergssýnatöku var staðfest að hann væri með ALL hvítblæði og þurfti hann að byrja strax í meðferð. Ég vissi ekki í hvorn fótinn ég átti að stíga og það var allt í þoku. Ég gat ekki ákveðið hvort ég ætti að láta pabba hans vita eða bíða með það þar til hann kæmi í land. Ég vildi ekki að hann væri fastur úti á sjó í áfalli og gæti ekki unnið vegna áhyggja. Ég ákvað því að segja honum að verið væri að rannsaka Nóa og að hlutirnir kæmu í ljós á næstu vikum.“

Daginn eftir var Nói svæfður og hann sendur í rúmlega þriggja tíma aðgerð þar sem settur var upp lyfjabrunnur fyrir komandi meðferð.

„Biðin var hrikaleg og þegar ég fékk loksins að fara inn á vöknun til hans var hann svo áttavilltur en samt sterkur og blíður. Okkur var ekki gefinn neinn tími til þess að anda á milli og klukkustund síðar byrjaði hann strax í fyrstu lyfjameðferðinni. Þetta þurfti að gerast strax og með þessu vorum við flutt inn á spítalann í algjörri sorg og tóm að innan. Þessa vikuna vakti ég sólarhringunum saman og hágrét þegar enginn sá til. Ég vildi ekki að Nói sæi mömmu sína grátandi og setti upp grímu fyrir aðra, en að innan var ég handónýt. Næstu tvær vikur horfði ég á son minn kveljast og verða veikari og veikari. Útlit hans breyttist mjög hratt og fljótlega var hann orðinn svo ólíkur sér í útliti. Alltaf bræddi hann þó alla í kringum sig, sama hversu veikur hann var og er enn.“

Barnaspítalinn varð heimilið

Fyrstu þrjá mánuðina þurfti Nói mikið að vera í einangrun og tók sá tími mjög á Telmu sem sá ekki fyrir endann á veikindunum.

„Eftir páska fór þetta aðeins að breytast og hefur Nói mikið verið heima núna með nokkrum innlögnum. Nú vonum við að það versta sé búið og að allt sé á leiðinni upp á við.“

Telma segir bæði andlegt og líkamlegt ástand hennar hafa farið í rúst þar sem allt hrundi í kringum hana.

„Maður er bara kominn með nýtt heimili niðri á barnaspítala, hættir að vinna og sofa og fer í baráttustöðu með barninu sínu. Það sem er svo erfitt er að geta ekki skipt um stað við hann, það eina sem ég get gert er að berjast með honum. Ég er að reyna að vera jákvæð en það er virkilega erfitt og ég hef heldur ekki fengið neina hjálp til þess að vinna úr þessu öllu saman. Ég hef sjálf bætt á mig fimmtán kílóum síðan hann greindist í febrúar. Ég tók hins vegar nýlega ákvörðun um að ég gæti ekki boðið drengnum mínum upp á þetta lengur og er farin að hugsa um heilsuna. Ég hugsa mikið til bróður míns sem sagði mér alltaf að ég þyrfti að berjast og að ég væri að gera frábæra hluti. Ég þarf að vera hraust fyrir hann og auðvitað mig líka.“



> Það hrundi allt í kringum mig. Ég sat þarna og horfði hágrátandi á fallega drenginn minn.

„Mamma, ég vill ekki deyja“

Telma segist virkilega hafa lært að meta það hversu sterkt bakland hún hefur og hvað hún á marga góða að.

„Foreldrar mínir, sem misstu son sinn fyrir tveimur árum síðan úr krabbameini, hafa verið eins og sleggjur við hliðina á mér og hjálpað mér mjög mikið. Síðan á ég fleiri fjölskyldumeðlimi og vini sem eru alltaf til taks og vilja allt fyrir okkur gera. Þau elska Nóa Stefán skilyrðislaust og setja hann alltaf í fyrsta sæti sem mér finnst mjög fallegt. Í svona ferli sér maður lífið í allt öðru ljósi og það breytist mikið þegar maður á veikt barn. En þetta er einnig sá tími sem ég sé hverjir standa við bakið á okkur og hverjir hverfa. Ég veit að allir eiga miserfitt með þetta en það á ekki að bitna á litlum dreng. Hann hefur því miður lent í mörgu ljótu síðan hann greindist og við öll fjölskyldan. En við horfum frekar bjart fram á veginn og forðumst það ljóta.“

Fljótlega eru komnir fimm mánuðir síðan Nói Stefán greindist en meðferðartími hans verður um tvö og hálft ár. Hann er því rétt að hefja baráttu sína.

„Nói kallar þetta ljótu frumurnar og er hann mjög meðvitaður um að hann sé veikur. Hann er duglegur að spyrja hvaða lyf hann sé að fá og veit orðið allt sem hjúkrunarfólkið er að gera. Upp á síðkastið spyr hann mikið af hverju hann varð veikur og spyr mig hvort það hafi gerst í bumbunni. Hann spyr mjög mikið um veikindi sín og veltir því fyrir sér af hverju sumir deyja og aðrir lifa. Hann spyr líka mikið um það af hverju Addi frændi hans hafi ekki lifað af þegar hann varð veikur og hvort hann sé í tunglinu að passa upp á sig. Það er þó eitt sem stingur mömmuhjartað mest, en það er þegar Nói minn segir: „Mamma, ég vil ekki deyja.“ Hann segir það mjög oft, sérstaklega þegar við erum að keyra upp á spítala. Ég segi honum daglega að það sé ekki að fara að gerast og að vondu frumurnar muni ekki sigra. Þá knúsar hann mig og kyssir.“

Keppir í hjólastól fyrir Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna

Nói Stefán hefur ekki gengið síðan í janúar og hefur Telma ekki tekið eftir miklum bata, sem veldur henni áhyggjum. Hann er þó kominn með sjúkraþjálfara þar sem hann þarf að læra að ganga alveg upp á nýtt.

Telma og Nói skráðu sig saman í Reykjavíkurmaraþonið og ætla þau sér að safna fyrir Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna (SKB).

„Nói er svo spenntur fyrir Reykjavíkurmaraþoninu og er alveg sáttur við að keppa í hjólastól eða góðri hlaupakerru. Við munum ekki hlaupa ein því samferða okkur verða bestu vinir hans, Ellý og Brynjar, vinkonur mínar og pabbi hans Nóa. Hann talar mikið um hlaupið og hlakkar svo mikið til að fá sína eigin medalíu. Og svo vill hann líka bikar,“ segir Telma og brosir breitt.

Orð bróður hennar lifa áfram

Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna hefur reynst Telmu og Nóa vel í þessu erfiða ferli sem þau takast nú á við og vilja þau gefa til baka.

„Þegar enginn náði sambandi við mig þá kom kona frá SKB sem gaf okkur styrk. Í staðinn fyrir að tala mikið við mig þá rétti hún mér möppu með allskonar upplýsingum og sagði mér frá mömmuhóp sem hittist reglulega á þeirra vegum. Þegar ég var loksins að komast niður á jörðina þá opnaði ég möppuna og var svo glöð að geta lesið allan þennan fróðleik sem ég hafði aldrei heyrt um. SKB er að gera svo flotta hluti og standa við bakið á foreldrum sem eru með börn í meðferð og þau sem eru búin í meðferð. Þau eru alltaf tilbúin til þess að vera til staðar. Það er mömmuhópnum í SKB að þakka að ég ákvað að skrá mig og Nóa í maraþonið. Ég hafði gefið út yfirlýsingu um að ég vildi að ég gæti hlaupið fyrir SKB en af því að ég væri búin að bæta svo á mig og hafði ekki hlaupið í fimmtán ár þá gæti ég það ekki. Þær hvöttu mig hins vegar áfram sem gaf mér styrk til þess að skrá mig og Nóa.“

Telma segir mikilvægt fyrir fólk að láta smáatriði ekki koma í veg fyrir sterk fjölskyldubönd eða vináttu.

„Nú er tíminn til þess að elska hvort annað og hjálpa þeim sem minna mega sín, þótt það sé bara faðmlag. Það sem ég vil fyrir mig og Nóa varðandi hans veikindi er það sem Addi bróðir sagði alltaf: „Við viljum enga vorkun, sendið okkur bara fallegt ljós.““ ■

Hlíðasmári 2, 5 hæð
S:519-2600

Húsaskjól fasteignasala

VANDAÐ OG HRATT SÖLUFERLI SEM SKILAR ÁRANGRI

FRÍ FAGLEG RÁÐGJÖF OG PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA

AÐALÞING 10

203 KÓPAVOGUR

VIÐ KYNNUM STÓRGLÆSILEGT 261,1 FM

SEX HERBERGJA ENDARAÐHÚS Í KÓPAVOGI

Opið hús 7 júlí kl 13:00-13:30

UM ER AÐ RÆÐA FALLEGA SEX HERBERGJA OG VEL SKIPULAGÐA ÚTSÝNISÍBÚÐ Á TVEIMUR HÆÐUM MEÐ INNBYGGÐUM BÍLSKÚR.

FIMM SVEFNHERBERGI, TVÖ BAÐHERBERGI OG TVENNAR SVALIR. EIGNIN ER VEL STAÐSETT INNST Í BOTNLANGA. ELDHÚS OG STOFA ER RÚMGOTT ALRÝMI MEÐ DÁSAMLEGU ÚTSÝNI YFIR ELLIÐARÁRVATN, HEIÐMÖRK OG FRÁBÆRU FJALLASÝNI.

EIGENDUR SKOÐA SKIPTI Á MINNI EIGN

Opið hús 7 júlí kl 15:00-15:30

HVERFISGATA 63

141,4 fm **Verð: 64,9 millj**

Virkilega fallegt og sjarmerandi 4ra herbergja einbýli í hjarta hafnarfjarðar. Húsið er staðsett við lækinn og í göngufæri við miðbæinn. Húsið er mjög skipulagt á tveimur hæðum auk kjallara. Þetta er eitt af þessum yndislegu húsum með sál.

Stór garður og heitur pottur fylgir eign!

Opið hús 7 júlí kl 14:00-14:30

MÁNALIND 19

243,3 fm **Verð: 89,9 millj**

Rúmgott og vel skipulagt parhús á tveimur hæðum. 4 rúmgóð svefnherbergi og glæsilegt útsýni. Húsið er staðsett innst í botnlanga. Virkilega hagstætt verð í þessu vinsæla hverfi, nýlegar sölur í kringum 422þús fm, hérna er fm verðið 369þús og því virkilega góð kaup! Skipti mögulega á 3ja - 4ra herbergja íbúð.

Ekki láta þessa framhjá ykkur fara!

STAKKHOLT 2B

149,9 fm **Verð: 79,9 millj**

Glæsileg og vel skipulögð fjögurra herbergja íbúð á 7. hæð (efstu) í 105 Reykjavík með stæði í bílageymslu. Glæsilegt útsýni er frá íbúðinni til suðurs og austurs. Frábær staðsetning, stutt í alla helstu þjónustu og miðbærinn í göngufæri.

Glæsileg eign sem vert er að skoða!

TJARNARHÓLSLAUT 82

189.5 fm **Verð: 69,9 millj**

Vandað og glæsilegt sumarhús á tveimur hæðum í Grímsnes- og Grafningshreppi, með innbyggðum bílskúr sem er ekki í skráðum fermetrum. Húsið er stórt og reisulegt, mjög rúmgott með mikilli lofthæð á efri hæðinni. 4 svefnherbergi og 2 stofur. Efri hæðin er mjög rúmgóð og frábært rými til að taka á móti stórfjölskyldunni. Algjörlega einstök eign!

Glæsileg eign með heitapotti og útsýni!

EYJAVEGUR 15

134,2 fm **Verð: 28,5 millj**

Mjög fallegt og rúmgott bjálkahús á tveimur hæðum með 4 svefnherbergjum, 2 baðherbergjum og heitum potti rétt við Geysi á 7.500 fm. eignarlóð. Allt innbú getur fylgt húsinu og góðir útleigumöguleikar eru til staðar. Fótboltavöllur er á lóðinni og notalegt að liggja í pottinum og horfa á strokk gjósa,

Glæsileg eign og frábær kaup!



FÍFULIND 4

103,6 fm **Verð: 52,9 millj**

Falleg fjögurra herbergja íbúð á jarðhæð með sólpalli við Fífulind 4. Íbúðin hefur verið í airbnb útleigu og hefur öll tilskilin leyfi. Hægt er að kaupa allt innbú.

Nánari upplýsingar veitir

Ásdís Ósk
Lögg.fasteignasali
S:863-0402
asdis@husaskjol.is

Frábærir útleigumöguleikar!

SAKAMÁL

MORÐINGINN MATTI VAR SÉRFRÆÐ

Matti Haapoja er þekktasti raðmorðinginn í sögu Finnlands þrátt fyrir að vera aðeins dæmdur fyrir tvö morð en hann var uppi á síðari hluta 19. aldar. Talið er að fórnarlömb hans séu á bilinu 22 til 25.

Fyrsta þekkta drápið framdi hann árið 1867 þegar hann stakk drykkjufélaga sinn. Eftir þetta hófst blóðugur og

ÓHUGNALEGT BARNSM

■ Síðasta mál Rejseholdet var eitt umtalaðasta morðmálið í Danmörku ■ Deildin lögð niður eftir

Margir sjónvarpsáhorfendur muna væntanlega eftir dönsku sjónvarpsþáttunum Rejseholdet sem sýndir voru hér á landi fyrir margt löngu og nutu mikilla vinsælda. En það eru kannski ekki allir sem vita að Rejseholdet var í raun og veru til sem sérstök deild hjá danska ríkislögreglustjóraembættinu og sá um rannsóknir alvarlegra afbrota um alla Danmörku. Málið sem hér er til umfjöllunar var það síðasta sem Rejseholdet rannsakaði og upplýsti áður en það var lagt niður eftir 75 ára sögu.

Það var föstudagskvöldið 27. júní 2003 að hin 12 ára gamla Mia sagði mömmu sinni að hún ætlaði að skjótast út á leikvöll en kæmi heim um 22. Hún bjó ásamt fjölskyldu sinni í Benløse sem er lítill bær á Sjálandi. Hún þurfti að hjóla smá spöl frá heimili sínu til leikvallarins en þar léku börn sér oft á kvöldin. Foreldrar hennar sofnuðu og vöknuðu ekki fyrr en klukkan 02.40 og sáu þá strax að Mia hafði ekki skilað sér heim. Þau hringdu í lögregluna og ákveðið var að ef Mia yrði ekki komin heim næsta morgun myndi þau hringja aftur. Þegar hún hafði ekki skilað sér klukkan 08.30 hófst leit að henni. Leitað var nærri leikvellinum og var fjöldi lögreglumanna við leit og lögregluhundar voru fengnir frá öðrum lögregluliðum. En leitin bar engan árangur. Lýst var eftir henni í sjónvarpsfréttum um kvöldið. Á sunnudeginum var enn viðameiri leit gerð að Miu. Leitað var í kjöllurum 630 heimila, sorprennum, gámum og lóðum húsa auk almenningsgarða. Um klukkan 14.30 fannst reiðhjól Miu í limgerði sem skilur tvo knattspyrnuvelli að á milli Asgårdsskólans og Benløseskólans. Þetta var tæplega 300 metra frá leikvellinum.

> **Síðdegis gaf einn lögregluhundanna til kynna að hann hefði fundið eitthvað.**

Í framhaldi af þessu var leitað í limgerðinu sem skilur leikvöllinn frá öðrum knattspyrnuvellinum. Það var um sjö metra breitt og tíu metra hátt og mjög gróskumikið. Í miðju þess var göngustígur sem ekki sást utanfrá. Síðdegis gaf einn lögregluhundanna til kynna að hann hefði fundið eitthvað. Það reyndist vera notaður smokkur. Nærri staðnum, þar sem smokk-

DINGUR Í FLÓTTA

umtalaður glæpaferill hans fyrir alvöru því að Matti hafði lag á því að sleppa úr fangelsum og brjóta þá aftur af sér. Árið 1880 var hann sendur í fangabúðir til Síberíu en hélt

þá áfram að drepa og var sendur til austur-Síberíu. Þaðan slapp hann aftur til Finnlands árið 1890 og eitt af hans fyrstu verkum í heimalandinu var að myrða vændiskonu.

Sögur af glæpum Matti voru mikið á síðum finnsku dagblaðanna, þjóðsögur spruttu upp og söngvar voru samdir um verknaði hans. Í seinni tíð hafa þrjú leikrit verið sett á svið um líf Matti.

Í einni flóttatilrauninni árið 1894 drap hann fangavörð en lenti svo í vandræðum og sá að hann kæmist ekki burt. Þá reyndi hann að taka eigið líf með því að stinga sig með hníf. Þegar hann hafði náð sér af stungusárinu þremur mánuðum síðar klárаði hann verkið með því að hengja sig klefanum þar sem hann beið réttarhalda.

Rannsóknardeild lögreglu að störfum

MORÐ

Mia Teglgaard Sprotte

Var aðeins 12 ára gömul þegar hún var myrt.

Sem var leyst

urinn lá, var eins og jarðveginum hefði verið raskað en erfitt var að átta sig alveg á því þar sem nýlega hafði rignt. Hundur var látinn leita á staðnum og var hann mjög ákafur og fór að grafa. Hann var stöðvaður og sérfræðingar lögreglunnar hófust handa við uppgröftinn. Á um 15 sm dýpi fannst grænt nælonband og á 40 sm dýpi kom blár fatnaður í ljós. Þegar lögreglumenn gerðu gat á fatnaðinn kom mannshúð í ljós. Líkið var grafið upp og fljótlega var ljóst að þarna var um lík Miu að ræða. Það var að hálfu án fata, áverkar voru á andlitinu og grænt nælonband var vafið utan um hálsinn og hnútur á því. Fatnaðurinn, sem vantaði, fannst í gröfinni.

Umfangsmikil rannsókn

Út frá því sem vitni sögðu var hægt að slá því föstu að Mia var á lífi klukkan 20.15 en þá sást til hennar hjóla á stígnum frá Benløseskólanum til leikvallarins. Smokkurinn var sendur til rannsóknar og leitað að DNA.

Laugardaginn 5. júlí barst lögreglunni ábending um að 22 ára karlmaður, Steffen Kristensen að nafni, hefði hugsanlega myrt Miu. Steffen bjó í Benløseparken. Hann var sagður hafa komið heim til sín að kvöldi 27. júní og hafi strax sett fötin sín í þvottavél og þvegið þau. Lögreglan ræddi við Steffen sem sagði þetta rétt vera og gaf þá skýringu að hann hefði fengið olíu af reiðhjóli sínu í buxurnar og því hefði hann þurft að þvo þær. Hann þvertók fyrir að vita nokkuð um morðið og bauðst til að láta lögreglunni DNA-sýni í té.

Þann 12. júlí barst niðurstaða úr rannsókn á smokknum og sýndi hún að DNA, sem fannst utan á honum, var úr Miu. Í sæðinu fannst fullkomin DNA-uppbygging sem reyndist vera úr manni sem var ekki á skrá lögreglunnar. Lögreglan ákvað nú að beina athyglinni að Steffen en hún hafði 60 nöfn grunaðra á skrá í málinu. Fjarvistarsönnun Steffen að kvöldi 27. júní reyndist ekki vera traust. Auk þess höfðu vitni séð til manns, sem líktist Steffen, nærri morðvettvanginum. Steffen var tekinn til yfirheyrslu á nýjan leik þann 14. júlí og blóðprufa tekin úr honum til DNA-rannsóknar. Húsleit var einnig gerð heima hjá honum en hann bjó í foreldrahúsum. Við leitina fundust umbúðir utan af smokkum sem og myndir af rössum barnungra stúlkna en myndirnar höfðu greinilega verið teknar á opnum svæðum í og við Benløseparken. Einnig fundust klámmyndir sem búið var að líma andlitsmyndir af ungum stúlkum á. Um kvöldmatarleyti fékkst staðfest hjá tæknideild lögreglunnar að smokkapakkinn, sem fannst í íbúð Steffen, passaði við umbúðirnar sem fundust við gröfina. Steffen var því handtekinn og yfirheyrður. Hann bar við minnisleysi en brotnaði saman um kvöldið og sagðist muna eftir að hafa grafið holu í miðju kjarri.

Þegar færa átti hann fyrir dómara næsta morgun til að krefjast gæsluvarðhalds játaði hann að hafa myrt Miu. Hann sagðist hafa sett grænt nælonband utan um háls hennar og hert að. Hann sagðist því næst muna að hún hafi legið á jörðinni og hafi gefið undarleg hljóð frá sér og hafi hann þá misst stjórn á sér og stappað á hálsi hennar þrisvar sinnum. Hann sagðist því næst hafa klætt hana úr buxunum og brotið kynferðislega gegn henni.

Dómur kveðinn upp

Steffen sat í gæsluvarðhaldi þar til dómur var kveðinn upp í lok apríl 2004. Saksóknari krafðist þess að Steffen yrði dæmdur til ótímabundinnar vistunar í fangelsi en það er þyngsta mögulega refsing í Danmörku en til vara að hann yrði dæmdur í ævilangt fangelsi. Steffen var fundinn sekur um öll ákæruatriðin og dæmdur til ótímabundinnar vistunar í fangelsi. Steffen áfrýjaði dómnum strax en féll frá áfrýjuninni nokkrum vikum síðar.

Morðið á Miu vakti mikla athygli í Danmörku og mikil fjölmiðlaumfjöllun var um það enda um sérstaklega grimmdarlegt barnsmorð að ræða. Málið fékk að vonum mjög á íbúa í Benløse sem og í Danmörku allri. ■

Steffen Kristensen Hlaut ævinlangan fangelsisdóm fyrir morðið á Miu.

SÓFA & BORÐSTOFU DAGAR

20-50% AFSLÁTTUR Á SÓFA OG BORÐSTOFUDÖGUM



Vogue FYRIR HEIMILIÐ

Síðumúla 30 - Reykjavík
Hofsbót 4 - Akureyri

Í guðs bænum fróið ykkur!

8 ástæður fyrir konur til þess að fróa sér meira ■ Minnkar stress og styrkir sjálfsmyndina

Ragnheiður Eiríksdóttir
ragga@dv.is

Ragga, mig langar stundum að fróa mér en finnst ég vera að svíkja kærastann ef ég geri það. Ég hef gert það hálfpartinn í laumi og fæ mikið samviskubit eftir á. Er eðlilegt að 26 ára kona í góðu sambandi við mann sem er algjör snillingur í rúminu hafi þessar þarfir?“

Facebook-vinkona mín sendi mér þessar línur í gær. Við þekkjumst ekki mikið – en ég fékk leyfi hennar til birtingar og innblásturs. Þetta er nefnilega alls ekki í fyrsta sinn sem ég fæ álíka spurningu frá konu sem langar að fróa sér, eða stundar sjálfsfróun, en er haldin skömm eða samviskubiti vegna þessarar saklausu og meinhollu iðju. Það er auðvitað ekki hægt að fullveðja kvenkyns kynverur gangi um með hugmyndir um að það sé eitthvað rangt við að stunda sjálfsfróun. Þess vegna er full ástæða til að rifja upp nokkur atriði sem sýna fram á hollustu sjálfsfróunar algerlega óháð sambandsstöðu!

Með sjálfsfróun styrkir þú ástarsambandið við sjálfa þig. Þekking á eigin líkama getur verið mjög valdeflandi og betra/jákvæðara samband við líkamann eykur hamingju þína og gerir þig hæfari til að finna hamingjuríka nánd með öðrum.

Sjálfsfróun bætir kynlíf þitt með öðrum. Sjálfsfróun er langbesta leiðin til að skoða hvað virkar fyrir þig og hvaða leiðir þú getur notað til að fá fullnægingu með öðrum. Það sem þú gerir í kynlífinu með sjálfri þér á líka heima í bólinu með því fólki sem þú kýst að stunda kynlíf með. Ef þú veist hvað virkar og hvað þú vilt getur þú kennt einhverjum öðrum þær aðferðir. Í öllum bænum ekki hætta að fróa þér þó að þú farir í fast samband – passaðu upp á að eiga kynlífsstefnumót með sjálfri þér reglulega – settu það jafnvel í dagatalið!

Sjálfsfróun hefur góð áhrif á sjálfsmynd þína, líkamlega og andlega. Þegar þú fróar þér ertu að sýna sjálfri þér ást – stunda kynlíf með einhverjum sem þú elskar skilyrðislaust. Líkamleg vellíðan eykur á hamingju og hamingjusöm ertu skemmtilegri og meira sjarmerandi manneskja. Sjálfstraust er líka öflugasti lostavaki í heimi.

Sjálfsfróun er holl fyrir píkuna þína. Sjálfsfróun eykur blóðflæði til ytri og innri kynfæra og hefur góð áhrif á grindarbotnsvöðvana. Við fullnægingu verður ósjálfráður samdráttur í vöðvunum sem styrkjast við það, rétt eins og þegar þú gerir grindarbotnsæfingar. Sterkur og heilbrigður grindarbotn minnkar líkur á þvagleka og bætir kynheilsu þína.

Sjálfsfróun bætir svefn. Þú kannast vonandi við sælu- og slökunartilfinninguna sem kemur í kjölfar fullnægingar. Hún flæðir um líkamann þegar sæluhormón eins og endorfín, prólaktín og oxytósín flæða út í blóðrásina við fullnæginguna. Hormónin geta hjálpað þér að slaka á, sofna og meira að segja verður svefninn dýpri og betri.

Sjálfsfróun er góð fyrir hjartað. Konur deyja úr hjartasjúkdómum og mörgum reynist erfitt að koma reglulegri líkamsrækt inn í daglega prógrammið. Þá er aldeilis gott að vita að það má þjálfa hjartað og bæta blóðflæði líkamans með því að fróa sér. Það hefur meira að segja komið fram í nokkrum rannsóknum að konur sem fá það reglulega eru ólíklegri til að þróa með sér hjartasjúkdóma og sykursýki 2.

Sjálfsfróun er öruggt kynlíf! Svo framarlega sem þú fróar þér ekki í marga klukkutíma á dag og hættir að tannbursta þig/mæta í vinnuna/tala við fjölskyldumeðlimi/greiða þér/nærast almennilega/setja statusta á Facebook... eða álíka. Þú þarft engar áhyggjur að hafa af því að verða ólétt eða fá kynsjúkdóma.

Þjáistu af verkjum eða færðu slæma túrverki – prófaðu að nota sjálfsfróun. Þegar þú færð fullnægingu hækka gildi taugahormónsins dópamíns og það ásamt endorfínum, hinum náttúrulegu verkjalyfjum líkamans, hefur beinlínis verkjastillandi áhrif.

Sjálfsfróun minnkar stress. Þegar þú færð fullnægingu ferðu í eins konar náttúrulega vímu – vegna hormónanna sem losna í líkamanum. Sumar rannsóknir hafa bent til þess að sjálfsfróun geti jafnvel minnkað líkur á þunglyndi. Ertu leið? Þá er kannski prýðileg hugmynd að þú elskir sjálfa þig aðeins oftar! ■

Hjá Parka færðu hágæða SCHMIDT innréttingar, sérsniðnar að þínum óskum og þörfum.

Bjóðum aðeins það besta fyrir þig!

Parki INTERIORS

Dalvegi 10-14 • 201 Kópavogi • 595 0570 • Parki.is

5 aðferðir til að bæta kynlífið

1 Fáðu að horfa á hann/hana fróa sér. Að sjá einhvern elska sjálfa/n sig er frábær leið til að komast að því hvers konar snerting virkar og hvað viðkomandi fílar.

2 Spjallið um fantasíur ykkar. Munið að fantasíur eru ekki það sama og raunverulegar óskir. Þó að konan þín hugsi um að vera tekin af kynóðum kolkrabba í leggöng og endaþarm er ólíklegt að hún eigi þá ósk heitasta að það gerist í næstu sjósundferð.

3 Prófið nýja staði. Já ég veit – það getur verið nógu erfitt að finna stund til að læðast inn í svefnherbergi ef daglega amstrið er mann lifandi að drepa, en reynið samt. Eldhúsgólfið, borðstofuborðið, þvottahúsið... hvert einasta heimili býr yfir fullt af stöðum sem breyta má í lostafulla umgjörð – tilbreytingin verður olía á eldinn ykkar!

4 Horfið saman á erótískar hreyfimyndir. Veljið til skiptis hvað horft er á. Smekkur fólks á erótísku efni getur sagt sitthvað um það sem virkar. Ef þið viljið síður horfa má líka finna ógrynni af erótískum sögum á alnetinu – prófið til dæmis vefinn literotica.com.

5 Skiptist á að ráða og hlýða/fylgja. Valdaleikir geta verið skemmtilegt krydd og þurfa alls ekki að vera svo flóknir. Einfaldar skipanir til dæmis um stellingar eða hvort augu eiga að vera lokuð eða opin geta verið örvandi á þann sem hlýðir. Kannski komist þið að einhverju nýju sem ykkur langar að skoða frekar!

Bætum við vörum daglega

Sjáðu allt úrvalið á www.byggtogbuid.is

STÓRA NÝARSÚTSALAN

NÚ ENN STÆRRI YFIR 4500 VÖRUR

20-75% afsláttur!

KAFFIVÉLAR, ELDHÚSÁHÖLD, POTTAR OG PÖNNUR, VÖFFLUJÁRN, BLANDARAR, DISKAR OG GLÖS, HEILSUGRILL, BORÐBÚNAÐUR, SAFAPRESSUR, BÖKUNARVÖRUR, RYKSUGUR, SUMAR- OG GRILLVÖRUR, BRAUÐRISTAR, HRAÐSUÐUKÖNNUR, ELDFÖST MÓT, HITAKÖNNUR OG BRÚSAR, BAÐVOGIR OG MARGT FLEIRA!

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

Sjáðu allt úrvalið á www.byggtogbuid.is

byggtogbúið

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

Líkaðu við okkur á Facebook: www.facebook.com/byggtogbuid

Tímavélin



Stúlka eða eldri kona

óskast til að vera hjá húsmóður í sveit. Engin störf nauðsynleg. Má hafa með sér barn. Tilboð með upplýsingum sendist afgreiðslu Vísis merkt: „Skemmtun — 119", fyrir hádegi á laugardag.

Gamla auglýsingin
Vísir 11. október 1956

„Framhald mikillar víkingahefðar"

Þann 7. ágúst árið 1997 var fyrsti íslenski geimfarinn, Bjarni Tryggvason, sendur á sporbaug um jörðu.

Bjarni fæddist í Reykjavík en flutti sjö ára gamall til Kanada með foreldrum sínum og er búsettur í Vancouver við Kyrrahafið. Hann var ekki aðeins fyrsti Íslendingurinn heldur einnig fyrstur Norðurlandabúa til að ferðast út í geiminn.

Í ferðinni gerði Bjarni, sem er eðlisverkfræðingur, rannsóknir á breytingum í lofthjúpi jarðarinnar.

Hann fór með geimskutlunni Discovery frá Canaveral höfða í Flórída klukkan 14:41 og var alls tólf daga í geimnum. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, og Guðrún Katrín forsetafrú voru meðal gesta þegar flauginni var skotið á loft.

„Við erum þjóð landkönnuða og landnema og við lítum á þetta sem framhald mikillar víkingahefðar," sagði Ólafur.



Týnd í tíu klukkutíma

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is

Sunnudaginn 14. júlí árið 1963 var gerð víðtæk leit að þremur ungum börnum sem höfðu týnst í Þingvallasveit. Eftir tíu tíma leit fundust þau á eyðibýli, furðu brött en yngsta stúlkan orðin hrædd og grátandi.

Illa búin og kalt í veðri

Börnin þrjú voru Sigfús Kristinsson, níu ára, Birgir Ragnarsson, sex ára og Anna Másdóttir, fimm ára. Drengirnir voru búsettir bænum Brúsastöðum í Þingvallasveit en Anna gestkomandi þar á bæ. Um þrjúleytið var tekið eftir því að börnin væru ekki á bænum og um fjögurleytið hófst skipuleg leit að þeim og bættust sífellt fleiri leitarmenn við.

Kalt var í veðri þennan dag, miðað við árstíma, og börnin þrjú illa búin til langrar útiveru. Drengirnir voru aðeins í peysum og Anna berleggjuð í stuttu pilsi. Leitin beindist að Stíflisdal, sem var í eyði, en annar drengurinn hafði sagt frá því að hann langaði að fara þangað til að hitta Jóhann frænda sinn sem var þar að slá. Leitað var í dalnum milli klukkan átta og níu um kvöldið og var leitarfólk orðið mjög hrætt um börnin. Um klukkan tíu var haft samband við lögregluna í Reykjavík og skömmu síðar komu hjálparsveitir skáta til að aðstoða við leitina og þyrla frá varnarliðinu sem stödd var á Þingvöllum.

Hélt að þau væru að fara að kaupa nammi

Klukkan eitt um nóttina fann áðurnefndur Jóhann, föðurbróðir drengjanna, börnin loksins í Stíflisdal. Földu þau sig fyrst bak við olíugeymi þegar Jóhann kom keyrandi en komu síðan hlaupandi þegar þau sáu hann. Urðu þá miklir fagnaðarfundir og léttir hjá öllum sem tóku þátt í leitinni.

Börnin voru „kát og hress og voru drengirnir hinir ánægðustu með skemmtiferðina" eins og sagði í Tímanum 15. júlí. En þó að þeir hafi verið brattir þá var Önnu litlu hætt að standa á sama og var grátandi þegar Jóhann kom að. Hún hélt að drengirnir ætluðu að fara með hana til Þingvalla að kaupa sælgæti og skildi því ekkert í því hversu langan tíma ferðalagið tók. Var hún orðin mjög þreytt og blaut í fæturna eftir tíu tíma göngu.

Tveggja klukkutíma ganga er á milli Brúsastaða og Stíflisdals, ef farið er beinustu leið en börnin voru nýkomin í dalinn þegar Jóhann fann þau. Þau höfðu því villst verulega af leið og því hefði getað farið illa.

Þegar blaðamenn komu að bænum daginn eftir var hinn níu ára Sigfús strax farinn í heyskap með Jóhanni frænda sínum. Hann hafði stýrt þessum mikla leiðangri. Hann sagði að fyrst hefðu þau gengið eftir veginum en síðan símastrengnum. Annað slagið hefði hann þurft að bera Önnu litlu þar sem hún var orðin svo þreytt. ■



Skotið að Íslendingum í Yom Kippur stríði

Í októbermánuði árið 1973 braust út stutt stríð milli Ísraela annars vegar og Egypta og Sýrlendinga hins vegar sem nefnt var Yom Kippur stríðið eftir hátíð gyðinga.

Fimm Íslendingar á aldrinum 19 til 24 ára, störfuðu á samyrkjubúinu Shamir á Gólanhæðum þegar stríðið braust út og voru bardagar þar um kring mjög harðir.

Gerð var árás á Shamir og voru Íslendingarnir fluttir í loftvarnarbyrgi. Töluverðar skemmdir urðu á húsum en ekkert mannfall í það sinn.

Erfiðlega gekk að koma Íslendingunum, bæði þeim sem störfuðu í Shamir og í öðrum samyrkjubúum, því að flugsamgöngur lágu niðri. Hafði danska sendiráðið loks milligöngu um að koma fólkinu heim.

19 ÁRA STÚLKA SKOTIN AF UNNUSTA SÍNUM Í GARÐYRKJUSKÓLANUM

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is

Í ársbyrjun árið 1957 átti sér stað einn af dapurlegustu og illskiljanlegustu glæpum Íslandssögunnar þegar nítján ára stúlka, Konkordía Jónatansdóttir, var skotin til bana af unnusta sínum, Sigurbirni Inga Þorvaldssyni, í Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum í Hveragerði. Sigurbjörn, 26 ára, unnusti Konkordíu var metinn sakhæfur og fékk langan fangelsisdóm fyrir.

Konkordía Jónatansdóttir.

Sótti riffil í bæinn

Atburðarás morðsins hófst laust fyrir hádegi, sunnudaginn 6. janúar árið 1957, þegar Sigurbjörn Ingi fjósamaður í Garðyrkjuskólanum fór til Hveragerðis til manns sem hann vissi að ætti riffil. Bað hann manninn um að lána sér riffilinn og sagði að kálfur hefði fótbrotnað og því þyrfti að aflífa hann í hvelli. Maðurinn kippti sér ekki upp við bónina, setti þrjú skot í riffilinn og afhenti Sigurbirni.

Eftir þetta fór Sigurbjörn aftur í Garðyrkjuskólann á Reykjum þar sem hádegismatur var tilbúinn og borðaði hann með viðstöddum þar í salnum. Fólkið sá riffilinn en hann róaði það með því að segja að hann ætti engin skot. Enginn sá neitt óeðlilegt í fasi Sigurbjörns en hann hafði verið á dansleik í bænum kvöldið áður ásamt unnustu sinni, Konkordíu Jónatansdóttur, sem einnig var í matsalnum. Konkordía var nemandi í skólanum, einstaklega áhugasöm og dugleg stúlka, og höfðu þau Sigurbjörn þekkst í meira en ár.

„Jæja, Día mín“

Eftir matinn var Sigurbjörn ennþá rólegur og tefldi við annan heimamann í sal skólans. En hann var einmitt talinn liðtækur skákmaður, var vel liðinn og vinsæll meðal allra á staðnum. Eftir skákina stóð hann upp, náði í riffilinn, hlóð hann og gekk inn í eldhús mötuneytisins. Þar voru fjórar konur og Konkordía ein af þeim. Spurði Sigurbjörn eina þeirra, ráðskonuna, hvort það vantaði meiri mjólk úr fjósinu. Síðan gekk hann fyrirvaralaust upp að Konkordíu og sagði við hana: „Jæja, Día mín.“ Beindi svo rifflinum að kvið hennar og hleypti af.

Skotið fór í gegnum búk Konkordíu en Sigurbjörn var enn hinn rólegasti. Enginn sá honum svo mikið sem bregða þegar hann skaut og hún féll í gólfið. Gekk hann út úr eldhúsinu, út á hlaðið og svo inn í starfsmannahús þar sem herbergið hans var. Þeir sem nálægir voru hlupu að Konkordíu, sem blæddi hratt út og var hún látin fljótlega. Hringt var á lækni en það var um seinan. Einnig var hringt á sýslumann og allir á staðnum látnir vita af atburðinum.

Bað skólameistarann að fyrirgefa sér

Páll Hallgrímsson, sýslumaður Árnesinga, var kominn í Garðyrkjuskólann um klukkutíma eftir árásina en þá var Sigurbjörn ennþá í herbergi sínu í starfsmannahúsinu og hafði ekki gert neina tilraun til þess að flýja af vettvangi. Páll bankaði og Sigurbjörn svaraði: „Kom inn!“ Hann var enn rólegur og yfirvegaður, lá á legubekk með riffilinn sér við hlið. Tvær byssukúlur stóðu á borði við hliðina á legubekknum.

Sigurbjörn var spurður hvað hann hefði gert og viðurkenndi hann fúslega að hafa framið manndrápið. En hvers vegna vildi hann ekki segja. Páll sagði Sigurbirni að hann yrði fluttur til Reykjavíkur til yfirheyrslu og fór Sigurbjörn þá að búa sig undir ferðalagið. Rétt áður en hann steig upp í bílinn beygði hann af og sagði við skólameistara Garðyrkjuskólans: „Viltu fyrirgefa mér?“ Klukkan fimm síðdegis keyrðu þeir Páll af stað til Reykjavíkur og var Sigurbjörn settur í klefa í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg.

Hafði reynt sjálfsvíg með eitri skömmu áður

Við yfirheyrslur og rannsókn málsins kom fram að Sigurbjörn hafði verið mjög þunglyndur í hálft ár. Í eitt skipti hafði hann reynt að taka eigið líf með því að gleypa Lýsol, sterkt efni sem notað er í sápur. En þá tókst að koma honum undir læknishendur í tæka tíð. Sigurbjörn drakk einnig oft og ótæpilega.

Í byrjun nóvember árið 1956 fannst fólki eins og Sigurbjörn væri allt annar maður. Var allur hinn rólegasti og hafði tekið gleði sína á nýjan leik. Enginn sá hann bragða áfengi tvo mánuði fyrir sunnudaginn afdrifaríka en talið var að hann hafi fengið sér á dansleiknum um laugardagskvöldið.

Helgi Tómasson yfirlæknir á Kleppsspítala tók út ástand Sigurbjörns á sjö mánuðum og skilaði skýrslu um sakhæfi hans. Þar stóð:

„Almenn taugakerfisrannsókn er eðlileg, einkanlega skal tekið fram, að ekki eru neinir Keith Flachs hringir í augunum né önnur einkenni, sem bent gætu til svonefndra Hepato. Álit mitt á Sigurbirni Inga Þorvaldssyni er þetta: Hann er hvorki fáviti né geðveill í venjulegum skilningi, en haldinn tímabundinni drykkjusýki, dipsomani. Hann hefir vefrænan taugasjúkdóm. Við langa athugun á geðspítala, komu engin geðveikisheilkenni fram hjá honum, en fimm sinnum má telja, að um nokkrar geðlagssveiflur hafi verið að ræða svipaðar þeim, sem koma fram hjá periodiskt drykkjusjúkum mönnum, sveiflur sem ef hann hefði verið utan spítala, sennilega hefðu valdið því að hann hefði farið að neyta áfengis. Maðurinn virðist fyllilega vita hvað honum hefir orðið á og skilja viðbrögð þjóðfélagsins.“

Sigurbjörn Þorvaldsson.

Helgi taldi hann hafa drukkið óhóflega í 6 til 8 ár, reykt óhóflega í 8 til 10 ár, væri heilsulítill og fengið lifrarbólgu og liðagigt. Sigurbjörn væri ógiftur landbúnaðarverkamaður með ættlæga krabbameinstilhneigingu, illa menntaður, skuldugur, einrænn og fáskiptinn. Helgi taldi verknaðinn hafa verið framinn undir áhrifum og Sigurbjörn sennilega verið mjög drukkinn í þrjá eða fjóra daga fyrir hann. Var Sigurbjörn allur hinn rólegasti á meðan hann beið réttarhaldanna bak við lás og slá og samvinnuþýður við yfirvöld.

Dómurinn þyngdur

Réttað var yfir Sigurbirni í sakadómi Árnessýslu á Selfossi í september 1957 og alls komu fjórtán vitni fyrir réttinn auk sakbornings. Sigurbjörn játaði strax verknaðinn en neitaði því að hafa lagt á ráðin um að myrða Konkordíu. Þá ákvörðun hafi hann ekki tekið fyrr en hann var kominn inn í eldhúsið og þá í æði.

Líkur var hægt að leiða að því að ákvörðunin hafi verið tekin fyrr, þar sem Sigurbjörn hafði útvegað sér riffil og logið til um ástæður þess að hann vildi fá hann. En það þótti hins vegar ekki sannað að Sigurbjörn hafi ætlað að drepa Konkordíu á þeim tímapunkti.

Dómari taldi Sigurbjörn sakhæfan, í ljósi blóðrannsóknar hafi áfengismagn í blóði hans verið lítið og að mati vitna hafi hann ekki verið í neinni geðshræringu þegar hann framdi verknaðinn. Ástæða morðsins var talin megn afbrýðissemi. Mikil áfengisdrykkja og svefnleysi daganna á undan hafi valdið sljóleika hjá honum og fékk hann því aðeins tólf ára fangelsisdóm.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar sem tók það fyrir í mars ári síðar. Þar var dómurinn þyngdur umtalsvert, í sextán ár, og var hann á þeim tíma hinn þyngsti sem kveðinn hafði verið upp eftir almennu hegningarlögunum frá árinu 1940, og enn eru í notkun. Taldi rétturinn að undirréttur hefði ekki tekið nægilega vel til greina hvernig Sigurbjörn varð sér úti um byssuna og lygina sem hann beitti þar. Sigurbjörn lést árið 1995. ■

LOKUM 20. JÚLÍ
VEGNA FLUTNINGA

HLÖKKUM TIL AÐ TAKA Á MÓTI
YKKUR 14. ÁGÚST AÐ GYLFAFLÖT 6-8

Þarf að borga allt að 2 milljónum fyrir fæðingu barns síns

Friðjón er öryrki vegna kvalafulls sjúkdóms ■ Kynntist mexíkóskri unnustu sinni á Facebook

Aníta Estíva Harðardóttir
anita@dv.is

Eftir nokkur ár af misheppnuðum læknisskoðunum fékk Friðjón Guðlaugsson loks greiningu sem útskýrði þá hræðilegu verki sem hann hefur þurft að takast á við undanfarin ár. „Ég greindist með millivefjablöðrubólgu sem er sjúkdómur þess eðlis að ónæmiskerfið ræðst á blöðruna sem veldur hrörnun sem tærir slímhúðina innan í blöðrunni og heldur svo áfram að tæra sig inn í vef blöðrunnar þar sem taugar skemmast," segir Friðjón í samtali við blaðamann. „Millivefjablöðrubólgunni fylgja miklar bólgur, krónískir verkir og taugaverkir þar sem brenndu taugarnar senda frá sér boð nokkrum sinnum á sekúndu til heilans. Þessi sjúkdómur er settur í topp fimm fyrir verstu verki sem einstaklingur getur þurft að þola vegna sjúkdóms."

Svefnvana í fjögur ár

Sjúkdómurinn gerði Friðjón óvinnufærann að mestu þegar hann var einungis 32 ára gamall og hefur hann verið svefnvana í um fjögur ár. „Ég hef ekki sofið lengur en tvo klukkutíma í senn í fjögur ár og þarf að tæma blöðruna á tveggja tíma fresti á nóttunni. Á daginn þarf ég vanalega að tæma blöðruna á hálftíma freksti. Ég er með síþreytu og vefjagigt vegna svefntruflanna og verkja."

> **Ég hef ekki sofið lengur en tvo klukkutíma í senn í fjögur ár.**

Friðjón segir að það hafi verið erfitt að horfast í augu við þá staðreynd að hann væri með ólæknandi sjúkdóm sem kæmi í veg fyrir að hann gæti unnið fyrir sjálfum sér. „Ég þurfti að sætta mig við það að vera orðinn öryrki. Ég fór á örorkubætur sem var mikið og langt ferli, ekki bara skrifræðilega heldur andlega. Ég var eiginlega að enduruppgötva sjálfan mig því sjálfsmynd mín var brotin."

Framtíðarsýn Friðjóns var ekki björt og segist hann alltaf hafa langað til þess að eignast sína eigin fjölskyldu. „En karlmenn sem hafa ekki fulla heilsu og eiga litla peninga eru ekki beint markaðsvænir í augum kvenna."

Kynntist ástinni á Facebook

Friðjón leitaði stuðnings í hóp á Facebook fyrir fólk sem þjáist af millivefjablöðrubólgu. Þar kynntist hann Fernöndu, sem þjáist af sama sjúkdómi og hann. „Fernanda er fyrrum atvinnuleikari og

pilateskennari frá Mexíkó. Við vorum á sama stað, óvinnufær og föst í foreldrahúsum. Fernanda fær enga örorku í Mexíkó þar sem sjúkdómurinn er of nýr og hefur ekki komist inn í kerfið. Hún er því með öllu launalaus, fær ekkert, enga framfærslu.“

Á milli Friðjóns og Fernöndu myndaðist einstakt samband þar sem þau skildu hvort annað vel og gáfu hvoru öðru styrk í þessari erfiðu stöðu. „Eftir nokkra mánuði ákvað ég að safna fyrir ferð til Mexíkó og heimsækja hana. Það var þar sem við urðum hrifin af hvort öðru. Á sama tíma og lífið varð fallegra varð það erfiðara þar sem Fernanda varð ólétt.“

Óléttuna skipulögðu Friðjón og Fernanda alls ekki enda nýorðin ástfangin. Þar sem þau eru hins vegar bæði komin yfir þrítugsaldurinn ákváðu þau að taka barninu opnum örmum og gera sitt besta úr kringumstæðunum. Tekjur Friðjóns og Fernöndu eru í grunninn 188 þúsund krónur á mánuði í framfærslu sem eru örorkubæturnar sem hann fær.

„Óléttan hefur áhrif á millivefjablöðrubólguna hennar og veskið okkar. Við fórum af stað um leið að undirbúa flutning Fernöndu og ófædds barnsins til Íslands. Við lögðum hausinn í bleyti varðandi hvernig við gætum fengið tekjur til þess að framfleyta okkur. Í dag er Fernanda komin fjóra mánuði á leið og heilsast vel en pappírsvinnan hefur tekið svo langan tíma sökum hægagangs skrifræðis í Mexíkó að það klárast ekki fyrr en í júlí og þá fyrst getum við flutt heim. Þá eru fimm mánuðir í að barnið komi í heiminn og við munum fara beint í það að gifta okkur og sækja um landvistarleyfi til þess að geta búið saman sem fjölskylda.“

Þurfa að borga fæðinguna úr eigin vasa

Friðjóni var greint frá því af Útlendingastofnun að ferlið tæki um þrjá til sex mánuði þar til hún yrði komin í íslenskt heilbrigðiskerfi og tryggð fyrir fæðingunni. Ef hún yrði ekki komin inn í kerfið gætu þau tryggt hana fyrir spítalakostnaði.

„Við ætluðum að taka sénsinn. Svo fékk ég þær fréttir frá tryggingarfélögunum að meðganga sé ekki tryggð að neinu leyti svo ég hafði samband við löfræðing sem sendi mér þessa köldu kveðju.“

Sæll Friðjón.
Því miður er staðan sú að engin sjúkratrygging tryggir kostnað vegna meðgöngu og fæðingu. Konan þín mun heldur ekki fara inn í heilbrigðiskerfið, þ.e. fá kostnað greiddan á sama hátt og aðrir með lögheimili á Íslandi, fyrr en sex mánuðum eftir að lögheimili hennar hefur verið skráð hér á landi. Að fá dvalarleyfi fyrir hana tekur einhvern tíma svo ég tel nánast fullvíst að barnið fæðist áður en hún verður komin inn í heilbrigðiskerfið. Kostnaðurinn af fæðingunni mun því lenda á ykkur, síðast þegar ég vissi var hann um ein milljón.

Vegna veikinda sinna verður Fernanda ekki fær um að sinna fullu starfi eftir barnsburð, en Friðjón segir að eftir að barnið komi í heiminn muni hún sækja um hlutastarf til þess að þau geti aukið tekjurnar aðeins. Fram að þeim tíma mun Fernanda verða launalaus að öllu leyti.

„Félagsþjónustan í Hafnarfirði segir mig, öryrkjann, vera með of háar tekjur til þess að Fernanda eigi rétt á félagsbótum og þar að auki er ekkert laust húsnæði fyrir okkur þar sem biðlistarnir eru svo langir. Við munum því þurfa að búa í 10 fermetra herbergi hjá foreldrum mínum, væntanlega næstu tvö árin.“

Vegna þessa flækjustigs þurfa Friðjón og Fernanda sjálf að borga fyrir mæðraskoðun, sónar sem og fæðingu barns þeirra án allrar niðurgreiðslu.

Mannréttindi að fá að eiga barnið í heimalandinu

„Ferlið mun nema að minnsta kosti 1,5-2 milljónum króna. Ef við ákveðum að eignast barnið á Íslandi. Ef við ákveðum að eignast barnið í Mexíkó þá má ég vera þar í fimm mánuði í senn án þess að missa örorkuna. Samkvæmt reglum Mexíkó má ég bara vera þrjá mánuði í landinu sem túristi og svo þarf ég að fara úr landi og koma aftur. Ef ég vil vera lengur en þrjá mánuði í Mexíkó þarf ég


Friðjón og Fernanda

því að fljúga til Íslands og standa í því að redda pappírum og fljúga svo aftur til Mexíkó, sem ég hef ekki efni á. Ég hef ekki rétt á örorku ef ég sæki um landvistarleyfi í Mexíkó, svo það varð ekki fyrir valinu að eignast barnið hér. Við fljúgum því heim til Íslands í byrjun júlí.“

Mannréttindi að fá að eignast barnið í mínu heimalandi.

Sem faðir barnsins hefur Friðjón engan rétt á niðurgreiðslu vegna læknisskoðana né fæðingunnar þar sem fóstur hafa engin mannréttindi á Íslandi.

„Barnið er mitt líka og þó það sé ófætt finnst mér það vera mín mannréttindi að fá að eignast barnið í mínu heimalandi.“

Friðjón og Fernanda brugðu því á það ráð að óska eftir stuðningi í þeim erfiðu aðstæðum sem þau takast nú á við í þeirri von að þau geti eignast barnið sitt á Íslandi án mikilla fjárhagsáhyggja. Hægt er að styrkja þau með því að leggja inn á neðangreindan reikning. ■

Rkn: 0544 26 067362
Kt: 191285-2129


Friðjón og Fernanda á góðri stundu.

Travel John ferðaklósett leysa málið

Fyrirferðalítil, létt, einföld og hreinleg í notkun. Engin kemísk efni, engin þrif, aðeins tvöfaldur poki með efni sem gerir vökva að geli og eyðir lykt. Pokanum er lokað eftir notkun, einfaldara verður það varla. Pokana má nota í venjuleg ferðaklósett til að losna við að þrífa þau.

TravelJohn

Travel John pokar fyrir þvag eða uppköst gelgera vökvann og eyða lykt. Verð 3 stk. í pakka kr. 1.280,- Klósettpokar 3 stk. í pakka kr. 1.370,- Klósettstóll kr. 6.820,- Tilboð ásamt 3 pökkum af pokum kr. 8.500,- fæst hjá Donnu, Móhellu 2, Hafnarfirði. Póstsendum.

Ný vefverslun: www.donna.is
Erum nú á Facebook: donna ehf

Donna
Sími 555 3100 www.donna.is

Gerið gæða- og verðsamanburð Til hamingju með árangurinn
UM FJÓRÐUNGUR
LANDSMANNA SOFA Á HEILSUDÝNU
FRÁ SVEFN & HEILSU Skv. Gallup
100% SVEFN - 100% HEILSA
GÓÐ HVÍLD
FYLDS
The Belgian Bed
Mikið úrval af stillanlegum rúmum
Svefn & heilsa
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn / Bara snilld ehf. - Egilsstöðum

Helgarkrossgátan



										hosa	ferðin
								álegg			
								hvarf			
								fugl			
								elska		fengurinn	1
krossgátugerð: Bjarni sími: 845 2510	Teikning: Bjarni eftirprentun bönnuð	gripdeild	snúin	502	4 eins	múli	fæðan				
											til
veifan							hnappur / spriklar				
sárinu								líkams-hluti	brambolt / djásn		
	4	áreittar		suðið / andvarpaði							prjónn
láð					vefnaður	fóðraður / grefur					
eftir			ákafur					örvita		svifrykið	
þusar							sæg				
			nöldraðir / aflaga								leikin
hverfi					kvakar	9	huslar	5	49 / fiflin		
þjóð				tortryggða							
		spandera / vöntun						varðandi	6	2 eins	3
óþétt				fiskinum / slabb		7					
	kex / óæti					skapraun-ina / hrörna					
átti			4 eins / kræka					nöldur		þarfindi	nærð
eggja							huglausa				
		öskrar / til		8			öxull	2	áhald / stefna		
númer					félagi						
agi				ílátið							

1	2	3	4	5	6	7	8	9

Sudoku

Auðveld

	8			6	4	9	1	5
5		9			1			
4								8
		7	8	2			5	1
	4	2			5		9	
8				7		3	6	
					3	6	8	
9	6	5						
							2	

Erfið

	7	5		8				6
			5			4	9	
1	3					5		
2		7						
	5			1	8		2	
	9			6				
				5			4	7
				3	9		8	
	2					3		

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.
Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið
krossgata@dv.is

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

Garðar Arason
Þorlaugargerði
900 Vestmannaeyjum

Lausnarorðið var **REGNSKÚR**

Garðar hlýtur að launum bókina Kapítóla

Verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins eru bókin Þú og ég og allt hitt

Jess er einstæð móðir sem sleit öllu sambandi við Adam, kærastann sinn, aðeins mánuði eftir að sonur þeirra fæddist, uppgefin á ábyrgðarleysi hans gagnvart föðurhlutverkinu.

Tíu árum seinna verður hún að horfast í augu við þá staðreynd að sonur hennar þarfnast föður síns. Saman fara mæðginin í sumarfrí til Frakklands þar sem Adam rekur fjölskylduhótel og tekur á móti þeim með pompi og prakt. Þar drífur ýmislegt á dagana ... og óvænt atvik verða til þess að sumt fer öðruvísi en ætlað er.

Þú og ég og allt hitt er einlæg og hrífandi saga sem sýnir hve langt við erum tilbúin að ganga fyrir þá sem eru okkur kærastir. Saga sem vekur hlátur jafnt sem grát og líður engum úr minni.

Catherine Isaac hefur áður gefið út níu metsölubækur undir nafninu Jane Costello. Hér kveður við nýjan tón hjá henni sem varð til þess að hún ákvað að breyta höfundarnafni sínu. Bókin sló samstundis í gegn meðal lesenda og útgáfuréttuirnn hefur þegar verið seldur til meira en tuttugu landa, auk þess sem til stendur að kvikmynda söguna.

Banani
greip
epli

Gómsætir veislubakkar,
sem lífga upp á öll tilefni.
Er kannski heilsuátak
framundan?

Ávextir í áskrift kosta um
550 kr. á mann á viku
og fyrirhöfn fyrirtækisins
er engin.

AVAXTA-BILLINN

Ávaxtaðu betur

www.avaxtabillinn.is • avaxtabillinn@avaxtabillinn.is • 517 0110

8 skemmtilegir Facebook-hópar

Það er ekki hægt að vera í of mörgum Facebook-hópum

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is

Á stærsta samskiptamiðli heims leynist óneitanlega margt skemmtilegt. Facebook-hópar, opnir sem lokaðir, ganga fyrir sig eins og lítil samfélög, uppfull af fjölbreytilegu fólki og allskonar skoðunum. Það er óhætt að fullyrða að allir geti fundið sér eitthvað við hæfi hvort sem viðkomandi hefur eitthvað að selja, þarf létta á sér, þrasa eða einfaldlega leita að nýjum tækifærum til þess að fiska eftir upplýsingum eða finna fólk með sameiginleg áhugasvið. Galdurinn er vissulega að vita hvar á að leita.

DV fór því á stúfana og leitaði uppi nokkra skemmtilega Facebook-hópa sem enn hafa ekki enn náð fótfestu hjá íslenska meginstraumnum, en eiga svo sannarlega erindi þangað. ■

Algjörlega óáhugaverðar fótboltaupplýsingar

Margir vilja meina að það sé ekkert til sem heitir „gagnslausar upplýsingar“, en tónskáldið John Cage sagði eitt sinn að það væri hægt að gera leiðinlega hluti áhugaverða með mikilli ástundun. Í þessum líflega hópi sitja landsmenn sem rýna í leiðinlegustu atriði fótbolta til þess eins að „íþróttin geti orðið skemmtileg fyrir börnin okkar sem vilja helst bara hanga heima og lesa ljóð“ eins og segir í lýsingu hópsins. Alþingismaðurinn Kolbeinn Óttarson Proppé stofnaði hópinn sem vettvang fyrir misáhugaverða pósta Stefáns Pálssonar, vinar síns, um knattspyrnuliðið Luton Town. Í ljós kom að æði margir höfðu áhuga á slíkum óáhugaverðum fróðleik og meðlimir hópsins eru nú orðnir yfir 5.000 talsins. Stefán er enn virkur penni og Kolbeinn geispar á meðan. Góð dægrastytting fyrir fólk sem hefur áhuga á því að sýna fótbolta áhuga en veit ómögulega hvar skal byrja.

Samtök um bíllausan lífsstíl

Samtök um bíllausan lífsstíl er hópur fólks sem hefur það sameiginlega áhugamál að vinna að því að gera bíllausan lífsstíl á höfuðborgarsvæðinu að vænlegri kosti en nú er. Gísli Marteinn Baldursson er andlegur leiðtogi hópsins. Kannski er kominn tími á að segja skilið við bílinn eða blása rykið af reiðhjólinu.

Vinir lúpínunnar

Hér snúa ýmsir landsmenn bökum saman um leið og þeir titla sig vini umdeildasta blóms landsins, lúpínunnar. Meðlimir hafa meðal annars mótmælt ómálefnalegum tillögum starfshóps umhverfisráðherra um að útrýma lúpínu í gróðursnauðasta landi Evrópu. Gakktu í hópinn ef þig þyrstir að stórefla landgræðslu og skógarækt svo endurheimta megi töpuð landgæði á Íslandi. Hópurinn hyggst stuðla að uppgangi og útbreiðslu lúpínunnar eftir bestu getu. Ef þessi skilaboð tala til þín, er gráupplagt að smella á hnappinn „Join Group“.

Sannar íslenskar draugasögur

Það kannast trúlega einhverjir við tilfinninguna að smella af einni ljósmynd af vinum eða ættingjum, en þá laumast dularfullur skuggi inn á myndina sem fær ímyndaraflið til að fara á flug. Í þessum hóp skiptist fólk á reimleikasögum og upplifunum sem vekja aðra til umhugsunar um hvort það sé eitthvað yfirnáttúrulegt á sveimi eða hvort þetta hafi bara verið kám á linsunni.

Innkaupakerrur heimsins

Það nota allir innkaupakerrur þegar lagt er í stórinnkaupaleiðangur. Þegar verslunaferðinni er lokið hefur kerran þjónað tilgangi sínum, að minnsta kosti hjá flestum. Því miður eiga óprúttnir viðskiptavinir það stundum til að taka kerrurnar traustataki og bruna með þær í burtu og skilja þær síðan eftir langt frá „heimahögum“ sínum. Hópurinn Innkaupakerrur heimsins hefur það markmið að finna þessar yfirgefnu kerrur. Meðlimir taka ljósmyndir af kerrum sem verða á vegi þeirra og birta þær í hópnum með þá von í brjósti að kerrurnar komist aftur til síns heima. Allir vinna.

Hraðamælinga Tips

Það er frekar óvinsælt sport að vera stöðvaður af lögreglunni. Í hópnum Hraðamælinga Tips er að finna samansafn af miskunnsömum samverjum sem fylgjast grannt með hvar lögreglan mælir hraða á götum og lætur aðra vita. Þarna er einnig bent á hægri umferð, vegaframkvæmdir eða aðrar seinkanir. Hvernig upplýsingarnar sem finnast í þessum hópi eru notaðar eru alfarið á ábyrgð hvers og eins, en eflaust hafa ófáir sloppið við hraðasektir vegna hópsins. Svo getur hver og einn velt fyrir sér hvort það sé gott eða slæmt.

Fullorðnir aðdáendur teiknimynda

Oft kemur fyrir að aðdáendur teiknimynda bíða spenntir eftir að bregða sér á nýja teiknimynd frá Pixar eða frá öðrum heimshornum, en þá er hún aðeins sýnd með íslensku tali. Tilgangur þessa hóps er að skapa umræður um ýmsar ólíkar teiknimyndir og sýna dreifingaraðilum kvikmynda á Íslandi að til sé stór hópur fullorðinna aðdáenda teiknimynda sem vill sjá þær í kvikmyndahúsum, helst á kvöldin og á frummálinu. Gísli Einarsson, eigandi Nexus, leiðir hópinn sem hefur farið ört vaxandi.

Heimur batnandi fer

„Hérna á ekki heima nein svartsýni eða bábilja, né það sem má kalla óttastjórnun,“ segir í lýsingu stjórnenda hópsins Heimur batnandi fer. Kjarnamarkmið þessa hóps er að benda á það góða og jákvæða sem er allt í kringum okkur, enda er af nægu að taka. Birtar eru upplífgandi fréttir og skilaboð sem vinna gegn þeim hremmingum sem aðrir miðlar eiga til að einblína á og ekki síður falskar fréttir eða villandi tölfræðiupplýsingar um þá hrörnandi veröld sem við búum í. Sérð þú glasið sem hálffullt? Þá er um að gera að líta við með bros á vör og neikvæðnina í aftursætinu.

Aðrir kostulegir hópar eða síður sem DV mælir með:

- Áhugafólk um eineltismál
- Áhugafólk um skegg
- Skammarleg ummæli Íslendinga
- Góð kaup á ÍSLANDI, myndir og verð!
- Sama myndin af Ingvari E. Sigurðssyni á hverjum degi
- Frír matur
- Góð combo
- Léleg combo
- Skipulagsfíklar
- Hópur um hópa
- Hrós dagsins

Mamma Veit Best
HREIN HEILSA

MYKIND BÆTIEFNALÍNAN FRÁ GARDEN OF LIFE ER LÍFRÆN, VEGAN OG LAUS VIÐ ÖLL AUKAEFNI

Bara það besta fyrir þig og Móður jörð!

Mykind línan var hönnuð með það að leiðarljósi að velja aðeins bestu mögulegu hráefnin og meðhöndla þau þannig að næringin skilaði sér sem best.
Gæði bætiefna skipta öllu máli.
Þau sem eru búin til úr fæðu eins og þessi er líklegra að líkaminn nái að nýta að fullu.
Öll línan er 100% vegan og inniheldur því engar dýraafurðir. Meira að segja D3 og B12 vítamínin eru vegan en þessi tvö er oft erfitt að fá vegan í bestu formunum.

EITTHVAÐ FYRIR ALLA

Hvort sem þig vantar fjölvítamín, B12, járn, D3 vítamín, steinefni eða C vítamín

Allt lifrænt - allt vegan

Þú færð MyKind vörulínuna hjá Mamma vet best Laufbrekku 30 200 kópavogi, Njálsgötu 1 101 Reyjavík og á Mammaveitbest.is

DANÍEL FREYR ELSKAR AÐ LÁTA KVEIKJA Í SÉR

Kennir fólki listina að hrapa ■ Klifraði um öll húsþök og grindverk í Grindavík

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is

Grindvíkingurinn Daníel Freyr Elíasson er fæddur ofurhugi, en hann hefur vakið athygli sem áhættuleikari og skilgreinir sig sem hreyfifíkil í húð og hár.

Daníel byrjaði 17 ára að æfa parkour með A.T.S., sem hefur aðstöðu hjá Gerplu. Eftir það fór hann til Þýskalands með öðrum parkour-þjálfurum og kynntist þar manni sem skipuleggur áhættuatriði. Eftir nokkrar tilraunir kviknaði mikill áhugi á áhættuleik hjá Daníel Freyr, sem seinna leiddi til þess að hann fór að vinna við að láta bókstaklega kveikja í sér eða láta sig hrapa fram af húsþökum,

„Þegar ég var krakki var ég litli vitleysingurinn í Grindavíkinni sem var klifrandi upp á öll húsþök, grindverk og annað, áður en maður vissi í rauninni hvað það var," segir Daníel, sem segist hafa orðið fyrir miklum áhrifum frá frönsku kvikmyndinni Yamakasi frá 2001 en þar fara þekktir parkour-meistarar með helstu hlutverk. Einnig bætir hann við að hópurinn í Jackass hafi vakið mikinn áhuga hjá honum, en hann viðurkennir að sá hópur sé ekki beint efni í góðar fyrirmyndir að öllu jöfnu. „Það kom alveg fyrir að maður fékk skilaboð frá múttu þegar sást til manns," segir hann og bætir kátur við að „Drullaðu þér niður, krakkaandskoti og komdu heim" hafi verið vinsæl skilaboð í slíkum aðstæðum.

Hættulegt en róandi

Árið 2016 lauk Daníel námskeiði hjá European Stunt School í Danmörku. Í dag er hans aðalstarf áhættuleikur og kennsla hjá skóla sem heitir Stunt 360. Daníel stundar parkour enn af fullum krafti en segist meira einbeita sér að „fílósófíunni" á bakvið íþróttina. „Það er alltaf erfitt að útskýra hugarfarið á bakvið parkour-agann, en til að reyna að segja það á stuttu mannamáli, þá er það að þekkja takmörkin, vita hvenær maður getur ýtt sjálfum sér út að ystu mörkum og hvenær það verður óæskilegt. Að reikna út áhættu og lesa umhverfið á fljótan og skilvirkan máta, en fyrst og fremst, að hreyfa sig, halda sér í formi á nothæfan hátt, vera hógvær, hreinskilinn, og hugrakkur," segir Daníel.

> **Sjáðu mamma! Nú fæ ég borgað fyrir þetta.**

Að sögn hreyfifíkilsins er besta tengingin á milli parkour-íþróttarinnar og áhættuheimsins að geta haldið ró í krefjandi aðstæðum. „Alveg frá því að ég var guttinn prílandi á öllu mögulegu, hef ég einhvern veginn fundið mikla ró þegar ég er kominn upp í ákveðnar hæðir, það er svona ákveðið „zen-móment" fyrir mig að standa á brúninni, loka augunum og bara njóta."

Daníel bætir við að hann hvetji fólk til þess að vera duglegra að taka áhættu, en þá á þeim forsendum að áhættan sé byggð á traustum útreikningum. „Það er til dæmis ekkert hættulegra að labba á 4 metra breiðum vegg í 20 metra hæð en að labba á gangstétt, á meðan maður hefur tekið réttu skrefin til að venjast því að vera uppi í svo mikilli hæð," segir hann.

Auðvelt að fótbrjóta sig

Daníel segir að á svona áhættunámskeiðum sé farið yfir fjölbreytta hluti, allt frá vopnaburði til trampólíns og parkour-æfinga. Einnig er hann mikið í því að kenna öðrum listina að læra að hrapa eða láta sig falla. Aðspurður hvað það feli í sér líkir hann ferlinu við það að læra að labba. „Maður þarf að skríða fyrst, síðan standa upp og styðja sig við," segir hann.

„Við byrjum á jörðinni á litlum dýnum og lærum að lenda á þessum gullna stað á bakinu þar sem maður nær að fletjast vel út, sérstaklega þegar kemur að loftpúðum. Ég man eftir atviki á Akureyri fyrir einhverjum árum síðan; þá voru þeir með púðann sem er notaður í Hlíðarfjalli, svona púðar sem eru notaðir fyrir skíði og snjóbretti fyrir æfingastökk og það er ekkert mál að nota þá í ákveðnum hæðum. En þeir voru með púðann opinn fyrir almenning á Bíladögum árið 2015 og fólk fótbraut sig og lenti í alls konar veseni og það er vegna þess að sá hópur hafði ekki lært að lenda á svona púðum, þeir fóru bara beint í gegn og lentu á löppunum."

Þá kemur upp mikilvæg spurning: Hvað finnst foreldrum hans í dag um að Daníel sé enn að spreyta sig í ofurhugaleik? „Það er algjörlega öfugsnúið í dag frá því sem var þá," segir hann og bætir við að hann eigi reyndar til að skjóta línu á múttuna og segja: „Sjáðu! Nú fæ ég borgað fyrir þetta." Þá bætir Daníel við að ef hann ætti sjálfur barn sem væri úti að fíflast á sama máta og þegar hann var krakki, væri hjartað sennilega farið að slá svolítið ört. Daníel hefur þó hingað til aldrei slasað sig í áhættuleiknum.

Aðspurður um fyrirmyndir í faginu nefnir Daníel bardaga- og áhættugoðið Jackie Chan og ekki síst Jean Charles Rousseau. „Það þarf ekki að skrolla langt á Instagram-inu hjá honum til að sjá að hann er rosalegur," segir Daníel. „Svo er það auðvitað Buster Keaton, en hann var áhættuleikari áður en orðið „áhættuleikur" var fundið upp." Hann vill meina að því fylgir ákveðin kúnst að láta kveikja í sér, en honum þykir það gaman, enda fylgir svona áhættuleik alltaf mikill undirbúningstími. „Hjartað fer samt alltaf aðeins að slá. Það kemur pínu stress, sem er fínt," segir Daníel sem býr sig undir að sitja í bifreið í sumar í ljósum logum. ■

Bíódómar

Ragna Gestsdóttir
Tómas Valgeirsson
ragna@dv.is / tomas@dv.is

Þegar sumarsólin heldur sér fjarri getur verið kjörin dægrastytting að skella sér í gott afþreyingarbíó. Á sumrin er úrvalið oft í fjölbreyttari kantinum, hvort sem viðkomandi er í leit að stórum, vestrænum poppkornshasar eða einhverju smærra og huggulegra. Hér rennum við aðeins yfir brot af því sem prýðir kvikmyndahús landsins þessa dagana. ■

Love Simon

Getur maður orðið ástfanginn eftir samræður við einhvern á netinu? Einstaklingi sem maður hefur ekki hugmynd um hver er, útlit hans, aldur, starf og stöðu. Það eina sem þú veist er að viðkomandi býr yfir sama leyndarmáli og þú. Svarið er einfalt, já það er hægt. Simon er menntaskólanemi, sem heldur því leyndu fyrir vinum og fjölskyldu að hann sé samkynhneigður. Á netinu eignast hann vin, Blue, sem býr yfir sama leyndarmáli. En hver er Blue? Yndisleg, skemmtileg og hugljúf mynd um ástina og hamingjuna sem við eigum öll rétt á.

★★★½☆

Ant-Man and the Wasp

Marvel-maskínan heldur áfram göngu sinni þar sem ríkir mikil umhyggja fyrir efninu, taumlaust fjör og mikið sjálfsöryggi gagnvart ruglinu af hálfu aðstandenda. Hér er kominn stórfínn eftirréttur eftir þunga höggið sem Avengers: Infinity War skildi eftir sig fyrir stuttu. Ant-Man and the Wasp skilur ekki mikið eftir sig og má saka hana um heldur þvælda frásögn og húmor sem ekki alltaf hittir í mark, en leikhópurinn kemur vel út og er lítill skortur á hugmyndaflugi. Með öðrum orðum, fínasta popp.

★★★☆☆

Book Club

Hvítvín, bækur, góðir vinir? Hvað þarf maður meira? Ást og maka kannski? Bókaklúbburinn fjallar um fjórar vinkonur á besta aldri sem hittast einu sinni í mánuði í bókaklúbbi. Þegar ein þeirra mætir með þríleikinn um Dorian Grey og 50 gráa skugga hans færist fjör í leikinn og tilfinningar og langanir kvikna hjá vinkonunum, eitthvað sem þær héldu að væri ekki fyrir „ellismelli“. Skemmtileg, „feel-good“-mynd um ástina sem við erum alltaf til í að kynnast, líka þegar við erum orðin „ellismellir“ með fjórum úrvals leikkonum af eldri kynslóðinni.

★★★½☆

Jurassic World Fallen Kingdom

Framhaldsmyndirnar í seríunni um Júragarðinn eiga það allar sameiginlegt að hverfa langt í skugga þeirrar upprunalegu. Þar tókst glæsilega að tvinna saman poppkornsbíói við sögu af brjáluðum vísindamönnum að leika Guð. Í kjölfarið hafa aðstandendur verið svolítið týndir þegar kemur að þemum og skilaboðum framhaldsmyndanna og er Fallen Kingdom engin undantekning þar. Persónusköpuninni er ábótavant en á móti sameinast hér tveir gerólíkir helmingar í fína afþreyingarmynd sem sýnir að manneskjan er yfirleitt skepnum verst. Fyrri hluti er brandaralega yfirdrifinn en svo þróast sagan hægt og rólega í minniháttar en eftirminnilega „barnahrollvekju“. Myndin er með ólíkindum vitfirrt, en uppfull af flottum senum og prýðisfínum risaeðluhasar. Trúlega er þetta besta (og grimmasta) Júraframhaldið til þessa, þó það segi í raun og veru lítið.

★★★☆☆

Incredibles 2

Að sinna foreldrahlutverkinu og fjölskyldulífinu með öllum tilheyrandi hindrunum getur stundum verið hetjudáðum líkast. Það er annars ekkert grín að fylgja eftir einni sterkustu Pixar-myndinni frá upphafi og hvað þá heilum fjórtán árum eftir útgáfu. Hins vegar tekst glæsilega til með Incredibles 2 að byggja ofan á frásögn fyrstu myndarinnar, víkka strigann og dýpka persónusköpunina. Myndin er ærslafull og litrík en um leið fullorðinsleg og úthugsuð. Hún nýtur einnig góðs af því að vera uppfull af orku, húmor og mikilli sál. Hreint út sagt meiriháttar fjölskylduskemmtun sem skoðar nýja vinkla á ofurhetjugeirann góðkunna.

★★★★½

Ocean's 8

Hér er komin ný viðbót í hinn ágæta Ocean's myndabálk og má bæði kalla hana sjálfstætt framhald og í senn óbeina endurræsingu, jafnvel endurgerð. Uppbygging og framvinda er að mörgu leyti lík upprunalegu myndinni (sem í sjálfu sér var endurgerð samnefndrar kvikmyndar frá sjöunda áratugnum) en hún skartar nýjum og dúndurgóðum leikhópi sem stöllurnar Sandra Bullock og Cate Blanchett leiða. Hins vegar vantar meira púður í handritið og líður myndin hjá án þess að trekkja upp neina almennilega spennu. Leikkonurnar mættu sumar fá meira að gera og kemur heildin út sem skítsæmileg endurvinnsla sem hefur sína spretti, en endurvinnsla engu að síður.

★★½☆☆

TIL HAMINGJU
SÓLEY
06.07.08

Phoenix-borg að nóttu til.

Dularfullu ljósin yfir Phoenix

Ráðgátan hefur heillað íbúa Phoenix í 20 ár ■ Hvað var á seyði?

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is

Þrettándi mars 1997 er dagur sem seint líður mörgum íbúum borgarinnar Phoenix í Arizona í Bandaríkjunum úr minni. Á milli klukkan 19.30 og 22.30 sáu mörg þúsund manns, hugsanlega tugir þúsunda, undarlegan ljósagang nærri borginni. Ljósin sáust einnig í Nevada, annarsstaðar í Arizona og í Mexíkó. Ljósin voru sögð skær og hafi hreyfst á himninum. Mörg þúsund manns tilkynntu yfirvöldum um ljósin dularfullu en öruggt má telja að ekki nærri allir sem þau sáu hafi tilkynnt um þau. Allt frá þessum degi hafa miklar vangaveltur verið uppi um hvað var á seyði. Í raun var ekki um einn atburð að ræða heldur marga atburði um allt ríkið á rúmum 12 klukkustundum.

Sjónarvottar lýstu fyrsta atburðinum sem svo að þeir hefðu sé V-laga hlut, á stærð við farþegaflugvél, fljúga í gegnum ský. Einn sjónarvotturinn lýsti þessu sem bjúgverpilslaga hlut sem hefði svifið yfir Granite Mountain oghafi hluturinn verið rúmlega kílómetri á breidd. Hann fullyrti að útilokað væri að hluturinn væri héðan frá jörðinni.

„Það eru ekki svona stórir hlutir hér. Hann var algjörlega hljóðlaus. Ég hef aldrei séð neitt sem líkist litunum sem komu úr útblásturskerfi hlutarins. Þetta var jafnstórt og miðbær Prescott og skyggði algjörlega á stjörnurnar."

> Það eru ekki svona stórir hlutir hér. Hann var algjörlega hljóðlaus. Ég hef aldrei séð neitt sem líkist litunum sem komu úr útblásturskerfi hlutarins. Þetta var jafnstórt og miðbær Prescott og skyggði algjörlega á stjörnurnar.

Næsta atburði lýsti lögreglumaður sem svo að hér hefði verið um mörg kyrrstæð, appelsínugul og rauð ljós sem svifu í loftinu.

Ríkisstjóri Arizona, Fife Symington, tók þessu létt í upphafi og taldi þetta varla svaravert og lét aðstoðarmann sinn fjalla um málið á fréttamannafundi og gera lítið úr því. Hann kúventi þó skoðun sinni síðar og sagðist sjálfur hafa séð ljósin og væri þess fullviss að þau væru ekki af mannavöldum, hér hlyti að vera um geimverur að ræða.

Lítið er til af myndefni af fyrsta atburðinum í Prescott og Dewey að því að vitað er. Meira er hins vegar til af myndum, bæði ljósmyndum og myndbandsupptökum, af næsta atburði þegar appelsínugulu og rauðu ljósin sáust. Tölurvert af þessu myndefni hefu verið sýnt í heimildarmyndum á sjónvarpsstöðvum eins og Discovery og History Channel. Á flestum þessar mynda sjást ljós birtast eitt af öðru og síðan slökkna eitt af öðru.

Leikarinn góðkunni Kurt Russell er einn þeirra sem sáu ljósin. Í samtali við BBC fyrir nokkrum árum sagði hann að hann hefði verið að fljúga með son yfir Arizona þetta kvöld. Þegar hann hafi verið í aðflugi að flugvellinum hafi hann séð sex ljós yfir honum og hafi þau verið á hlut sem var V-laga. Hann sagðist hafa tilkynnt þetta til flugumferðarstjórnar en flugumferðarstjóri hafi sagt honum að hluturinn sæist ekki á ratsjá.

Síðar kom sú skýring fram á appelsínugulu og rauðu ljósunum að þar hefði verið um blys að ræða sem hefði verið kastað úr herflugvél á æfingu við Barry Goldwater Range. En engin skýring hefur komið fram um hvað V-laga hluturinn gæti hafa verið.

Ljósagangurinn í Phoenix hefur heillað milljónir manna á þeim rúmlega 20 árum sem eru liðin síðan þeirra varð vart. Ljósagangurinn var meðal annars grunnurinn að kvikmyndinni Phoenix Forgotten. Þá hafa margar bækur og heimildarmyndir verið gerðar um þetta. Ekki má gleyma samsæriskenningasmiðum sem hafa getað velt sér upp úr þessum atburði og hafa sett fram ýmsar skýringar nú eða kenningar um að hér hafi verið um samsæri stjórnvalda að ræða. Aðrir eru þess fullvissir að hér hafi gestir utan úr geimnum verið á ferð. Það sem gerir þetta mál þó mun sérstakara en mörg önnur svipuð er fjöldi sjónarvotta en þeir voru í þúsundatali. Hvað varðar V-laga hlutinn hefur þeirri skýringu verið varpað fram að hér hafi verið um flugvélar að ræða. Hér hafi augu fólks blekkt það og margar flugvélar runnið saman í einn hlut á himninum. Hvað varðar appelsínugulu og rauðu ljósin hefur þeirri skýringu meðal annars verið varpað fram, eins og fyrr er getið, að hér hafi verið um blys frá herflugvélum að ræða. En margir sjónarvottanna eru ekki sáttir við þessar skýringar og eru þess fullvissir að þeir hafi séð eitthvað einstakt á himninum yfir Phoenix þetta kvöld en líklega fáum við seint rétta svarið við hvað það var sem allt þetta fólk sá.

Algengt er að tilkynnt sé um fljúgandi furðuhluti yfir Phoenix en margar tilkynningar um dularfullan ljósagang yfir borginni berast árlega. ■

Ljósmynd af ljósunum dularfullu.

next
ÚTSALA
40-60%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM

Leyndardómurinn um grænu börnin frá Woolpit

Hvaðan komu þau? Hver voru þau?

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is

Að sumri til á tólftu öld áttiundarlegur atburður sér stað í þorpinu Woolpit í Suffolk á Englandi. Á meðan á uppskerutímanum stóð birtust tvö börn skyndilega upp úr djúpum skurðum sem voru notaðir sem úlfagildrur. Húð barnanna, stráks og stelpu, var grænleit. Þau voru í undarlega litum fatnaði sem var búinn til úr óþekktum efnum. Þau ráfuðu um í nokkrar mínútur og virtust ráðvillt áður en þorpsbúar gáfu sig að þeim og tóku þau með heim í þorpið.

Enginn skildi tungumálið sem börnin töluðu og því var erfitt að eiga samskipti við þau. Þau voru flutt heim til landeigandans. Þau neituðu að borða brauð og annað sem var borið á borð fyrir þau og grétu. Svona gekk þetta dögum saman þar til þorpsbúar færðu þeim nýjar baunir sem voru enn á stilkunum. Sagan segir að börnin hafi lifað á baunum og stilkum þeirra mánuðum saman eða þar til þau höfðu sætt sig við að borða brauð.

Eftir því sem tíminn leið varð strákurinn, sem var yngri, þunglyndur, veiktist og dó á endanum. Stúlkan aðlagaðist hins vegar og var skírð. Húð hennar missti græna litinn með tímanum og hún varð heilbrigð ung kona sem lærði ensku og giftist manni í næstu sýslu.

Saga stúlkunnar

Þegar stúlkan var síðar spurð um fortíð sína hafði hún aðeins óljósar minningar um hvaðan þau hefðu komið og hvernig þau komu til Woolpit. Hún sagði þau hafa verið systkin sem hafi komið frá „landi Saint Martin“ þar sem var alltaf rökkur og allir væru grænir á litinn eins og þau höfðu verið. Hún var ekki viss um hvar landið var en sagði að annað „skínandi“ land sæist hinum megin við „töluverða á“ sem aðskildi löndin. Hún sagði að þau systkinin hefðu verið að gæta hjarðar föðursins á ökrunum og hafi elt dýrin inn í helli. Þar inni heyrðu þau bjölluhljóm sem þau heilluðust af og eltu lengi vel í myrkrinu þar til þau komu í hellismunna þar sem þau blinduðust af sól. Þau lögðust ringluð niður fyrir utan hellinn en hljóðin frá þorpsbúum hræddu þau og þau stóðu upp og reyndu að flýja en tókst ekki að finna hellismunnann áður en þorpsbúar náðu þeim.

Hvaðan komu þau?

Flestir telja að hér sé um þjóðsögu að ræða en málsins er getið í fornum heimildum. En tvær skýringar hafa verið nefndar til sögunnar sem þær líklegustu. Önnur gengur út á að þetta sé þjóðsaga þar sem fundum venjulegs fólks við „fólk frá ævintýraheimi“ er lýst. Ævintýraheimurinn er þá ójarðneskur og börnin eru geimverur. Hin skýringin er að þetta hafi gerst í raun og veru en ómögulegt sé að vita hvort hér sé um sögu að ræða sem er byggð á frásögn barna eða fullorðna.

Skilti sem vísar í goðsögnina af grænu börnunum frá Woolpit.

> Þá hafa einnig verið settar fram hugmyndir um að börnin hafi komið frá hliðstæðum heimi en sumar kenningar ganga út á að til sé fjöldi hliðstæðra alheima, hugsanlega óendanlega margir, þar sem er jafnvel að finna plánetur sem svipar til jarðarinnar okkar.

Í grein í tímaritinu Analog 1996 setti stjörnufræðingurinn Duncan Lunan fram þá kenningu að börnin hafi fyrir mistök verið send til Woolpit frá heimaplánetu sinni þegar „efnissendir“ bilaði. Hann sagði að heimapláneta barnanna gæti verið á læstri braut um sól sína sem skýri þá frásögn stúlkunnar um eilíft rökkur á milli mjög heits yfirborðs og frosinnar dökkrar hliðar. Græna húðlit barnanna skýrir hann sem hliðarverkun af neyslu þeirra á erfðabreyttum plöntum.

Þá hafa einnig verið settar fram kenningar um að börnin hafi komið frá hliðstæðum heimi en sumar kenningar ganga út á að til sé fjöldi hliðstæðra alheima, hugsanlega óendanlega margir, þar sem er jafnvel að finna plánetur sem svipar til jarðarinnar okkar.

Einnig hafa verið settar fram sögulegar skýringar á borð við þá að börnin hafi verið af ættum flæmskra innflytjenda í austanverðu Englandi en þeir komu þangað á tólftu öld og voru ofsóttir eftir að Henry II varð konungur 1154. Því hefur verið varpað fram að börnin hafi hugsanlega komið frá Fornham St Martin en þar bjuggu flæmskir innflytjendur og að þau hafi flúið þaðan þegar til átaka kom. Þau hafi verið í flæmskum fatnaði, talað flæmsku og hafi því verið mjög undarleg í augum þorpsbúa. Þau eru einnig sögð geta hafa verið með grænu veikina sem var afleiðing næringarskorts. Græna veikin hefði síðan horfið um leið og börnin fengu betri næringu.

Kenningarnar eru margar og skemmtilegar en líklega má slá því föstu að við munum aldrei komast til botns í uppruna grænu barnanna frá Woolpit.■

Þekkir þú konuna inni í hringnum?

Hjálpið okkur að finna hana!

Ef þú þekkir konuna í hringnum hjálpaðu okkur að finna hana því hún á inni vegleg verðlaun hjá okkur á DV.

Reglulega mun DV birta myndir af fólki á förnum vegi og veita því verðlaun.

Bióleikur -

Við gefum miða á Hótel Transylvanía 3: Sumarfríið

Um helgina verður nýjasta myndin um Drakúla og félaga hans forsýnd, en myndin fer í almenna sýningu þann 11. júlí næstkomandi.

Þetta er þriðja myndin, en hinar tvær hafa verið vinsælar meðal barna og foreldra þeirra. Í þeirri þriðju kemur Mavis Drakúla á óvart með því að skipuleggja fjölskylduferð á lúxus skrímsla skemmtiferðaskipi, þannig að hann geti fengið hvíld frá eigin hótelrekstri. Vinir hans og skósveinar fara með. En þegar þau leggja úr höfn, verður Drakúla ástfanginn af hinum dularfulla skipstjóra, Ericka. Nú þarf Mavis að bregða sér í hlutverk hins ofverndandi foreldris, og halda pabba sínum og Ericku frá hvoru öðru. Auðvitað er þetta samband alltof gott til að vera satt, því Ericka er í raun afkomandi sjálfs Abraham Van Helsing, erkióvinar Drakúla og allra annarra skrímsla.

Langar þig í miða á myndina? Í samstarfi við Senu gefum við 20 miða, 5 fjölskyldur eiga kost á að vinna 4 miða hver. Farðu inn á DV.is, taktu þátt í laufléttum leik og þú átt kost á að vinningi. Við drögum á mánudag.

SKJÁRÝNIRINN:

„Á eftir sjö myndir á topp 250 lista IMDB“

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is

Óskar Örn Árnason er áhugamaður um kvikmyndir og hefur ritað pistilinn Kvikmynd dagsins um árabil en hann má finna á Bíóvefnum.

„Ég á það til að grípa í sjónvarpsfjarstýringu eins og gengur og gerist og vel yfirleitt bíómyndir fram yfir þætti. Þó reyni ég að fylgjast með því besta í sjónvarpi en nú nýlega renndi ég aftur yfir allar sjö seríurnar í Game of Thrones og er núna byrjaður á The Vikings sem lofa mjög góðu en ég gaf þeim aldrei séns fyrr en nú. Ragnar Loðbrók er rosalegur töffari sem er gaman að fylgjast með í þeim þáttum. Í gegnum tíðina hef ég mest haldið upp á seríur á borð við Sopranos, Breaking Bad og The Wire en elska líka að grípa í góða Star Trek þætti. Í gríni myndi ég nefna Seinfeld sem ég get séð aftur og aftur, er mikill George-maður. Nýlega hef ég líka haft gaman af Rick and Morty og Brooklyn Nine-Nine. Mæli sérstaklega með þeim fyrrnefndu.

Ég er í raun alæta á kvikmyndir en á þó erfitt með rómantískar gamanmyndir. Ég er fæddur árið 1978 og elst því upp með myndum á borð við Stand By Me, Goonies, Ghostbusters, Gremlins og auðvitað Star Wars. Ég hef mjög gaman af ofurhetjumyndum enda safnaði ég áður fyrr teiknimyndablöðum og lét mig dreyma um myndir sem unga fólkið í dag tekur sem sjálfsögðum hlut (nú hljóma ég gamall). Ég á þrjú börn og reyni að passa vel upp á kvikmyndauppeldið. Passa að þau fái að kynnast Indiana Jones, E.T., Luke Skywalker og jafnvel Ace Ventura.

Mér finnst mjög margir horfa eingöngu á nýlegar myndir en ég hef reynt að leggja metnað í að grafa upp og horfa á gamlar myndir í bland við nýjar. Sem liður í því hef ég sett mér það markmið að horfa á allar myndirnar á topp 250 listanum á IMDB og á núna bara sjö eftir. Þetta þýðir að ég þarf stundum að setja mig í stellingar og horfa á þöglar svarthvítar myndir en oft koma þær skemmtilega á óvart eins og t.d. The Passion of Joan of Arc sem er algjört meistaraverk frá 1928. Sumir virðast dæma svoleiðis myndir fyrirfram sem leiðinlegar en raunin er oft á tíðum allt önnur.

Annars er mjög handahófskennt hvað verður fyrir valinu hverju sinni. Ég hef gaman af góðum hrylling-ingsmyndum og held mikið upp á Alien-seríuna þó þær séu vissulega misjafnar af gæðum. Gullmolar eins og Interstellar, Arrival og Blade Runner 2049 gleðja mig mikið en góðar grínmyndir hafa verið af skornum skammti undanfarin ár að mínu mati. Ég gæti haldið áfram en Masterchef er að byrja.”

Valdimar *genginn á vit ástarinnar*

Söngvarinn Valdimar svífur á vængjum ástarinnar þessa dagana, en hann og kærasta hans, Anna Björk Sigurjónsdóttir hjúkrunarnemi og flugfreyja hjá Icelandair, eru nú skráð í samband á Facebook.

Þau hafa verið saman um nokkurt skeið, en munu þó ekki búa saman, ennþá allavega. Anna Björk er sjálf listhneigð, hún æfði ballet um árabil og var í kór, þannig að parið á tónlistina sem sameiginlegt áhugamál. Athygli vakti í fyrra þegar Valdimar fór í átak og skráði sig í Reykjavíkurmaraþonið. Hann hljóp þó ekki, heldur gekk 10 km. Í ár er hann síðan genginn á vit ástarinnar og kannski mun parið fara saman í maraþonið, það kemur í ljós.

Magnús *Þór og Jenný endurnýja heit sín*

– SÚ ÁST ER HEIT

Magnús Þór Sigmundsson tónlistarmaður og Jenný Borgedóttir leikskólakennari endurnýjuðu hjúskaparheit sín í lok júní.

Í viðtali við Morgunblaðið árið 2005 sagði Magnús Þór að hann byggi með tilfinningalegum veðurfræðingi og að yrkisefni hans í tónlistinni væru gjarnan sótt í samband þeirra. „Og ég lít svo á að ætli maður að verja tíma sínum í að vera með annarri manneskju í kannski 30-40-50 ár þá verður það að vera rétt manneskja. Annars á maður að sleppa því.“

Greinilegt er að í tilviki þeirra beggja þá er hinn aðilinn rétta manneskjan. Fjölskylda og vinir fögnuðu parinu og ástinni á heimili þeirra í Hveragerði þar sem þau búa í nálægð við náttúruna.

Sjáðu úrvalið á goddi.is

MARGAR GERÐIR

Sauna- og gistitunnur ásamt viðarkyntum pottum

GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550

Bókin á náttborði Gunnars Alexanders



„Ég les mikið af bókum og er alltaf að lesa nokkrar bækur á hverjum tíma. Flestar glugga ég í við og við og tekur það því góðan tíma að klára þær. Bókin sem ég er að lesa núna heitir Ekki gleyma mér eftir Kristínu Jóhannsdóttur og fjallar um tíma hennar í Austur-Þýskalandi. Svo les ég við og við bókina Fagur fiskur í sjó eftir Ágúst Einarsson prófessor sem er stórmerkileg og fræðandi bók um sjávarútveginn og þróun hans. Síðan les ég líka við og við kafla í sænskri bók, Största brottet, sem fjallar um fórnarlömb Nasista og Quislinga í Noregi í seinni heimstyrjöldinni. Ég les alltaf sænskar og enskar bækur og ég er líka að glugga í kafla og kafla í bókinni Inequalities of Health: The Black Report eftir Peter Townsend sem er grundvallarrit um mælingu á ójöfnuði í samfélagi. Síðan var ég að kaupa Stormfugla eftir Einar Kárason og hlakka til lestursins því Einar er einn af mínum uppáhaldsrithöfundum."

FRIÐGEIR EINARSSON:

„Eyjan hans Múmínpabba er dulúðug saga. Samt gáskafull og krúttleg"

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is

Rithöfundurinn Friðgeir Einarsson hefur víða látið að sér kveða, einna helst í sviðslistum og við auglýsingagerð. Árið 2016 gaf hann út sína fyrstu bók, smásagnasafnið Takk fyrir að láta mig vita og í fyrra kom út hans fyrsta skáldsaga, Formaður húsfélagsins.

Hvaða barnabók er í eftirlæti?

„Mig minnir að sem barn hafi ég aðallega lesið teiknimyndasögur, eins og Sval & Val, Viggó viðutan, Andrés Önd og Goðheima. Fyrsta bókin sem ég man eftir að hafi rist djúpt og hreyft við mér var Bróðir minn Ljónshjarta sem mamma las fyrir mig. En ef einhver barnabók er í uppáhaldi frekar en önnur hlýtur það að vera Eyjan hans Múmínpabba. Það er dulúðug saga um meðvirkni, stjórnsemi, kvíða og leit að tilgangi í heimi án tilgangs. Samt gáskafull og krúttleg."

Hvaða bók er uppáhalds?

„Ég er alltaf tregur til að úrskurða að eitthvað eitt sé „uppáhalds", ég á mér enga eina uppáhaldsbíómynd né uppáhaldsplötu og heldur ekki uppáhaldsbók. Smekkur minn á slíku breytist nokkuð ört. En auðvitað eru nokkrar bækur betri en aðrar og nokkrir höfundar öðrum fremri. Þegar ég tala um bókmenntir þessi misserin stend ég mig oftar en ekki að því að tala um Raymond Carver. Ætli það megi ekki segja að smásagnasafnið Cathedral sé í eftirlæti hjá mér um þessar mundir."

Hvaða bók myndirðu mæla með við aðra?

„Það veltur dálítið á því um hvern ræðir og í hvaða samhengi. Meðal þeirra bóka sem ég hef lesið nýlega og haft gaman af eru The First Bad Man eftir Miröndu July, Don't Cry eftir Mary Gaitskill og Veisla í greninu eftir Juan Pablo Villalobos í íslenskri þýðingu Maríu Ránar Guðjónsdóttur. Allt kyngimagnaðar og hugvekjandi bækur."

Hvaða bók hefur lesið oftast?

„Ég forðast það jafnan að lesa bækur oftar en einu sinni, aðallega af því að ég les mjög hægt og finnst blóðugt að verja óratíma í eitthvað sem ég er búinn með. Samt hef ég lesið Útlendinginn eftir Albert Camus fjórum eða fimm sinnum, á mismunandi tungumálum og í mismunandi þýðingum. Á sínum tíma skrifaði ég útskriftarritgerð úr Háskólanum um Gæludýrin eftir Braga Ólafsson; þá hlýt ég að hafa lesið hana nokkrum sinnum. Og um daginn endurnýjaði ég kynnin við Svefnhjólið eftir Gyrði Elíasson eftir langa pásu, það var mjög ánægjulegt."

Hvaða bók breytti lífi þínu og hvernig?

„Nýlega las ég frekar leiðinlega bók um tiltektir sem varð til þess að ég tók til í fataskápnum hjá mér, fleygði gömlum lörfum og endurmenntaði sjálfan mig í að brjóta saman og raða. Sjálfsagt eru þetta áþreifanlegustu áhrifin sem stök bók hefur haft á líf mitt í seinni tíð. Á eftir fataskápnum stóð til að taka til í bókaskápnum, en þá féllust mér hendur. Það er ákaflega erfitt að henda bókum.

Hvaða bók býður þín næst til lestrar?

„Ég var að byrja á skáldsögunni Okkar á milli eftir Sally Roony í fyrirtaks þýðingu Bjarna Jónssonar. Hún fer vel af stað. Þá er ég enn að vinna á stórum búnka sem ég bar heim í vetur af bókamarkaðnum á Laugardalsvelli. Svo stendur ólesin í hillu hjá mér sexhundruð blaðsíðna bók um Jón lærða. Og þar við hliðina á nokkrar bækur sem ég hef frestað í nokkur ár að lesa, Pale Fire eftir Nabokov, Lífið notkunarreglur eftir Perec og þriðja bók í Min kamp-bálknum hans Knausgaards. Við þetta bætast bókaklúbbsbækur og ýmislegt sem safnast fyrir hjá mér. Öllu þessu þarf að sinna. Ég stórefa að mér endist ævin til þess."

BÓKAKLÚBBAR STJARNANNA –

Þær elska að lesa og mæla með góðum bókum

Það elska allir að lesa góða bók og það á líka við um stjörnurnar í Hollywood. Nokkrar þeirra hafa ákveðið að taka bókaástríðuna á næsta stig og hafa stofnað bókaklúbba við miklar vinsældir aðdáenda þeirra. Það er líka til mikillar fyrirmyndar og hvetur til bókalesturs þegar „idolið" þitt er bókaormur.

Sú þekktasta þeirra og sem segja má að hafi rutt brautina fyrir aðrar stjörnur, er Oprah Winfrey. Fyrsta bókin sem hún mælti með var The Deep End of the Ocean eftir Jacquelyn Mitchard, það var 17. september 1996. Síðan þá eru bækurnar orðnar 79 talsins og bókaklúbburinn er orðinn vörumerki og sérflokkur á heimasíðu hennar.com. Bókaklúbburinn hefur vaxið úr því að vera aðeins meðmæli Oprah með ákveðinni bók í að vera bókaklúbbur sem velur nýja bók reglulega, tekur viðtöl við höfunda, gefur lesendum lestrarleiðbeiningar og fleira. Nýjasta bókin er The Sun Does Shine: How I Found Life and Freedom on Death Row eftir Anthony Ray Hinton, en hann var laus úr fangelsi í apríl 2015 þrátt fyrir að hafa hlotið dauðadóm fyrir tvö morð þrjátíu árum áður.

Yngri leikkonurnar nýta sér samfélagsmiðlana, og þá helst Instagram fyrir sína bókaklúbba. Bókaklúbbarnir eru þó allir á Goodreads, bibliíu allra bókaunnenda.

Hin fríða Emma Watson er með bókaklúbbinn Our Shared Self, en klúbbinn stofnaði hún árið 2016 í tengslum við starf hennar við UN Women. Einu sinni í mánuði velur hún eina bók sem hún mælir með, bækurnar vekja lesandann ávallt til hugsunar og eru uppfullar af femíniskum krafti. Bókaklúbbur Emmu „hittist" líka á Goodreads og Twitter.

Reese Witherspoon byrjaði í byrjun árs 2017 að mæta með bókum á Instagram undir nafni Hello Sunshine, sem er framleiðslufyrirtæki hennar. Reese kann greinilega að velja góðar sögur, því að Gone Girl, Big Little Lies og Wild eru bækur sem hún mælti upphaflega með og hefur síðan framleitt sem kvikmyndir eða sjónvarpsþætti og leikið í.

Emma Roberts og vinkona hennar Karah Preiss, stofnuðu Belletrist, þar sem ný bók og ný bókabúð er valin í hverjum mánuði. Bloggið þeirra býður einnig upp á viðtöl við höfunda og Emmu sjálfa.

Jóhann keyrði aftan á bíl og tognaði á hálsi.

Hann fékk 3,7 m.kr. í bætur.

Lifðu lífinu - Við sækjum bæturnar.

SLYSABÆTUR.IS

Honeywell *fyrir heimilið*

Hitarar

Viftur



Rakatæki

Lofthreinsitæki

Láttu þér líða vel - Gott úrval af vönduðum tækjum

Honeywell

Ný vefverslun: www.donna.is
Erum nú á Facebook: donna ehf

Donna
Sími 555 3100 www.donna.is

DV
6. júlí 2018
26. tölublað | 108. árgangur | Leiðbeinandi verð 995 kr.
dv.is/frettaskot | askrift@dv.is | Sími 512 7000
5 690710 111124

Vill 1,5 milljónir í skaðabætur vegna fréttaflutnings

Aðalbergur Sveinsson, lögreglumaður hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, vill 1,5 milljónir króna í skaðabætur ásamt afsökunarbeiðni frá Stundinni vegna fréttaflutnings blaðsins um málefni hans. Þrjár stúlkur stigu fram í fjölmiðlum og sögðu frá meintum kynferðisarbrotum hans gegn þeim, sem þær kærðu allar til lögreglu en Ríkissaksóknari lagði aldrei fram ákærur vegna málanna. DV fjallaði um málefni stúlknanna og störf Aðalbergs innan lögreglunnar, en hann fékk 32 daga

skilorðsbundinn dóm árið 2005. Í dómsgögnum ásamt skýrslu innra eftirlitis lögreglu kom fram að Aðalbergur sagði ekki rétt frá við rannsókn málsins.

Samkvæmt frétt Stundarinnar snýst málið um lagalega skilgreiningu á orðinu naugðun, en Stundin birti í upprunarlegu frétt sinni að hann hafi fengið á sig kæru vegna nauðgunar. Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, lögmaður Aðalbergs, sendi Stundinni bréf þess efnis að hann vildi 1,5 milljónir króna og opinberlega afsökunarbeiðni innan sólahrings frá afhendingu bréfsins. Segir hann einnig: „Að þeim tíma liðnum er áskilinn réttur til þess að höfða dómsmál á hendur þér án

frekari viðvörunar.“ Stundin breytti orðalaginu úr „nauðgunarkærum“ í „kynferðisbrotakærur“ eftir að þeim barst bréfið frá Vilhjálmi.

DV hefur ekki fengið nein bréf frá Vilhjálmi H. Vilhjálmssyni vegna umfjöllunar DV um málefni Aðalbergs Sveinssonar. ■

bjartmar@dv.is

Hrafn leigir út umdeilt hús

Hjónin Jóhann Helgi Hlöðversson og Margrét Ormsdóttir, eigendur Blind Raven veitingahússins í Vatnsholti, hafa leigt hús af Hrafni Gunnlaugssyni.

Um er að ræða umdeilt hús við Helluvatn, Elliðavatnsblett 3, sem deilur stóðu um á milli Hrafns og Orkuveitu Reykjavíkur.

Málið á sér aðdraganda 90 ár aftur í tímann, til dagsins 30. júní árið 1927, þegar landeigendur Elliðavatns seldu jörðina til Reykjavíkurborgar gegn vissum skilyrðum.

Dómur féll í máli Orkuveitunnar gegn Hrafni Gunnlaugssyni þann 14. júní 2016 þar sem segir í dómsorði: „Stefnanda, Hrafni Gunnlaugssyni, eru heimil afnot af lóðinni Elliðavatnsbletti 3 í eigu stefnda, Orkuveitu Reykjavíkur, í 15 ár talið frá uppkvaðningu þessa dóms. Rétturinn er bundinn við stefnanda og fellur niður að honum látnum.“

Ekki er búið að þinglýsa leigusamningi, en í símtali við blaðamann DV staðfestir Jóhann Helgi að hann hafi leigt þetta fallega hús til næstu 14 ára.

HIRZLAN ÚTSALA

-30%

A7 RAFMAGNSBORÐ
með 2 mótorum og minnisstýringu. Fjöldi stærða og lita í boði.

Verð nú frá
69.510 kr.

30-60% af öllum vörum

-35%

SUPPORT

Verð nú frá
22.685 kr.

-50%

HIGH BOB

Verð nú frá
19.950 kr.

-30%

MYNDFORM GRAFÍK

TENTO HILLUR, SKÚFFUR OG SKÁPAR
Mikið til á lagar í eik, hvítu, beiki og svörtu.

ERT ÞÚ MEÐ VERKEFNI?
Leitaðu tilboða því við viljum allt fyrir þig gera á afmælisárinu

Hirzlan 25 ára

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN - MEÐ ÞÉR Í 25 ÁR

Síðumúla 37,
108 Reykjavík
Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is
www.hirzlan.is

ERT ÞÚ MEÐ BAKVERKI?

FAGAÐILAR MÆLA MEÐ WAGNER

ÚTSALA

35% AF ÖLLUM STÓLUM

wagner

EINU STÓLARNIR MEÐ

Dondola®

360°

WAGNER
ERGOMEDIC 100-2

MYNDFORM GRAFÍK

FAGAÐILAR MÆLA MEÐ WAGNER

SJÚKRAÞJÁLFUN ÍSLANDS

Elís Þór Rafnsson
sjúkraþjálfari

KIRO PRAKTOR STOFA ÍSLANDS

Hirzlan 25 ára

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN - MEÐ ÞÉR Í 25 ÁR

Síðumúla 37, 108 Reykjavík. Sími: 564-5040. hirzlan@hirzlan.is. www.hirzlan.is